



VESTURBYGGÐ

Aðalskipulag 2006-2018

SKIPULAGSTILLAGA



17. maí 2006

VESTURBYGGÐ

Aðalskipulag 2006-2018



LANDMÓTUN.

Yngvi Þór Loftsson
Óskar Örn Gunnarsson
Margrét Ólafsdóttir

Efnisyfirlit

1	SAMANTEKT	7
1.1	INNGANGUR	7
1.2	MARKMIÐ AÐALSKIPULAGS	7
1.2.1	Sameiginleg stefna sveitarstjórnar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps	8
1.2.2	Meginmarkmið	8
1.3	FYRIRLIGGJANDI SKIPULAGSÁÆTLANIR OG AÐRAR ÁÆTLANIR	10
1.4	SAMRÁÐ VIÐ HAGSMUNAAÐILA	11
1.4.1	Samráð við íbúa og hagsmunaaðila	11
1.4.2	Samráð við logformlega umsagnaraðila	12
1.5	AFGREIÐSLA EFTIR AUGLÝSINGU	13
1.6	KORTAGRUNNAR OG UPPDRÆTTIR	14
1.6.1	Uppdrættir	14
1.7	BREYTINGAR Á GILDANDI AÐALSKIPULAGI PATREKSFJARÐAR OG BÍLDUDALS	15
1.8	MAT Á UMhverfisÁHRIFUM SKIPULAGSTILLÖGUNNAR	16
1.8.1	Tengsl aðalskipulags við Staðardagkrá 21	16
1.8.2	Umhverfisáhrif skipulagstillögu	18
1.8.3	Samanburður skipulagstillagna	18
1.8.4	Íbúapróun	19
1.8.5	Atvinnulíf	21
1.8.6	Samgöngur	22
1.8.7	Efnistökuastaðir	23
1.8.8	Áætlanir um Skjólskóga	24
1.8.9	Verndaráætlanir	25
1.9	MATSSKYLDAR FRAMKVÆMDIR SKV. LÖGUM UM MAT Á UMhverfisÁHRIFUM	26
1.9.1	Matsskyldar framkvæmdir í Vesturbyggð	27
1.9.2	Einstakar framkvæmdir	28
1.9.3	Vegir	28
1.9.4	Frístundabyggð	30
1.9.5	Landgræðsla og skógrækt	31
1.9.6	Efnisnámur	32
1.9.7	Snjóflóðavarnir á Patreksfirði og á Bíldudal	33
1.9.8	Fólkvangur frá Kleifaheiði til Látrabjargs	34
2	SKIPULAGSÁÆTLUN, LANDNOTKUN OG ÞRÓUN BYGGÐAR	35
2.1	LÝSING AÐALSKIPULAGS	35
2.2	MEGINÞÆTTIR AÐALSKIPULAGS	35
2.3	LANDNOTKUN Í DREIFBÝLI	36
2.3.1	Meginmarkmið	36
2.3.2	Íbúðarsvæði	37

2.3.3	Svæði fyrir þjónustustofnanir	38
2.3.4	Verslunar- og þjónustusvæði.....	39
2.3.5	Iðnaðarsvæði.....	40
2.3.6	Hafnarsvæði	41
2.3.7	Efnistökusvæði	42
2.3.8	Sorpförgunarsvæði.....	46
2.3.9	Svæði fyrir frístundabyggð.....	46
2.3.10	Opin svæði til sérstakra nota.....	48
2.3.11	Óbyggð svæði	48
2.3.12	Landbúnaðarsvæði	49
2.3.13	Vötn, ár og sjór.....	51
2.4	VERNDARSVÆÐI OG NÁTTÚRUVÁ	52
2.4.1	Náttúruverndarsvæði.....	52
2.4.2	Þjóðminjaverndarsvæði	56
2.4.3	Verndarsvæði vegna neysluvatns	61
2.4.4	Verndarsvæði vegna mengunar við strendur , ár og vötn	62
2.4.5	Hverfisverndarsvæði	63
2.4.6	Svæði undir náttúruvá	66
2.5	SAMGÖNGUR OG VEITUR.....	67
2.5.1	Vegir.....	67
2.5.2	Flugvöllir.....	70
2.5.3	Gönguleiðir.....	71
2.5.4	Vatnsveita.....	73
2.5.5	Hitaveita.....	73
2.5.6	Fráveita.....	73
2.5.7	Rafveita	74
2.5.8	Fjarskipti.....	74
2.6	ÞEMAUPPDRAETTIR.....	75
3	ÞÉTTBÝLIÐ Í VESTURBYGGÐ.....	76
3.1	INNANGUR.....	76
3.2	ÍBÚÐARSVÆÐI.....	77
3.3	SVÆÐI FYRIR ÞJÓNUSTUSTOFNANIR	80
3.4	VERSLUNAR OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI	83
3.5	ATHAFNASVÆÐI	85
3.6	IÐNAÐARSVÆÐI	86
3.7	HAFNARSVÆÐI	88
3.8	SVÆÐI UNDIR FRÍSTUNDABYGGÐ	89
3.9	OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA.....	90
3.10	ÓBYGGÐ SVÆÐI	92
3.11	ÞJÓÐMINJAVERNÐARSVÆÐI.....	93
3.12	SORPFÖRGUNARSVÆÐI	93

3.13	SAMGÖNGUR	93
3.14	VEITUR	95
3.14.1	<i>Hitaveita</i>	95
3.14.2	<i>Fráveita</i>	95
3.14.3	<i>Vatnsveita</i>	95
3.14.4	<i>Rafveita</i>	96
3.15	SVÆÐI UNDIR NÁTTÚRUVÁ	96
4	HEIMILDIR	99

VESTURBYGGÐ AÐALSKIPULAG 2006-2018

Aðalskipulag þetta sem auglýst hefur verið samkvæmt 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum var samþykkt í bærarstjórn Vesturbyggðar þann *17. maí* 2006.

Orður Kristlaugar

Aðalskipulag þetta var afgreitt af Skipulagsstofnun til staðfestingar ráðherra samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum þann *15. nóv.* 2006.

Guðrún Halla Gunnarsd.
Ólafur Brynjólfur Halldórsson

Aðalskipulag Vesturbyggðar var staðfest af umhverfisráðherra þann *15.12* 2006.

Jónína Björnsdóttir
Jónbjörg Halldórsdóttir

Aðalskipulag Vesturbyggðar 2006-2018 er staðfest með fyrirvara um niðurstöður mats á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000.

1 SAMANTEKT

1.1 INNGANGUR

Nú er í fyrsta skipti unnið aðalskipulag er nær til allrar Vesturbyggðar. Aðalskipulag Vesturbyggðar 2006-2018 tekur til alls lands innan staðarmarka sveitarfélagsins, þ.e. til þéttbýlis á Patreksfirði og Bíldudal og dreifbýlis. Heildarstærð skipulagssvæðis er um 1.339 km².

Þessari greinargerð er skipt upp í þrjá meginkafla:

1. Samantekt: Þar er fjallað markmið, fyrirbyggjandi áætlanir, samráð og mat á umhverfisáhrifum.
2. Skipulagsáætlun, landnotkun og þróun byggðar. Hér er fjallað um sveitarfélagið í heild með nánari lýsingu á tillöguuppdrætti og stefnumörkun fyrir þá landnotkun sem stefnt er að á svæðinu. Hver landnotkunarflokkur hefur sinn ákveðna lit og tákn á uppdrætti og gilda þær reglur og viðmiðanir sem lýst er nánar í greinargerð.
3. Þéttbýlið í Vesturbyggð þar sem því er lýst eins og sveitarfélaginu í heild.

Forsendur aðalskipulagsins eru í fylgiskjali og nær það einnig til Vesturbyggðar. Það kemur til af því að sveitarfélögin eru bæði landfræðilega mjög tengd og þau hafa haft samráð og samvinnu um meginþætti sem varðar aðalskipulagið.

Skipulagsgögn fyrir Aðalskipulag Vesturbyggðar 2006-2018 dags. mars 2006, lagfærð 27. mars 2006 eru þessi:

Greinargerð - skipulagstillaga

Sveitarfélagsuppdráttur

Þéttbýlisuppdráttur fyrir Patreksfjörð

Þéttbýlisuppdráttur fyrir Bíldudal

Forsendur, sameiginleg greinargerð með Tálknafjarðarhreppi

1.2 MARKMIÐ AÐALSKIPULAGS

Aðalskipulag Vesturbyggðar 2006-2018 miðast við að sjá fyrir nægu landrými fyrir mismunandi starfsemi næstu 12 ár þ.e. tímabilið 2006-2018. Helsta markmið skipulagsins er að stuðla að hagkvæmri þróun byggðar á svæðinu, m.a. með því að skapa sem best skilyrði fyrir atvinnulíf og mannlíf að gera búsetu á svæðinu eftirsóknarverða.

Lögð er áhersla á eftirfarandi sérgreind markmið:

- Að stuðla að hagkvæmri þróun byggðar á svæðinu, m.a. að taka frá byggingaland fyrir vöxt þéttbýlis.
- Að stuðla að auknum og fjölbreyttum atvinnutækifærum með nægu framboði lóða undir iðnað, ferðaþjónustu og aðra atvinnustarfsemi og með aukinni nýsköpun.
- Að efla sjávarútveg í byggðalaginu.
- Að auka vægi opinberrar þjónustu.
- Að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkulinda.
- Að standa vörð um landbúnað á svæðinu til að sveitir haldist í blómlegri byggð.
- Að leita hagkvæmustu lausna í vegagerð og stuðla að umferðar- og rekstraröryggi, samtengingu byggðar, m.a. vegna skólaaksturs og atvinnu utan þéttbýlis.
- Að stuðla að bættum samgöngum í byggðalaginu með gangnagerð og gerð heilsársvega.
- Að stuðla að varðveislu náttúruminja og söguminja og annarra umhverfislegra gæða sem styrkir m.a. ferðaþjónustu.
- Að styrkja stoðir og auka vægi ferðaþjónustu á svæðinu sem byggir á sérstöðu svæðisins og fjölga gistimöguleikum.
- Að standa vörð um vernd grunnvatns sem nytjavatns fyrir íbúa og fyrir atvinnustarfsemi.
- Að stuðla að gróðurvernd og landgræðslu og að landnýting verði í samræmi við landgæði og ástand lands.
- Að stuðla að því að nýting lands, auðlinda og mannauðs sé í samræmi við markmið sjálfbærrar þróunar.

1.2.1 Sameiginleg stefna sveitarstjórnar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps

Það er sameiginleg stefna þessara sveitarfélaga að nauðsynlegt sé að skilgreina skýra atvinnumálastefnu fyrir svæðið í heild sinni til að fjölga íbúum og störfum í þessum tveimur sveitarfélögum. Bæta þarf ímynd svæðisins til þess að auðvelda framfylgni markmiða sem sett eru fram og ein af helstu forsendum fyrir efldum kjörum íbúa í Vestur-Barðastrandasýslu og betra starfsumhverfi eru bættar samgöngur í sýslunni.

1.2.2 Meginmarkmið

Fjölgun íbúa og atvinnutækifæra í sýslunni.

- Atvinnumálastefna sveitarfélaganna samþykkt og hrint í framkvæmd.

Skilgreining á ímynd svæðisins.

- Að allar atvinnugreinar sameinist um ímynd svæðisins og komi þannig fram sem sterk og samhent heild.
- Að ná að breyta ímynd svæðisins í þá veru að það sé þekkt sem nútímalegt fjölskylduvænt samfélag þar sem byggt er á gæðum byggðarlagsins og það sé eftirsóknarvert til búsetu og atvinnurekstrar.

Að bæta samgöngur sem er undirstaða alls þessa.

- Bora jarðgöng undir Dynjandisheiði úr Vatnsfirði.
- Bora jarðgöng milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar.
- Vestfjarðavegur verði gerður að heilsársvegi.

Innan atvinnumálastefnunnar eru 5 málaflokkar skilgreindir og leiðir sett fram til að ná tilætluðum árangri.

Eftirfarandi er tekið orðrétt úr atvinnumálastefnu Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps.

Ferðapjónusta:

Uppbygging í ferðapjónustu skal byggjast á sérstöðu svæðisins þar sem haldið er á lofti náttúruperlum, menningu þess og sögu. Skipulagning og samstarf þarf að aukast jafnt innan sýslunnar sem út á við. Nauðsynlegt er að koma hér upp fyrsta flokks gistingu sem myndi stórauka ferðamannastraum og opna ný tækifæri í markaðssókn fyrir svæðið í heild sinni. Ferðapjónusta í V-Barðastrandarsýslu á mikla framtíð fyrir sér ef tekst að tryggja þolinmótt fjármagn til uppbyggingar á góðri aðstöðu til móttöku ferðamanna.

Landbúnaður:

Efling landbúnaðar er hluti af uppbyggingu atvinnulífs og styrkingu byggðar í sýslunni. Nýjar búgreinar s.s. skógrækt og ferðapjónusta bænda eru til þess fallnar að auka fjölbreytni í landbúnaði og styrkja þær búgreinar sem fyrir eru. Öflugur búskapur í sveitum er styrk stoð þéttbýlisins og tryggir blómlega ásýnd svæðisins í heild, íbúum og gestum til ánægju og yndisauka.

Opinber þjónusta:

Uppbygging öflugs fræða og frumkvöðlaseturs er mikilvægur þáttur í framkvæmd atvinnumálastefnunnar. Allar atvinnugreinar munu njóta góðs af slíkri uppbyggingu og sérkenni svæðisins til lands og sjávar munu nýtast til aukinnar þekkingar og framþróunar. Aukið framboð á fjarnámi sem hægt er að stunda í heimabyggð auðveldar íbúum að sækja sér menntun og stuðlar þannig að bættri sjálfsvitund og betri hag íbúa og fyrirtækja. Opinber þjónusta skipar sífellt stærri sess í atvinnuþátttöku sveitarfélaganna með auknum flutningi verkefna til þeirra frá ríkisvaldinu og nauðsynlegt að jafnframt sé tryggt fjármagn til að unnt

sé að sinna verkefnum svo fullnægjandi sé. Gera þarf ráð fyrir að hægt sé að taka við verkefnum í opinberri stjórnsýslu frá ríkisfyrirtækjum og stofnunum.

Veiðar, vinnsla og eldi:

Aukin áhersla á rannsóknir og þróunarstarf í sjávarútvegi og tengdum greinum er ein af þeim leiðum sem vænlegar eru til að styrkja atvinnulífið í sýslunni. Nálægð svæðisins við fiskimiðin er undirstaða byggðarinnar og því nauðsynlegt að nýta alla þá möguleika sem slík nálægð býður upp á til eflingar atvinnulífsins. Aukin fullvinnsla afla, öflugt fiskeldi og rannsóknir á lífríkinu í hafinu við strendur sýslunnar eru mikilvæg atriði til fjölgunar fjölbreyttra starfa í þessum atvinnu-greinum. Miklir möguleikar eru fólgnir í eldi þar sem mikil reynsla hefur skapast í þeirri atvinnugrein í sýslunni á undanförunum árum.

Verslun, þjónusta, iðnaður:

Iðnaður í sýslunni hefur alla burði til að stóreflast ef skipulega er staðið að bættri ímynd og samkeppnisstöðu svæðisins. Leita þarf nýrra atvinnutækifæra með nýjum fyrirtækjum og öflugum nýsköpunarstarfi. Verslun og þjónusta mun eflast með fjölgun íbúa og ferðafólks samhliða bættri afkomu annarra atvinnugreina.

1.3 FYRIRLIGGJANDI SKIPULAGSÁÆTLANIR OG AÐRAR ÁÆTLANIR

Ekki hefur verið unnið aðalskipulag áður fyrir dreifbýlishluta Vesturbyggðar.

Helstu skipulagáætlanir sem liggja fyrir og eru hluti af forsendum aðalskipulagsins eru þessar:

Aðalskipulag Patreksfjarðar 1980-2000, staðfest af ráðherra 1992.

Breyting var gerð á Aðalskipulagi árin 1984, 1987, 1998 og 2003.

Aðalskipulag Bíldudals 1986-2006, staðfest af ráðherra 1993. Breyting var gerð á árinu 2004.

Unnið hefur verið deiliskipulag fyrir fjölda jarða og jarðarparta í Vesturbyggð, einkum fyrir frístundabyggð:

Deiliskipulag Hvestuvirkjunar við Fremri Hvestu við Arnarfjörð, samþykkt 2003.

Brjánslækur og Seftjörn á Barðaströnd, samþykkt 2003.

Deiliskipulag Aðalstræti 55 á Patreksfirði, íþróttahús, samþykkt 2003.

Virkjanasvæði í Hvestudal, samþykkt 2003.

Deiliskipulag landfyllingar iðnaðarsvæðis við Bíldudalshöfn, samþykkt 2004.

Fyrir sameiningu sveitarfélaganna á sunnanverðum Vestfjörðum fyrir utan Tálknafjörð voru eftirfarandi deiliskipulög unnin:

Brekkuvellir, samþykkt 1991.

Látrabjarg, staðsetning tjaldsvæðis, samþykkt 1991.
Bíldudalur-deiliskipulag, svæði innan hafnar, samþykkt 1993.

Aðrar áætlanir sem fyrir liggja fyrir svæðið eru hættumatsáætlanir vegna ofanflóða fyrir Bíldudal og Patreksfjörð sem unnar voru af Veðurstofu Íslands.

Í mars 2002 kom út Byggðaaætlun Vestfjarða sem unnin var af sveitarfélögum á Vestfjörðum þar sem settar voru fram áætlanir til að styrkja byggð á Vestfjörðum.

Í janúar 2005 kom út á vegum iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins Vaxtarsamningur Vestfjarða 2005-2008, þar sem settar voru fram tillögur verkefnisstjórnar um byggðaaætlun fyrir Vestfirði.

Meginverkefni vaxtarsamnings er að stuðla að uppbyggingu og vexti klasa og tengslaneta helstu aðila á eftirfarandi kjarnasviðum:

- 1) Sjávarútvegs- og matvælaklassi
- 2) Mennta- og rannsóknarklassi
- 3) Menningar- og ferðaþjónustuklassi

Alþingi samþykkti á 130 löggjafarþingi Náttúruverndaráætlun 2004-2008 –Aðferðarfræði. Tillögur Umhverfisstofnunar til friðlýsingar, með vísan til 65. gr. náttúruverndarlaga, nr. 44/1999, að á næstu fimm árum skuli unnið að friðlýsingu fjórtán svæða á landinu til að stuðla að traustari vernd íslenskrar náttúru og framkvæmd alþjóðlegra samninga um náttúruvernd hér á landi. Þar er lagt til að stofnaður verði þjóðgarður á sunnanverðum Vestfjörðum sem næði frá Látrabjargi að Rauðasandi.

Í mars 2004 kom út Atvinnumálastefna fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu 2004-2008, þar sem settar voru fram tillögur frá atvinnumálanefndum í sveitarfélögunum í sýslunni. Þetta var samstarfsverkefni Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps.

1.4 SAMRÁÐ VIÐ HAGSMUNAAÐILA

Haft hefur verið samráð við fjölmarga aðila sem á einn eða annan hátt tengjast þeim þáttum sem aðalskipulagið tekur til. Hér á eftir er gerð grein fyrir samráði sem skilyrt er skv. skipulagsreglugerð, gr. 3.2.

1.4.1 Samráð við íbúa og hagsmunaaðila

Haldnir hafa verið eftirfarandi fundir með íbúum og helstu hagsmunaaðilum í Vesturbyggð:

26. október 2004 í félagsheimilinu á Patreksfirði. Vinna við aðalskipulagið var kynnt og boðið upp á samráð við íbúa. Gerð var grein fyrir gagnasöfnun, vinnuferlinu, samþættingu við atvinnumálastefnu, fyrirbyggjandi áætlanir o.fl.

17. nóvember 2005 í félagsheimilinu á Patreksfirði. Kynning á tillögu að aðalskipulagi fyrir sveitarfélagið í heild og þéttbýlisstaðina Patreksfjörð og Bíldudal.

20. febrúar 2005 í félagsheimilinu á Patreksfirði. Opið hús þar sem endurskoðuð tillaga var kynnt.

21. febrúar 2005 í félagsheimilinu í Krossholti. Opið hús þar sem endurskoðuð tillaga var kynnt.

21. febrúar 2005 í félagsheimilinu í Örlygshöfn. Opið hús þar sem endurskoðuð tillaga var kynnt.

21. febrúar 2005 í félagsheimilinu í Bíldudal Opið hús þar sem endurskoðuð tillaga var kynnt.

1.4.2 Samráð við logformlega umsagnaraðila

Haft var samráð við lögformlega og aðra umsagnaraðila sem tengjast eftirfarandi efnisflokkum og tekið var tillit til athugasemda greinargerð og uppdráttum breytt þar sem við á:

- A. Landbúnaðarsvæði. Landbúnaðarráðuneytinu var send gögn varðandi afmörkun og skilgreiningu landbúnaðarsvæða í júní 2005 og í mars 2006 var tillagan send til umsagnar. Haft verður náð samráð við Skjólskóga varðandi skógrækt á landbúnaðarsvæðum.
- B. Vegir og jarðgöng. Haldnir voru samráðsfundir með Vegagerðinni á Patreksfirði varðandi vegamál á öllum stigum skipulagsvinnunnar, einkum hvað varðar námur og nýlagnir vega. Vegagerðinni var sent bréf í júní 2005 og óskað á fyrirbyggjandi skipulagstillögum og aftur í mars 2006.
- C. Náttúruverndarsvæði og hverfisverndarsvæði vegna náttúruminja. Haft var samráð við Umhverfisstofnun og var sent bréf í júní 2005 varðandi efnistöð og afmörkun náttúruverndarsvæða og skipulagstillagan sent til umsagnar í mars 2006 og var umsögn móttækin í maí 2006. Aðalskipulagstillagan var kynnt fyrir Breiðafjarðarnefnd í febrúar 2006 og var umsögn móttækin 24. mars 2005.
- D. Vatnsból, vatnsvernd og verndarsvæði strandmengunar og mengunar í ám og vötnum. Samvinna varð höfð við Náttúrufræðistofu Vesturlands og Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða og var tillagan send til umsagnar í mars 2006 varðandi öflun neysluvatns til framtíðar á svæðinu og afmörkun verndarsvæða vatnsbóla. Ennfremur um verndarsvæði vegna strandmengunar og mengunar í ám og vötnum. Sjá ennfremur lið C. Svar Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða var dags. 24. mars 2006.
- E. Fornminjaverndarsvæði og hverfisverndarsvæði vegna fornminja. Haft var samráð við Fornleifavernd ríkisins varðandi efnistöð fornminjaverndarsvæða og bréf sent í júní 2005 og aftur í mars 2006 vegna tillögu að aðalskipulagi.
- F. Kirkjugarðar. Skipulagsnefnd kirkjugarða var sent bréf í júní 2005 og aftur í mars 2006.
- G. Efnistöðusvæði. Haft var samráð við Vegagerðina og Umhverfisstofnun varðandi efnistöð og afmörkun efnistöðusvæða.
- H. Veitur. Haft verður samráð við RARIK og Orkubú Vestfjarða vegna rafveitna.

- I. Hafnarsvæði. Samráð var haft við Siglingastofnun og bréf sent í júní 2005 og aftur í mars 2006 þar sem tillaga að aðalskipulagi var kynnt.
- J. Samráð við nágrannasveitarfélög. Skipulagstillagan var í mars 2006 send Tálknafjarðarhreppi, Ísafjarðarbæ, Súðavíkurbæ og Reykhólahrepp varðandi landnotkun á mörkum sveitarfélaganna.
- K. Flugvellir. Skipulagstillagan var send í mars 2006 til Flugmálastjórnar og var svar dags. 22.mars 2006.

1.5 AFGREIÐSLA EFTIR AUGLÝSINGU

Aðalskipulagið var auglýst til sýnis á skrifstofu Vesturbyggðar og hjá Skipulagsstofnun frá 29. mars til 26 apríl 2006 og rann frestur til að skila inn athugasemdum út 11. maí 2006. Meðfylgjandi auglýsing birtist í Lögbirtingarblaðinu Bæjarins Besta, Morgunblaðinu, heimasíðu Vesturbyggðar og Landmótunar sf.

Auglýsing um aðalskipulag Vesturbyggðar 2006-2018

Samkvæmt 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum er hér með lýst eftir athugasemdum við tillögu að aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018. Skipulagsuppdættir, skýringarkort og greinargerðir munu liggja til sýnis á skrifstofu Vesturbyggðar, Aðalstræti 63 á Patreksfirði frá 29. mars 2006 til 26. apríl 2006. Ennfremur er tillagan til sýnis hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík og á heimasíðunni www.vesturbyggd.is. Athugasemdum skal skila til skrifstofu Vesturbyggðar fyrir 11. maí 2006 og skulu þær vera skriflegar. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests teljast samþykkir tillögunni.

Bæjarstjóri Vesturbyggðar
Guðmundur Guðlaugsson

Alls bárust 13 athugasemdir sem flestar tengdust vegi frá Látrabjargi og Rauðasandi sem ekki átti að vera með í aðalskipulagstillögunni. Ennfremur voru gerðar athugasemdir við hverfisvernd frá Kleifaheiði að Látrabjargi. Athugasemdir og svör við athugasemdum má finna í fylgiskjali Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018.

Athugasemdabréf bárust frá eftirfarandi 13 aðilum:

1. Sæmundur Kr. Þorvaldsson fh. Skjólaskóga á Vestfjörðum, dags. 7. apríl 2006
2. Hilmar Össurason, Löngufit 14, Garðabæ dags. Föstudaginn langa 2006
3. Borgar Þórisson Hvalskeri, dags. 28.apríl 2006
4. Tryggvi Eyjólfsson Lambavatni dags. 30. apríl 2006



Mynd 1. Frá íbúafundi í Örlygshöfn.

5. Ardís Guðrún Kristjánsdóttir, vegna Heimabæjar á Hvallátrum, dags. 7.maí 2006
6. Valtýr Eyjólfsson og Gunnar Eyjólfsson, dags. 7.maí 2006, Lambavatn neðra
7. Stjórn Bjargtanga, félags land- og sumarhúsaeigenda á Hvallátrum við Látrabjarg dags. 8. maí 2006
8. Jóna Margrét Kristjánsdóttir dags. 8. maí 2006
9. Þorvaldur Búason og Kristín Norðfjörð, eigendur jarðahluta á Hvallátrum og í Keflavík dags. 9. maí 2006
10. Hulda Kristjánsdóttir, vegna Heimabæjar á Hvallátrum, dags. 9. maí 2006
11. Jóna Guðmunda Helgadóttir f.h. stjórnar Heimabæjarlands, dags. 10.maí 2006
12. Kristín Hrefna Kristjánsdóttir, vegna Heimabæjar á Hvallátrum, dags. 10.maí 2006
13. Karl Eggertsson og Sigríður Huld Garðarsdóttir Hótel Látrabjarg, dags. 10. maí 2006

Í umsögnum í fylgiskjali kemur fram að orðið hefur við nokkrum athugasemdum sem lagfært hefur verið í aðalskipulagstillögunni. Einnig hefur landnotkun verið breytt á eftirfarandi stöðum eftir auglýsingatíma fyrir tilstillan sveitarstjórnar. Frístundabyggð merkt F1 á Bíldudal hefur verið breytt í blandaða landnotkun íbúðabyggð og frístundabyggð. Á Patreksfirði hefur frístundabyggð verið felld út og fengið í stað landnotkunina opið svæði til sérstakra nota. Svæði sem í auglýstri tillögu var merkt sem V1/S1 hefur verið breytt í blandaða landnotkun verslun og þjónusta og frístundabyggð merkt S1/F1. Mörkum hverfisverndarsvæðis við Látrabjarg hefur verið breytt samkvæmt athugasemdum Skipulagsstofnunar. Samkvæmt athugasemdum Skipulagsstofnunar nær lögsagnarumdæmi sveitarfélaga aðeins 115 m frá stórstraumsfjöru á haf út og þar með talið skipulagsvald sveitarfélaga. Forsenduhefti er sameiginlegt fyrir bæði sveitarfélögin þar sem samvinna sveitarfélaganna er mjög mikil og landfræðileg lega þeirra gefur tilefni til þess. Einnig var það eindreginn vilji beggja sveitarstjórna að hafa forsenduheftið sameiginlegt.

1.6 KORTAGRUNNAR OG UPPDRÆTTIR

Sveitarfélagsuppdráttur og skýringar- og eða þemauppdrættir eru unnin á stafræna kortagrunna frá Landmælingum Íslands í mkv. 1:50.000. Þéttbýlisuppdrættir eru unnir á stafrænan kortagrunn frá Loftmyndum ehf.

1.6.1 Uppdrættir

Auk skipulagsuppdráttar er skipulagáætlunin sett fram á nokkrum séruppdráttum til þess að skýra forsendur og helstu þætti aðalskipulagsins. Skipulagsuppdrættir eru þessir:

Nr. 1. Sveitarfélagsuppdráttur af Vesturbyggð, mkv. 1:100.000.

Nr. 2. Þéttbýlisuppdráttur af Patreksfirði, Bíldudal og Tálknafirði, mkv. 1:5.000/10.000.

Þemauppdrættir

Eftirfarandi þemauppdrættir í mkv.1:200.000 eru einvörðungu til skýringar.

I. Námur

II. Skógrækt

III. Verndarsvæði

IV. Söguminjar

V. Samgöngur

VI. Gönguleiðir

Skipulagsuppdrættir gilda ef ósamræmi er milli þemauppdráttar og skipulagsuppdráttar.

1.7 BREYTINGAR Á GILDANDI AÐALSKIPULAGI PATREKSFJARÐAR OG BÍLDUDALS .

Breytingar á aðalskipulagi Patreksfjarðar

Hér er lýst helstu breytingum frá gildandi aðalskipulagi Patreksfjarðar 1980-2000 sem nær einungis yfir þéttbýlið.

Vega- og gatnakerfi. Húsagötur sem áttu að liggja inn í nýjar íbúðarhverfi ofan Hóla og ofan Sigtúns og Hjalla eru felld út. Fyrirhuguð breyting á legu Strandgötu vestan leikskóla að Vatnseyri tekin út.

Íbúðarsvæði. Íbúðarsvæði ofan Hóla og einnig ofan Sigtúns og Hjalla eru felld niður vegna snjóflóðahættu. Iðnaðarsvæði milli Þjóðvega 62 og 63 er breytt í íbúðarsvæði. Landnotkun við Mikladalsveg er breytt úr óbyggðu svæði og íbúðarbyggð í iðnaðarsvæði.

Opið svæði til sérstakra nota fyrir ofan félagsheimili er stækkað á kostnað fyrirhugaðra íbúðarsvæða. Opið svæði milli Strandgötu og Aðalstrætis er tekið út.

Landnotkun á svæðinu austan við sjúkrahús og heilsugæslustöð, breytist úr íbúðarsvæði og óbyggðu svæði í svæði fyrir þjónustustofnanir

Athafnasvæði norðaustan við knattspyrnuvöll sem á gildandi uppdrætti er sýnt sem iðnaðarsvæði er stækkað til norðurs.

Svæði fyrir þjónustustofnanir milli Strandgötu og Aðalstrætis á Vatnseyri er tekið út.

lönaðarsvæði á Vatneyri breytist í hafnarsvæði og svæði fyrir þjónustustofnanir

Breytingar á aðalskipulagi Bíldudals

Hér er lýst helstu breytingum frá gildandi aðalskipulagi Bíldudals 1986-2006 sem nær einungis yfir þéttbýlið.

Íbúðarsvæði. Svæði ofan Dalbrautar er minnkað vegna snjóflóðahættu. Fyrirhugað íbúðarsvæði til síðari nota í landi Hóla er breytt í opið svæði til sérstakra nota.

Landbúnaðarsvæði við Litla-Eyri er breytt í íbúðarsvæði og landbúnaðarsvæði í landi Hóla breytt í opið svæði til sérstakra nota.

Svæði fyrir þjónustustofnanir við Litlu-Eyri minnkað sem og verslunar- og þjónustusvæði á sama stað.

Ríó-yfirlýsingin segir til um að mannkyninu beri réttur til að lifa heilbrigðu og auðgandi lífi í sátt við náttúruna. Hver einstaklingur á rétt á upplýsingum um umhverfið, ástand þess og aðgerðir á sviði umhverfismála sem og ákvarðanatöku er varða nánasta umhverfi hans. Réttur til þróunar skal vera með þeim hætti að komið sé af sanngirni til móts við umhverfis- og þróunarþarfir núlífandi og komandi kynslóða.

Varúðarreglan kveður á um að ekki skuli ráðast í framkvæmd sem kann að hafa alvarleg áhrif á umhverfið nema að sýnt sé fram á að hún hafi ekki slík áhrif.

Mengunarbótareglan kveður á að þeir sem spilla umhverfinu beri kostnað við mótvægisáðgerðir og bætur á þeim skaða sem þeir valda.

Nytjagreiðslureglan kveður á um að þeir sem nýta náttúrulegar auðlindir til ágóða og ánægju greiði kostnað sem til fellur við stjórn, viðhald og verndun auðlindanna.

1.8 MAT Á UMHERFISÁHRIFUM SKIPULAGSTILLÖGUNNAR

1.8.1 Tengsl aðalskipulags við Staðardagkrá 21

Með Ríó-yfirlýsingunni frá 1992, sem Ísland er aðili að, voru staðfestar nokkrar grundvallarreglur er varða samskipti manns og umhverfis, er stuðla eiga að sjálfbærri þróun. Sjálfbær þróun er sú þróun samfélags sem tekur mið af vistfræðilegum, hagrænum, menningarlegum og félagslegum þörfum núlífandi og komandi kynslóða. Í Ríó-yfirlýsingunni voru settar fram fjórar meginreglur sem styrkja ættu stoðir sjálfberrar þróunar; réttindayfirlýsingar, varúðarreglan, mengunarbótareglan og nytjagreiðslureglan. Með yfirlýsingunni voru þær skyldur lagðar á herðar ríkisstjórna að vinna að eigin framkvæmdaáætlun (Dagskrá 21) í umhverfismálum sem skylda síðan sveitarstjórnir að vinna að staðbundinni framkvæmdaáætlun sem nefnd er Staðardagskrá 21.

Í Dagskrá 21 eru nefndar 5 megináherslur sem skulu vera ráðandi við stefnumörkun og ákvarðanatöku um þróun byggðar og samfélags sem stuðli að sjálfbærri þróun. Í aðalskipulagsgerð er hægt að styðjast við þessar áherslur.¹

- o Heildarsýn og þverfagleg nálgun.
- o Virk þátttaka íbúa.
- o Vistkerfisnálgun.
- o Hnatræn sýn.
- o Langtímasýn.

¹ Skipulagsstofnun, 2003, Leiðbeiningar um gerð Aðalskipulags

Vesturbyggð er eitt þeirra sveitarfélaga sem tekið hefur þátt í gerð Staðardagskrár 21 og er eitt þeirra sveitarfélaga sem hafa tengst Staðardagskrástarfinu, t.d. staðið að kynningarfundum eða samþykkt Ólafsvíkuryfirlýsinguna, en hún var samþykkt þann 17. maí 2006.

Viðfangsefni og ferli aðalskipulags og Staðardagskrár geta í oft skarast þegar unnið er að skilgreiningu viðfangsefna og vandamála og setningu markmiða. Í framfylgd stefnunnar skiljast leiðir, því ekki er gert ráð fyrir að nákvæm framkvæmdaáætlun sé hluti af aðalskipulagi. Staðardagskrá nýtist hins vegar sem liður í því að framfylgja stefnu aðalskipulags.² Taflan hér að neðan sýnir hvaða viðfangsefni í Staðardagskrá 21 og aðalskipulags fléttast saman og hvort sveitarfélagið sé markvisst farið að framfylgja einhverju markmiðanna.

Markmið sett fram í Staðardagskrá 21	Markmið í aðalskipulagi	Framfylgd Vesturbyggðar
Fráveitumál	Ákvarða legu stofnæða fráveitukerfa	?
Úrgangur frá heimilum og fyrirtækjum	Setja reglur um sorpförgun	+
Gæði neysluvatns	Verndun grunnvatns sem nytjavatns fyrir íbúa og atvinnustarfsemi	+
Hávaða- og loftmengun	Skipuleggja byggð og samgöngukerfi þannig að loft- og hljóðmengun sé lágmörkuð	+
Náttúru- og gróðurvernd	Stuðla að varðveislu friðlýstra svæða, annarra náttúruminja og umhverfislegra gæða almennt	+
Menningarminjar	Verndun fornleifa og annarra menningarminja	-
Samgöngumál	Áfram verði unnið að lagningu bundins slitlags í sveitarfélaginu og lögð áhersla á að tengivegir fari inn á vegaáætlun.	+

+ stefnu framfylgt - stefnu ekki framfylgt ? óljóst

² Sama

1.8.2 Umhverfisáhrif skipulagstillögu

Samkvæmt 5. mgr. 9. gr. skipulags- og byggingarlaga skal leggja mat á umhverfisáhrif einstakra markmiða og ráðgerðra framkvæmda í skipulagsáætlunum.

Mikilvægt er að áhrif skipulagstillögunnar séu metin á vinnslustigi skipulagsgerðar, þ.e.a.s. fjallað sé um umhverfisáhrif áður en ákvörðun er tekin um tillögur. Þannig er stuðlað að því að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða við stefnumörkun. Umhverfismat skipulagstillögunnar getur eingöngu þjónað sem aðdragandi að mati á umhverfisáhrifum framkvæmda, en getur ekki komið í stað þess.

Í skipulagsreglugerðinni gr. 3.3 kemur fram að lýsa eigi *“þeim kostum sem til greina koma varðandi staðsetningu og útfærslu byggðar og einstakra framkvæmda og þeir bornir saman m.t.t. áhrifa á umhverfið, m.a. með tilliti til sérkenna einstakra svæða. Þetta getur átt við um tegund landnotkunar og þéttleika byggðar. Leitast skal við að nýta mat á umhverfisáhrifum mismunandi landnotkunar- og framkvæmdakosta og skipulagstillögunnar í heild til að tryggja að tillit sé tekið til umhverfissjónarmiða í skipulagstillögunni og að gætt sé samræmis við meginmarkmið skipulagstillögunnar og markmið reglugerðar þessarar.”*

Í samræmi við þessi ákvæði hefur á á skipulagsferlinum verið fjallað um mismunandi kosti varðandi staðsetningu, útfærslu og fyrirkomulag. Þeir eru síðan á grófan hátt bornir saman m.t.t. áhrifa á umhverfið t.d. út frá sérkennum einstakra svæða.

1.8.3 Samanburður skipulagstillagna

“Þegar meta á umhverfisáhrif tiltekinnar framkvæmdar eða áætlunar þarf að skilgreina þá umhverfispætti sem lagðir verða til grundvallar matinu. Með hugtakinu umhverfispáttur er átt við þá þætti umhverfisins sem framkvæmd eða áætlun getur haft áhrif á s.s. andrúmsloft, landslag, jarðmyndanir, grunnvatn, heilsa og öryggi, menningarminjar, gróður og dýr og atvinna”³

Til að auðvelda mat á einstökum markmiðum skipulagstillögunnar og samanburð á valkostum er unnt að setja matið fram í venslatöflum. Skilgreindir hafa verið fyrirfram ákveðnir umhverfispættir, sem skiptast upp í hnattræna og staðbundna umhverfispætti. Lagt er gróft mat á umhverfisáhrif einstakra markmiða skipulagstillögunnar út frá umhverfispáttunum sem gefur síðan ákveðna mynd af umhverfi skipulagssvæðisins. Með

³ Skipulagsstofnun, Leiðbeiningar um flokkun umhverfispátta, viðmið og vægi umhverfisáhrifa, drög 2005.

venslatöflum er ekki gerð ítarleg grein fyrir umhverfisáhrifum heldur eru dregnar fram meginlínur sem hægt er að taka mið af.

Hér eru nokkur atriði skoðuð nánar út frá umhverfisvísunum og settar eru upp venslatöflur til að meta umhverfisáhrif af markmiðssetningu aðalskipulagsins. Venslatöflur eru settar upp fyrir eftirfarandi markmið;

- o Íbúaþróun og þéttbýlismyndun (þéttbýli/dreifbýli).
- o Atvinnulíf
- o Samgöngur.
- o Áhrif efnistökusvæðis.
- o Áætlanir um Skjóliskóga.
- o Verndaráætlanir

Áðurtaldir vísar voru valdir með eftirfarandi í huga. Einn neikvæðasti þáttur sem fram kemur í forsendum tillögunnar er mikil fólksfækkun, en íbúum í Vesturbyggð hefur fækkað einna mest á landsvísu og því má segja að eitt af meginmarkmiðum aðalskipulagsins sé að hafa jákvæð áhrif á íbúaþróun. Þeir þættir sem hafa einna mest áhrif á íbúaþróun eru góðar samgöngur en því fylgir oft á tíðum mikil efnistaka, hagstæð atvinnuþróun á svæðinu sem og góð félagsleg og menningarleg þjónusta. Í samræmi við þetta var reynt að velja atriði sem samsvara markmiðunum.

1.8.4 Íbúaþróun

Sveitastjórnin í Vesturbyggð leggur mikla áherslu á jákvæða íbúaþróun. Forsendur fyrir að fólki fjölgi í sveitarfélaginu eru að skapa þarf skilyrði fyrir traustri búsetu í sveitarfélaginu. Fólksfækkun í Vesturbyggð hefur verið mjög mikil síðastliðna áratugi og því mikilvægt að reyna að sporna við þeirri þróun. Leggja þarf mat á kosti og galla byggðamynsturs og af því er hægt að draga ályktun varðandi íbúaþróun sveitarfélagsins. Grundvöllur aukinnar þjónustu byggist á tilteknum íbúafjölda og hagstæðri aldurssamsetningu. Aðalskipulag Vesturbyggðar gerir ráð fyrir því að Patreksfjörður verði miðstöð þjónustu í Vesturbyggð en jafnframt verði grunnþjónusta á Bíldudal.

Markmið aðalskipulags	Hnattrænin umhverfisvísar			Staðbundnir umhverfisvísar								
	Orka og auðlindir	Lofslag	Líffræðilegur fjölbreytileiki	Löf	Vatn	Jörð og jarðmyndanir	Landslag	Gróður	Dýralíf	Mannert umhverfi	Heilsa, velferð	Félags- og menningarlíf
Valkostur 1 Efling byggðar í þéttbýli í Vesturbyggð	+	+	0	+	+	-	+	+	+	0/+	+	+
Eða												
Valkostur 2 Byggð þéttist á fleiri stöðum en í þéttbýli í Vesturbyggð	--/0	0	--	0	--	--	--	0	0	0	0	0

+ jákvæð áhrif -- neikvæð áhrif 0 engin/óveruleg áhrif ? óþekkt áhrif

Niðurstaða:

Þegar umhverfisáhrif íbúapróunar eru metin vegna þróunar þéttbýlis kemur í ljós að efling núverandi þéttbýliskjarnanna hefur jákvæðari áhrif heldur en áhersla á fjölgun þeirra. Hagkvæmara er að þétta og auka núverandi byggð og stuðla þannig að betri nýtingu á núverandi þjónustu- og samgöngukerfum. Nýtingin verður betri á lögnum, minna álag á umhverfið t.a.m. með styttri gatnagerð og aukin nýting á annarri þjónustu eins og verslun. Fjárfesting sveitarfélagsins verður markvissari og hagkvæmari í uppbyggingu og rekstri, t.a.m. verður rekstur skóla hagkvæmari. Þétting núverandi byggðar hefur einnig í för með sér minni umferð bifreiða og þar af leiðandi minni mengun.

Tillagan:

Í aðalskipulagstillögunni er lögð áhersla á þéttbýlismyndun á Patreksfirði og á Bíldudal. Þó er heimil bygging stakra íbúðarhúsa á landbúnaðarsvæðum án tengsla við búskap. Markmið aðalskipulagsins er líka að stuðla að hagkvæmari þróun íbúðabyggðar í dreifbýli í Vesturbyggð.

1.8.5 Atvinnulíf

Ein af aðaláherslum sveitastjórnarinnar í Vesturbyggð er öflugt og fjölbreytt atvinnulíf sem stuðlar að jákvæðri íbúapróun og er tekjuskapandi. Margar hugmyndir hafa verið settar fram í atvinnumálastefnu fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu. Eitt af fjölmörgum verkefnum er að endurlífga Patreksfjarðarflugvöll en hann gæti þá nýst til fiskútflutnings beint á erlendan markað. Einnig gæti hann tekið á móti erlendum ferðamönnum t.a.m. þeim er tengjast Fjord Fishing verkefninu. Vert er líka að athuga hvort ekki sé grundvöllur fyrir því að styrkja hann sem sjúkraflugvöll. Bygging kalkþörungaverksmiðju á Bíldudal er annar liður í því að efla atvinnulífið á svæðinu og hefur farið í gegnum mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.

Markmið aðalskipulags	Hnatrænir umhverfisvísar			Staðbundnir umhverfisvísar								
	Orka og auðindir	Lofslag	Lífæðilegur fjölbreytileiki	Löft	Vatn	Jörð og jarðmyndanir	Landslag	Gróður	Dýralíf	Mannert umhverfi	Heilsa, velferð	Félags- og menningarlíf
Valkostur 1 Efling atvinnulífs í Vesturbyggð	0	0+	0	0	0	0	0	0	+	+	+	+
Eða												
Valkostur 2 Óbreytt ástand	0	0	0	0	0	0	0	0	0	--	--	--

+ jákvæð áhrif
áhrif

-- neikvæð áhrif

0 engin/óveruleg áhrif

? óþekkt

Niðurstaða:

Þegar umhverfisáhrif atvinnulífs eru metin kemur í ljós að efling atvinnulífs hefur óveruleg áhrif á flesta þætti en jákvæð áhrif á hagræna og félagslega þætti umhverfisins. Styrking atvinnulífs og aukin fjölbreytni í störfum hefur tvímælalaust jákvæð áhrif á samfélagið þar með auknum störfum íbúum fjölga og minni hætta á atgervisflóttu.

Tillagan:

Í aðalskipulagstillögunni er lögð áhersla á styrkingu Patreksfjarðarflugvallar og á aukið þjónustustig við ferðamenn þá sérstaklega í tengslum við Fjord Fishing verkefnið.

1.8.6 Samgöngur

Samgöngumál eru mjög mikilvæg fyrir framtíð Vesturbyggðar og kemur það fram í markmiðum um endurbætur núverandi vega og tillagna að nýrri vegagerð til að bæta samgöngur á svæðinu og tengingar við svæðið. Mikilvægt er að samgöngur séu góðar til að efla svæðið á sviði þjónustu og ferðamála. Ennfremur að efla hringleiðir innan svæðisins til að styrkja þjónustu við íbúa og ferðapjónustu.

Markmið aðalskipulags	Hnattrænin umhverfisvísar			Staðbundnir umhverfisvísar								
	Orka og audlindir	Löfslag	Líffræðilegur fjölbreytileiki	Löf	Vatn	Jörð og jarðmyndanir	Landslag	Gróður	Dýralíf	Mannert umhverfi	Heilsa, velferð og öryggi	Félags- og menningarlíf
Valkostur 1 Óbreytt vegakerfi .	+	+	0	0	0	0	0	?	?	0	0	0
Eða												
Valkostur 2 Jarðgöng frá Vatnsfirði yfir í Borgarfjörð	+	+		+	0	-	-	?	?	+	+	+

+ jákvæð áhrif

-- neikvæð áhrif

0 engin/óveruleg áhrif

? óþekkt áhrif

Niðurstaða:

Allar þær samgöngubætur sem gerðar verða á skipulagstímanum hafa ýmis jákvæð áhrif á umhverfið. Stytting akstursleiða og aukið öryggi er fjárhagslega hagkvæmara. Þróunarmöguleikar svæðisins í heild munu aukast með gerð jarðgangna. Það neikvæða er efnið sem fellur til við gerð gangnanna en það væri hægt að nota til annarra framkvæmda.

Tillaga:

Í aðalskipulagstillögunni er settar fram tillögun um úrbætur í samgöngum til og frá og Vesturbyggð sem og innan sveitarfélagsins.

1.8.7 Efnistökuastaðir

Þar sem áætluð efnistaka raskar 5 ha svæði eða stærra eða er 150.000 m³ eða meiri er háð mati á umhverfisáhrifum framkvæmda. Ennfremur þar sem fleiri en einn efnistökuastaður ná til samans yfir 50.000 m² eða stærra svæðis. Þá ber framkvæmdaraðila að tilkynna Skipulagsstofnun um fyrirhugaða efnistöku ef hún raskar 2.5 ha svæði eða stærra eða ef magn jarðefna er 50.000 m³ eða meira. Ennfremur ef um er að ræða efnistöku á verndarsvæðum. Í Vesturbyggð eru margar en fremur litlar námur og eru þær flestar við stofn- og tengivegi á landbúnaðarsvæðum. Í samráði við Vegagerðina hefur tilgreindum námum verið fækkað verulega í skipulagsvinnunni. Flestar námurnar eru malarnámur vegna vegagerðar og er frágangur jafnan auðveldur. Í töflu hér að neðan er lýst helstu áhrifum stærri námasvæða á umhverfið:

Markmið aðalskipulags	Hnattrænin umhverfisvísar			Staðbundnir umhverfisvísar								
	Orka og auðindir	Lofslag	Lífæðilegur fjölbreytileiki	Löft	Vann	Jörð og jarðmyndanir	Landslag	Gróður	Dýralíf	Mannert umhverfi	Helga, velferð og ástand	Félags- og menningarlíf
Valkostur 1 Fáir og vel skipulagðir efnistökuastaðir	0	0	+	?	+	+	+	+	+	+	?	0
Eða												
Valkostur 2 Efnistökuastaðir fleiri og dreifðari	0	0	--	?	--	--	--	--	--	--	?	0

jákvæð áhrif

-- neikvæð áhrif

0 engin/óveruleg áhrif

? óþekkt áhrif

Niðurstaða:

Út frá umhverfissjónarmiðum eru fáir en vel nýttir og staðsettir efnistökuastaðir æskilegri en margir og dreifðari. Betra er að gjörnýta einn stað en að byrja á nýjum. Með mörgum smærri er landslagi og fleiri þáttum náttúrunnar ógnað. Áður var litið svo á að við sérstakar vegafarmkvæmdir væri rétt að veita aðgang að stöðum nálægt framkvæmdastað til að stytta aksturslengdir og þar með væri hægt að draga úr mengun.

Tillaga:

Valkostur 1 fellur vel að markmiðum sveitarstjórnar að gert sé ráð fyrir sem fæstum en tiltölulega stórum efnistökusvæðum, sjá kafla 5.2.8, sem nýtt verða til varanlegrar efnistöku.

1.8.8 Áætlanir um Skjólskóga

Meðal markmiða er að efla skógrækt á svæðinu til viðarframleiðslu, útivistar, skjóls og landbóta. Sjö jarðir voru samningsbundnir verkefninu um Skjólskóga í Vesturbyggð og aðrar sjö hafa sótt um að hefja skógrækt í tengslum við Skjólskóga. Alls var skógræktarkaland þeirra jarða sem eru samningsbundnar um 239 ha.

Markmið aðalskipulags	Hnattrænir umhverfisvísar			Staðbundnir umhverfisvísar								
	Orka og auðlindir	Lofslag	Líffræðilegur fjölbreytileiki	Löft	Vatn	Jörð og jarðmundaframtíð	Landslag	Gróður	Dýralíf	Mannert umhverfi	Heilsa, velferð og ávinningur	Félags- og menningarlíf
Valkostur 1 Áætlanir um skógrækt verði framkvæmdar innan sveitar- félagsins þar sem hagkvæmt er talið	+	+	?	+	+	0	0	?	?	+	+	+
Eða												
Valkostur 2 Ræktunaráformum hætt	--	--	?	--	--	0	0	?-	?	0	--	--

+ jákvæð áhrif

-- neikvæð áhrif

0 engin/óveruleg áhrif

? óþekkt áhrif

Niðurstaða:

Þegar áhrif aukinnar ræktunar eru skoðuð út frá hnattrænum sjónarmiðum hafa rannsóknir leitt það í ljós að áhrif skógræktar á loftslag eru mun meiri en reiknað hefur verið með hingað til. Skógrækt hefur þar að auki mjög jákvæð áhrif þegar litið er á staðbundna þætti umhverfisins. Aukinn lífræðilegur fjölbreytileiki og t.a.m. fuglalíf og útivistarmöguleikar verða fjölbreyttari. Á sama tíma getur skógrækt haft áhrif á búsvæði fugla þannig að tegundasamsetning breytist. Auk þess hefur skógrækt áhrif á gæði lofts þar sem hún eykur súrefnismagn í loftinu og bindur koltvísýring svo fremur að votlendissvæði verði ekki ræst fram. Getur haft jákvæð áhrif á veðurfar t.d. með skjólmyndun.

Tillaga:

Gert er ráð fyrir aukinni skógrækt í Vesturbyggð í samráði við sveitarfélagið og Skjólskóga.

1.8.9 Verndaráætlanir

Meðal markmiða aðalskipulagsins er að stuðla að varðveislu friðlýstra svæða, annarra náttúruminja og umhverfislegra gæða almennt. Í Vesturbyggð er fjöldi merkra sögu- og þjóðminjastaða og þær minjar sem eru friðlýstar flokkast sem þjóðminjaverndarsvæði. Auk þeirra er fjöldi annarra fornminja á svæðinu sem ekki eru staðsettar. Einnig verður staðið vörð um verndun grunnvatns sem nytjavatns fyrir íbúa og fyrir atvinnustarfsemi. Með Hverfisvernd er stuðla að frekari varðveislu náttúruminja, fornleifa og annarra söguminja, sem m.a. rennir styrkari stoðum undir ferðaþjónustu á svæðinu.

Markmið aðalskipulags	Hnattrænir umhverfisvísar			Staðbundnir umhverfisvísar								
	Orka og auðlindir	Lofslag	Líffræðilegur fjölbreytileiki	Löft	Vatn	Jörð og landmundaðir	Landslag	Gróður	Dýralíf	Mannert umhverfi	Heilsa, velferð og önnur	Félags- og menningarlíf
Valkostur 1 Áætlanir um vernd verði framkvæmdar innan sveitar- félagsins.	+	+	+	+	+	+	+	+	+	0	+	+
Eða												
Valkostur 2 Verndaráætlunum hætt.	--	--	--	--	--	--	--	--	--	0	--	--

+ jákvæð áhrif

-- neikvæð áhrif

0 engin/óveruleg áhrif

? óþekkt áhrif

Niðurstaða:

Stefna aðalskipulagsins um náttúruverndarsvæði styður markmið og stefnu laga um náttúruvernd og árættar meginmarkmið aðalskipulagsins um umhverfi og minjar. Þannig styðja stefnumið aðalskipulagsins viðmið um náttúrufar með áherslu á verndun og varðveislu náttúruminja og verndarsvæði vegna grunnvatns- og strandmengunar m.a. með tillögu að fólkvangi frá Kleifaheiði að Látrabjargi og við Vesturbotn og með áherslu á náttúruvernd og útivist þar sem hrein strandlengja hefur áhrif á gildi svæðisins til útivistar og náttúruskoðunar. Stefna aðalskipulagsins um þjóðminjaverndarsvæði styður þau viðmið að vernda og varðveita menningarsögulegar minjar, sem og að auðvelda aðgang þjóðarinnar að og kynni af minjum landsins.

Tillaga: Gert er ráð fyrir að halda áfram að stuðla að varðveislu friðlýstra svæða, náttúruminja og þjóðminja og að tiltekin svæði verði tekin undir hverfisvernd.

1.9 MATSSKYLDAR FRAMKVÆMDIR SKV. LÖGUM UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 skal meta umhverfisáhrif þeirra framkvæmda sem taldar eru geta haft í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfið, s.s. lífríki, vatn, loft, jarðmyndanir, landslag, minjar og mannlíf.

Í skipulagsáætlun skal gera grein fyrir þeim framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru og háðar mati á umhverfisáhrifum. Ennfremur skal koma fram hvort mat á umhverfisáhrifum hafi þegar farið fram á einstökum fyrirhuguðum framkvæmdum og greina frá niðurstöðum þess.

Í þeim tilvikum þegar fleiri en ein matsskyld framkvæmd er fyrirhuguð á sama svæði getur ráðherra, að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og að höfðu samráði við viðkomandi framkvæmdaraðila, ákveðið að umhverfisáhrif þeirra skuli metin sameiginlega. Þær framkvæmdir sem tilgreindar eru í 1. viðauka við lög þessi skulu ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum.

Dæmi um framkvæmdir sem ávallt skulu háðar mati á umhverfisáhrifum:

1. Jarðvarmavirkjanir og önnur varmaorkuver með 50 MW uppsett varmafl eða meira og önnur orkuver með 10 MW uppsett rafafli eða meira.
2. Stofnbrautir í þéttbýli. Nýir vegir utan þéttbýlis sem eru 10 km eða lengri. Enduruppbygging vega utan þéttbýlis þar sem nýlagning samkvæmt áætlunum er a.m.k. 10 km að lengd.
3. Hafnir (viðskiptahafnir, skipgengar vatnaleiðir og innhafnir) sem skip stærri en 1.350 tonn geta siglt um.
4. Förgunarstöðvar þar sem spilliefni eru brennd, meðhöndluð með efnum eða urðuð. Aðrar förgunarstöðvar úrgangs sem meðhöndla meira en 500 tonn af úrgangi á ári.
5. Skolphreinsistöðvar með afkastagetu sem svarar til 50.000 persónueininga eða meira.
6. Efnistaka þar sem áætluð efnistaka raskar 50.000 m² svæði eða stærra eða er 150.000 m³ eða meiri. Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistöðustaður ná til samans yfir 50.000 m² svæði eða stærra.
7. Loftlínur utan þéttbýlis til flutnings á raforku með 66 ákv spennu eða hærri. Sæstrengir til flutnings á raforku með 132 kV spennu eða hærri og eru 20 km eða lengri.
8. Fiskimjöls- og lýsisverksmiðjur í þéttbýli með framleiðslugetu 1.000 tonn á sólarhring eða meiri.

Í 2. viðauka eru framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum, sbr. einnig 3. viðauka.

Eftirfarandi eru dæmi um slíkar framkvæmdir:

1. Landbúnaður, skógrækt og fiskeldi:
 - a. Framkvæmdir til endurskipulagningar á landareignum í dreifbýli sem taka til stærra landsvæðis en 20 ha.
 - b. Framkvæmdir til að leggja óræktað land eða lítt snortið svæði undir þaulnýttinn landbúnað.
 - c. Vatnsstjórnunarframkvæmdir vegna landbúnaðar, þar með taldar áveitu- og framræsluframkvæmdir á 10 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum.
 - d. Nýræktun skóga á 200 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum og ruðningur á náttúrulegum skógi.
 - e. Uppgræðsla lands á verndarsvæðum.
 - f. Pauleldi á fiski þar sem ársframleiðsla er 200 tonn eða meiri og fráveita til sjávar eða þar sem ársframleiðsla er 20 tonn eða meiri og fráveita í ferskvatn.
2. Námuðnaður:
 - a. Efnistaka þar sem áætluð efnistaka raskar 25.000 m² svæði eða stærra eða er 50.000 m³ eða meiri. Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður ná til samans yfir 25.000 m² svæði eða stærra. Efnistaka á verndarsvæðum.
3. Matvælaíðnaður:
 - a. Vinnsla á olíu og fitu úr jurtum og dýrum.
 - b. Þökkun og niðursuða á jurta- og dýraafurðum 75 tonn á dag eða meira.
 - c. Framleiðsla á mjólkurvörum 200 tonn á dag eða meira.
 - d. Öl- og maltgerð.
 - e. Framleiðsla á sætindum og sírópi.
 - f. Sláturhús.
 - g. Stöðvar til sterkjuframleiðslu.
 - h. Fiskimjöls- og lýsisverksmiðjur á verndarsvæðum; fiskimjöls- og lýsisverksmiðjur í þéttbýli með framleiðslugetu 500 tonn á sólarhring eða meiri.
4. Mannvirki til að verjast rofi á strandlengjum, t.d. með stíflugörðum, brimbrjótum, hafnargörðum og öðrum varnarmannvirkjum gegn ágangi sjávar. Landfyllingar þar sem áætluð uppfylling er 5 ha eða stærri, þó ekki viðhald og endurbygging slíkra mannvirkja.
5. Snjóflóðamannvirki

Snjóflóðavarnargarðar til varnar þéttbýli.
6. Tengibrautir í þéttbýli.

Allir nýir vegir utan þéttbýlis á verndarsvæðum og á svæðum sem eru á náttúruminjaskrá. Enduruppbygging vega utan þéttbýlis á verndarsvæðum.

1.9.1 Matsskyldar framkvæmdir í Vesturbyggð

Framkvæmdir sem hafa farið í mat á umhverfisáhrifum í Vesturbyggð eru þessar:
 200011003: Endurvinnsla og förgun úrgangs á Patreksfirði fyrir Vesturbyggð. 28.03.2001

Úrskurður Skipulagsstofnunar var á þann veg að hún féllst á staðsetningu brennslustöðvar á þeim þremur stöðum sem kynntir eru með nokkrum skilyrðum. Er því bent á úrskurð Skipulagsstofnunar frá 28. mars 2001.⁴

2002090020: Nám kalkþörungasetts úr Arnarfirði, Vesturbyggð og Ísafjarðarbæ 03.03.2003

Niðurstaða Skipulagsstofnunar var að fyrirhuguð Kalkþörungavinnsla hefði ekki í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Sjá nánar úrskurð Skipulagsstofnunar frá 3. mars 2003.⁵

Þær framkvæmdir sem aðalskipulagstillagan gerir ráð fyrir að verði matsskyldar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, ef hugmyndir sem settar eru fram í Byggðaaætlun Vestfjarða og í Vaxtarsamningi fyrir Vestfirði ganga eftir, eru eftirfarandi :

- o Styttling Vestfjarðarvegur nr. 60 frá Flókalundi að Vestfjarðarbrú
- o Styttling Vestfjarðarvegur nr. 60, Dynjandisheiði, jarðgöng 5 km, Jarðgöng úr Vatnsfirði yfir í Borgarfjörð samtals 13 km.
- o Snjóflóðavarnir á Patreksfirði.
- o Snjóflóðavarnir á Bíldudal.

1.9.2 Einstakar framkvæmdir

1.9.3 Vegir

Skipulagsáætlunin gerir ekki ráð fyrir miklum breytingum á vegakerfinu nema að hugmyndir sem settar eru fram í Byggðaaætlun Vestfjarða og í Vaxtarsamningi fyrir Vestfirði ganga eftir innan ramma skipulagstímans. Sú tillaga sem snertir Vesturbyggð beint, þar sem framkvæmdir væru að miklu leyti innan sveitarfélagamarkanna, eru göng frá Vatnsfirði yfir í Dynjandisvog. Göngin yrðu 10,8 km löng og vegstyttling yrði 12 km. Hjá Vegagerðinni er á hugmyndastigi hugsanleg vegþverun Kjálkafjarðar sem styttir leiðina um 3 km.

Aðrir kostir í vegagerð:

Hér ber helst að nefna uppbyggingu vega sem eru mikilvægar ferðamannaleiðir sbr.:

- o Uppbygging Örylgshafnarvegur úr botni Patreksfjarðar að Bjargtöngum.
- o Uppbygging Rauðasandsvegur að Lambavatni.
- o Uppbygging Kollsvíkurvegur frá vegamótum í Örylgshöfn að Láganúpi í Kollsvík.

Sú vegagerð sem myndi hafa mest áhrif á svæðið í heild sinni yrðu göng sem gerð væru frá Vatnsfirði yfir í Dyndjandisvog. Jákvæð áhrif gagnagerðar eru margvísleg þá einkum á

⁴ Skipulagsstofnun, Endurvinnsla og förgun úrgangs á Patreksfirði fyrir Vesturbyggð, 2001

⁵ Nám kalkþörungasetts úr Arnarfirði, Vesturbyggð og Ísafjarðarbæ, 2003

hagrænir og öryggislegir þættir. Í töflu hér á eftir er lýst helstu áhrifum gangnagerðar á umhverfi.

ÁHRIFABÆTTIR		Göng frá Vatnsfirði yfir í Borgarfjörð	ÁHRIF
Náttúrufar	Landslag og jarðmyndanir	Nokkur áhrif á landslag og jarðmyndanir. Nýir vegir verða felldir sem best að landslagi og hafa því frekar lítil sjónræn áhrif. Leitast verður eftir því að efnistaka til lagningu nýrra vega munu fara fram á virkum svæðum áreyra þar sem náttúrlegur framburður mun fylla á ný í efnistökusvæðin	--
	Sjór, ár, vötn og grunnvatn	Jarðgangnagerð geta haft áhrif á vatnsból og aukið gruggmyndun í ám sem liggja á framkvæmdasvæði. Áhrif munu vera mest á framkvæmdatíma.	0
	Gróður	Nokkur áhrif verða á gróður þar sem farið verður yfir gróið land. Gróið land sem hefur raskast t.d. vegna vinnubúða mun verða grætt upp.	0
	Loft- og hljóðmengun	Mun aukast á framkvæmdatíma.	0
	Önnur land-notkun	Nýir vegir sem gerðir yrðu að gangamunum geta skert beitarland og/eða ræktað land nokkurra jarða. Vegurinn mun að hluta til liggja um friðland í Vatnsfirði.	--
Samfélag	Atvinnulíf og efnahagur	Styður við byggingarstarfsemi og ýmsar greinar atvinnulífs og því efnahag almennt.	+
	Útivist og ferðapjónusta	Með bættum samgöngum eykst ferðapjónusta þar sem aðgengi að ferðamannstöðum bætist.	+
	Samgöngur og öryggismál	Jarðgöngin sem munu verða 10,8 km löng mun hafa í för með vegstyttingu upp á 12 km. Umferðaröryggi mun bætast til muna þar sem ekki verður lengur þörf fyrir að fara yfir fjallveg. Stytting ferðatíma.	+
	Byggð	Styður við byggingarstarfsemi og vegagerð og þar með ýmsar greinar atvinnulífs og efnahag.	+
	Fornminjar	Lítill sem engin enda er þess gætt að vegagerð skerði ekki fornminjar.	0
	Markmið sveitarstjórnar	Göng fellur vel að markmiðum sveitarstjórnar um bættar samgöngur til og frá svæðinu sem og innan þess.	+
		+ jákvæð áhrif -- neikvæð áhrif 0 engin/óveruleg áhrif ? óþekkt áhrif	

1.9.4 Frístundabyggð

Í Vesturbyggð eru 3 frístundabyggðir og er ein ráðgerð í Vesturbotni. Í töflu hér að neðan er lýst helstu áhrifum stærri frístundabyggðasvæða á umhverfið:

ÁHRIFAPÆTTIR		FRÍSTUNDABYGGÐ Í VESTURBOTNI	ÁHRIF
Náttúrufar	Landslag og jarðmyndanir	Nokkur áhrif á landslag og jarðmyndanir. Svæðin taka oft frekari breytingum vegna aukinnar ræktunar trjáplantna.	--
	Sjór, ár, vötn og grunnvatn	Lítill áhrif enda almennt gerðar strangar kröfur varðandi frágang rotþróa.	0
	Gróður	Nokkur áhrif verða á gróður vegna aukinnar ræktunar trjáplantna.	0
	Loft- og hljóðmengun	Lítill seem engin áhrif.	0
	Önnur land-notkun	Mörg svæðanna eru á landbúnaðarsvæðum sem skerðast því nokkuð en samdráttur hefur verið í landbúnaði.	0/--
Samfélag	Atvinnulíf og efnahagur	Styður við byggingarstarfsemi og ýmsar greinar atvinnulífs og því efnahag almennt.	+
	Útivist og ferðaþjónusta	Aukin eftirspurn eftir afþreyingu.	0
	Samgöngur og öryggismál	Lítill sem engin.	0
	Byggð	Styður við byggingarstarfsemi og vegagerð og þar með ýmsar greinar atvinnulífs og efnahag.	+
	Fornminjar	Lítill sem engin enda verði þess gætt að ný byggð skerði ekki fornminjar.	0
	Markmið sveitarstjórnar	Gott framboð svæða undir frístundabyggð fellur vel að markmiðum sveitarstjórnar.	+
		+ jákvæð áhrif -- neikvæð áhrif 0 áhrif engin/óveruleg ? óþekkt áhrif	

1.9.5 Landgræðsla og skógrækt

Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr.106/2000 skal tilkynna til Skipulagsstofnunar um skógræktaráætlanir sem taka yfir 200 ha lands eða meira eða skógræktar á verndarsvæðum sem ákvarðar matsskyldu framkvæmdanna, sbr. einnig 3. viðauka laganna. Sama á við landgræðsluáætlanir á verndarsvæðum. Skógræktaráætlanir sem eru tilkynningaskyldar eru einnig háðar framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga. Stefnt er að því að endurheimta landgæði hvarvetna á skipulagssvæðinu.

ÁHRIFABÆTTIR		LANDGRÆÐSLA OG SKÓGRÆKT	ÁHRIF
Náttúrufar	Landslag og jarðmyndanir	Töluverð sjónræn áhrif verða á landslag og jarðmyndanir, einkum á skógræktarsvæðum.	--/+
	Sjór, ár, vötn og grunnvatn	Gróður bindur vatn, en áhrif eru þó afar lítil.	0
	Gróður	Mikil áhrif verða á gróður, einkum á svæðum þar sem gróðurþekja er lítil.	+/--
	Loft- og hljóðmengun	Dregur úr loftmengun, bindur koltvíoxíð og dregur úr áhrifum ósóneyðandi efna.	+
	Önnur land-notkun	Þegar landgræðslustarf hefur borið árangur geta svæðin jafnan nýst betur til annarra nota, t.d. til landbúnaðar eða til ýmiss konar byggðar.	+
Samfélag	Atvinnulíf og efnahagur	Skógrækt eflir atvinnumöguleika, einkum þegar litið er til langrar framtíðar.	+
	Útivist og ferðapjónusta	Möguleikar aukast enda er skógur til prýði og skjóls. Aukin efnahagslegur ávinningur vegna aukinnar ferðapjónustu.	+
	Samgöngur og öryggismál	Lítill áhrif, en landgræðsla dregur úr sandfoki við vegi (og flugbrautir) þar sem það er vandamál.	+
	Byggð	Bætir skilyrði til búsetu eins og skýr dæmi eru um við Þorlákshöfn.	+
	Fornminjar	Lítill áhrif enda er þess gætt að ekki verði plantað trjám nálægt fornminjum.	0
	Markmið sveitarstjórnar	Landgræðsla og skógrækt fellur vel að markmiðum bæjarstjórnar um stöðvun sandfoks og uppgræðslu lands sbr. kafla 5.2.13.	+
+ jákvæð áhrif -- neikvæð áhrif 0 engin/óveruleg áhrif ? óþekkt áhrif			

1.9.6 Efnisnámur

Efnistaka þar sem áætluð efnistaka raskar 50.000 m² (5 ha) svæði eða stærra eða er 150.000 m³ eða meiri eru háðar mati á umhverfisáhrifum framkvæmda sbr. lög nr.106/2000, viðauka 1. Ennfremur efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökustaður ná til samans yfir 50.000 m² eða stærra svæðis. Þá ber framkvæmdaraðila að tilkynna Skipulagsstofnun um fyrirhugaða efnistöku skv. 6. gr. sömu laga og viðauka 2, þegar um er að ræða efnistöku sem raskar 25.000 m² (2.5 ha) svæði eða stærra eða ef magn jarðefna er 50.000 m³ eða meira. Ennfremur ef um er að ræða efnistöku á verndarsvæðum. Í Vesturbyggð eru 48 námur sem eru í notkun en mun fleiri eru frágengnar eða hálffrágengnar. Í flestum tilvikum er um að ræða minni námur

ÁHRIFABÆTTIR		EFNISNÁMUR ALMENNT	ÁHRIF
Náttúrufer	Landslag og jarðmyndanir	Mikil áhrif á landslag og jarðmyndanir, einkum þar sem námur eru unnar í hlíðum fjalla.	--
	Sjór, ár, vötn og grunnvatn	Lítill áhrif verða á það grunnvatn, sem nýtist sem neysluvatn. Að jafnaði er ekki gert ráð fyrir efnisnámum á vatnsverndarsvæðum í flokki I brunnsvæði og flokki II grannsvæði.	0/--
	Gróður	Lítill sem engin áhrif verða á gróður.	0
	Loft- og hljóðmengun	Lítill sem engin áhrif.	0
	Önnur landnotkun	Lítill áhrif á aðra landnotkun. Efnistaka er yfirleitt tímabundin landnotkun meðan á henni stendur, t.d. á landbúnaðarsvæðum.	0
Samfélag	Atvinnulíf og efnahagur	Nokkur áhrif á samgöngur, námur tengjast í flestum tilfellum úrbótum á vegum.	0/--
	Útivist og ferðaþjónusta	Lítill sem engin. Bættir vegir eru til hagsbóta fyrir ferðaþjónustu.	0
	Samgöngur og öryggismál	Námur munu styðja við atvinnulíf og byggingastarfsemi á svæðinu almennt.	+
	Byggð	Styður við byggingastarfsemi og vegagerð og þar með ýmsar greinar atvinnulífs og efnahag.	+
	Formminjar	Lítill sem engin enda verði tekið tillit til þeirra.	0
	Markmið sveitarstjórnar	Nægt framboð efnistökusvæða fyrir ýmiss konar byggingastarfsemi fellur vel að markmiðum bæjarstjórnar.	+
+ jákvæð áhrif		-- neikvæð áhrif	0 engin/óveruleg
			? óþekkt

1.9.7 Snjóflóðavarnir á Patreksfirði og á Bíldudal

Ráðgert er að reisa snjóflóðavarnir fyrir ofan byggð á Patreksfirði og Bíldudal á skipulagstímanum. Yfirleitt eru þessi mannvirki varnargarðar í formi leiðigarða og/eða þvergarða. Oft eru þessi mannvirki frekar stór í sniðum og hafa því mikil sjónræn áhrif á landslagið. Efnistaka er oftast en ekki innan framkvæmdasvæðisins ef nægilegt magn af efni finnst á staðnum. Vegna þessa myndast oft mikil sár í landslagið á meðan framkvæmdum stendur.

ÁHRIFABÆTTIR		SNJÓFLÓÐAVARNIR ALMENNT	ÁHRIF
Náttúrufar	Landslag og jarðmyndanir	Mikil áhrif á landslag og jarðmyndanir þar sem mannvirki sem þessi breyta ásýnd landslags.	--
	Sjór, ár, vötn og grunnvatn	Lítill sem engin áhrif þar sem vatnsból eru utan framkvæmdasvæðis. Lítill áhrif á læki en aukið magn leysingavatns og aukin snjósofnun við garða.	0/--
	Gróður	Nokkur áhrif á gróður á svæðinu innan framkvæmdasvæðis. Garðar verða græddir upp eftir að framkvæmdum lýkur.	0
	Loft- og hljóðmengun	Einhver áhrif á meðan framkvæmdum stendur eftir það engin áhrif.	0
	Önnur landnotkun	Lítill áhrif á aðra landnotkun. Efnistaka er yfirleitt tímabundin landnotkun meðan á henni stendur. Land er lítið sem ekkert nýtt nú í dag. Hönnun á gördum geta aukið útivistarmöguleika t.d. með útsýnistöðum og gönguleiðum.	0
Samfélag	Atvinnulíf og efnahagur	Aukin atvinnustarfsemi á meðan á framkvæmdum stendur.	+
	Útivist og ferðapjónusta	Varnargarðar geta aukið útivistargildi ef þeir eru rétt hannaðir.	+
	Samgöngur og öryggismál	Öryggi íbúa mun aukast til muna.	+
	Byggð	Styður við atvinnustarfsemi á staðnum og þar með ýmsar greinar atvinnulífs og efnahag. Aukið öryggi fyrir íbúa í byggðalögunum.	+
	Fornminjar	Lítill sem engin enda verður tekið tillit til minja.	0
	Markmið sveitarstjórnar	Fellur vel að markmiðum bæjarstjórnar að auka öryggi íbúa svæðisins.	+
		+ jákvæð áhrif -- neikvæð áhrif 0 áhrif engin/óveruleg áhrif ? óþekkt áhrif	

1.9.8 Fólkvangur frá Kleifaheiði til Látrabjargs

Umhverfisstofnun hefur lagt fram tillögu að náttúrverndaráætlun þar sem lagt er til að 75 svæði verði friðlýst. Um er að ræða allt land vestan þjóðveggar um Kleifaheiði að Bjargtöngum. Framan við Látrabjarg liggja mörkin 2 km út í sjó en almennt eru mörkin um 100 m út í sjó. Látrabjarg er mikilfenglegt fuglabjarg, það stærsta við Norður-Atlantshaf með stærstu álkubyggð í heimi en þar verpa að jafnaði 230.000 pör sem eru um 40-43% af evrópska stofninum. Mikið er um þjóðminjar en fyrrum var mikið útræði stundað frá Látravík og Breiðuvík. Dýralíf er fjölskrúðugt og nokkuð af sjaldgæfum plöntum⁶. Vegna aukinnar ferðamennsku á svæðinu þarf að koma í veg fyrir rask með vegagerð og átroðningi gangandi fólks í viðkvæmu landi.

ÁHRIFABÆTTIR		FÓLKVANGAR ALMENNT	ÁHRIF
Náttúrufar	Landslag og jarðmyndanir	Stuðlar að verndun.	+
	Sjór, ár, vötn og grunnvatn	Lítill áhrif verða á það grunnvatn, sem nýtist sem neysluvatn. Að jafnaði er ekki gert ráð fyrir efnisnámunum á vatnsverndar-svæðum í flokki I brunnsvæði og flokki II grannsvæði.	0
	Gróður	Helstu áhrif á gróður er út af átroðningi sem gæti fylgt aukinni ferðamennsku.	--
	Loft- og hljóðmengun	Lítill sem engin áhrif.	0
	Önnur land-notkun	Lítill áhrif á aðra landnotkun þar sem mismunandi landnotkun fær að halda sér.	0
Samfélag	Atvinnulíf og efnahagur	Aukin ferðamennska hefur jákvæð áhrif á atvinnulíf og efnahag svæðisins.	+
	Útivist og ferðapjónusta	Aukin ferðamennska.	+
	Samgöngur og öryggismál	Fleiri ferðamenn kalla á bætta samgöngur.	+
	Byggð	Styður við byggingastarfsemi og vegagerð og þar með ýmsar greinar atvinnulífs og efnahag.	+
	Forminjar	Stuðlar að verndun menningarminja.	+
	Markmið sveitarstjórnar	Fellur vel að markmiðum sveitarstjórnar um friðlýsingu svæðisins.	+
		+ jákvæð áhrif -- neikvæð áhrif 0 áhrif engin/óveruleg áhrif ? óþekkt áhrif	

⁶ Heimasíða Umhverfisstofnunar, <http://www.ust.is/media/skyrslur2003/Latrabjarg.pdf>, 05.04.2005

2 SKIPULAGSÁÆTLUN, LANDNOTKUN OG ÞRÓUN BYGGÐAR

2.1 LÝSING AÐALSKIPULAGS

Hér verður stutt samantekt um megindrætti í landnotkun á einstökum svæðum í sveitarfélaginu. Skipulagsuppdráttur fyrir sveitarfélagið í heild er í mkv. 1:100.000 og uppdrættir fyrir Patreksfjörð og Bíldudal er í mkv. 1:10.000. Auk þess eru skýringaruppdrættir aftast í greinargerðinni. Í þessum kafla er nánari lýsing á tillöguuppdrætti og stefnumörkun fyrir þá landnotkun sem stefnt er að á svæðinu. Hver landnotkunarflokkur hefur sinn ákveðna lit og tákn á uppdrætti og gilda þær reglur og viðmiðanir sem lýst er nánar í greinargerð. Vegna mælikvarða á sveitarfélagsuppdrætti eru svæði sem eru 5 ha eða minni táknud með hring en ekki afmörkuð. Núverandi starfsemi á einstökum stöðum (sbr. lýsingu) er ekki bindandi umfram ákvæði skipulags- og byggingarlaga 73/1997 og skipulagsreglugerðar.

2.2 MEGINÞÆTTIR AÐALSKIPULAGS

Miklar breytingar hafa orðið í landnotkun á síðari árum. Landbúnaður hefur minnkað til muna í allri Vesturbyggð en helsta landbúnaðarsvæðið er á Barðaströndinni. Búskapur er stundaður á 37 jörðum þá einkum sauðfjárrækt og mjólkurframleiðsla. Patreksfjörður og Bíldudalur eru helstu þéttbýlisstaðirnir í Vesturbyggð og þar er m.a. gert ráð fyrir nýjum byggingarsvæðum í framtíðinni.

Á Patreksfirði og í Bíldudal er ekki reiknað með nýjum svæðum fyrir íbúðabyggð umfram þau sem fyrir eru í gildandi aðalskipulagi enda eiga þau auðveldlega nægt fyrirhugaðri fjölgun íbúa á skipulagstímanum 2006-2018. Svæði sem ætluð eru fyrir atvinnustarfsemi og iðnaði eru rúm. Helstu atriðum í landnotkun á Bíldudal og á Patreksfirði er að öðru leyti lýst í kafla 3.

Gert er ráð fyrir aukinni aðsókn í sumarbústaðalóðir á svæðinu t.a.m. við Vesturbotn í Patreksfirði

lönaður er einkum á Patreksfirði og á Bíldudal og ber þar helst að nefna fiskiðnað. Að auki er þó nokkuð um minni iðnfyrirtæki. Verið er að reisa kalkþörungaverksmiðju á Bíldudal.

Í Vesturbyggð eru 9 svæði á náttúruminjaskrá og 3 svæði sem eru friðlýst, Vatnsfjörður og Surtarbrandsgil og svo Breiðafjörður með sérlögum.

Fjöldi sögu- og fornminja er í Vesturbyggð og eru þau mikilvægustu auðkennd á uppdrætti í flokki verndarsvæða fornminja. Alls eru 26 minjastaðir friðlýstir skv. þjóðminjalögum og auk þess er fjöldi minja sem hafa verið skráðir og njóta verndar sökum aldurs.

2.3 LANDNOTKUN Í DREIFBÝLI

2.3.1 Meginmarkmið

Hér á eftir fara sérstakar áherslur í hverjum málaflokki sem eiga við dreifbýlið í Vesturbyggð. Markmiðin eru sambærileg markmiðum fyrir þéttbýlið í Vesturbyggð en áherslur mismunandi.

Búseta og byggð

Styrkja þarf búsetu í Vesturbyggð með betri skilgreiningu á ímynd sveitarfélagsins út á við og betri samgöngum. Stefnt er að því að landbúnaður verði arðvænleg atvinnugrein og stundaður í sátt við aðrar atvinnugreinar og íbúa þéttbýlisins með það að markmiði að auka skilning á mikilvægu hlutverki landbúnaðar fyrir svæðið til í byggðalegu tilliti þannig að sveitir landsins haldist í blómlegri byggð. Styrkja þarf þéttbýlið á Patreksfirði og á Bíldudal. Lögð er áhersla á samfellda byggð. Stefnt er að heildstæðum og fallegum íbúðahverfum í góðum tengslum við útivist og þjónustu. Yfirbragð byggðarinnar skal taka mið af náttúrulegu umhverfi sínu.

Atvinnulíf

Stefnt er að þéttbýli og dreifbýli Vesturbyggðar geti boðið upp á fjölbreytt og öflugt atvinnulíf sem tekur tillit til umhverfisins. Þróun atvinnulífsins taki mið af sérstöðu byggðalaganna sem tengist að mestu landbúnaði og ferðaþjónustu og að dreifbýli Vesturbyggðar verði eftirsóttur staður fyrir ferðamenn. Stefnt er að Patreksfjörður og Bíldudalur geti boðið upp á fjölbreytt og öflugt atvinnulíf sem tekur tillit til umhverfisins. Þróun atvinnulífsins taki mið af sérstöðu byggðalaganna sem tengist sjávarútvegi og framleiðslu sjávarafurða. Stefnt er að eflingu atvinnugreina tengdum ferðaþjónustu og útivist, þannig að Patreksfjörður og Bíldudalur verði eftirsóttir staðir fyrir ferðamenn.

Félagsþjónusta

Lögð er áhersla á að uppeldis-, félags- og menningarleg sjónarmið endurspeglast í skipulagi byggðalaganna.

Umhverfi

Sveitarfélagið hefur það að markmiði að þróun og uppbygging dreifbýlisins taki mið af umhverfissjónarmiðum. Lögð verður áhersla á að uppfræða almenning og hvetja til þátttöku í endurbótum á umhverfinu.

ÍBÚÐARSVÆÐI

Á íbúðarsvæðum skal fyrst og fremst vera íbúðarhúsnæði. Þar má þó einnig gera ráð fyrir starfsemi sem eðlilegt er að þar sé þjónusti íbúa viðkomandi hverfis, s.s. verslun, hreinlegum iðnaði, handiðnaðarfyrirtækjum, þjónustustarfsemi og leiksvæðum, eða annarri starfsemi sem hvorki er ætlað að muni valda óþægindum vegna lyktar, hávaða eða óþrifnaðar né draga að sér óeðlilega mikla umferð.



Mynd 2. Krossholt á Barðaströnd.

Samgöngur

Við skipulag umferðarkerfis er stefnt að því að auka öryggi í samgöngum í dreifbýli Vesturbyggðar með áframhaldandi uppbyggingu vega. Lögð er áhersla á einfalt og öruggt gatnakerfi sem stuðlar að lágmarks mengun. Lögð verði áhersla á öruggar gönguleiðir til og frá skóla.

2.3.2 Íbúðarsvæði

Markmið:

- Stuðlað verður að hagkvæmri þróun íbúðabygginga í dreifbýli í Vesturbyggð.

Leiðir:

- Komið verði til móts við mismunandi þarfir íbúa með fjölbreyttu framboði íbúðagerða og lóða.

Lítill ásókn hefur verið í íbúðarhúsalóðir í sveitarfélaginu á undanförunum árum og ekki er gert er ráð fyrir fjölgun lóða í einstökum kjörnum í dreifbýli. Helstu svæðin eru í námunda við Krossholt. Í Krossholti eru nú 9 íbúðarhús, skólahús og félagsheimili. Verði þörf fyrir fleiri lóðir vegna íbúðarbygginga þá eru 3 lausar lóðir innan núverandi byggingarsvæðis. Í töflu hér að neðan er yfirlit yfir íbúðarsvæðin í Vesturbyggð:

Í stefnumörkun þessa aðalskipulag er gert er ráð fyrir að auka þéttleika þannig að 10-12 íbúðir og fleiri verða á ha. Fyrir dreifbýli er æskilegt að hafa eftirfarandi töflu um nýtingarhlutfall eftir húsagerðum til viðmiðunar þegar unnið er deiliskipulag eða það endurskoðað.

Húsagerðir	Íbúðir / ha	nýtingarhlutfall
Einbýlishús	10 - 12	0,20 - 0,4
Raðhús	15 - 25	0,35 - 0,6

Nr	Heiti svæðis	Lýsing	Fjöldi lóða	Þéttleiki byggðar (lóðir/ha)
1	Krossholt	Gert er ráð fyrir íbúðabyggingu á um 1,3 ha svæði, en þegar hafa verið byggt á 9 lóðum. Lóðarstærðir eru frá 940-1470 m ²	12	10

SVÆÐI FYRIR ÞJÓNUSTUSTOFNANIR

Á svæðum fyrir þjónustustofnanir er gert ráð fyrir stofnunum og fyrirtækjum sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið. Til þeirra teljast m.a. menntastofnanir, trúarstofnanir, menningarstofnanir, félagslegar stofnanir og aðrar þjónustustofnanir ríkisins. (Sjá einnig gr. 4.3 í skipulagsreglugerð).



Mynd 3. Frá Byggðasafninu að Hnjóti

2.3.3 Svæði fyrir þjónustustofnanir

Markmið:

- Stuðlað verði að þjónustustarfsemi í dreifbýli til að renna styrkari stoðum undir byggð á svæðinu.
- Gert er ráð fyrri að starfsemi núverandi þjónustustofnana geti eflst og vaxið, eins og nánar verður skilgreint í deiliskipulagi.

Leiðir:

- o Bætt aðgengi að þjónustustofnunum til að auka nýtingu á einstökum stofnunum.
- o Markaðsetning íþróttamannvirkja og félagsheimila fyrir æfingabúðir, ráðstefnur og ættarmót.

Margar þjónustustofnanir í dreifbýli eru háðar sérstökum skilyrðum í lögum eða samningum, s.s. sóknarkirkjur, félagsheimili, meðferðarheimili og skólar. Notkun á landi sem tilheyrir hlutaðeigandi stofnunum er háð samþykktu deiliskipulagi. Í dreifbýli Vesturbyggðar eru eftirfarandi þjónustustofnanir og eru þær táknðar með appelsínugulum lit og númeri á skipulagsupprætti.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing	Jörð/jarðir
S1	Brjánslækur	Kirkjustaður. Timburkirkja reist árið 1908. Friðlýst.	Brjánslækur
S2	Krossholt	Grunnskóli við Birkimel og félagsheimili. Lóð 4 ha.	Krossholt
S3	Krossholt	Sundlaug. Lóð 0,5 ha.	Krossholt
S4	Hagi	Kirkjustaður. Timburhús reist 1892. Friðlýst.	Hagi
S5	Saurbær	Kirkjustaður. Timburhús reist 1855-1859. Friðlýst.	Saurbær
S6	Breiðavík	Kirkjustaður. Kirkjan sem nú stendur í Breiðuvík var vígð árið 1964.	Breiðavík
S7	Örlygshöfn	Félagsheimili	Tunga
S8	Hnjótur	Minjasafn og flugminjasafn.	Hnjótur

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing	Jörð/jarðir
S9	Sauðlauksdalur	Kirkjustaður. Timburhús reist 1863. Friðlýst.	Sauðlauksdalur
S10	Sandoddi	Flugvallarbygging	Sauðlauksdalur
S11	Brautarholt	Safn.	Brautarholt
S12	Selárdalur	Kirkjustaður. Timburhús reist 1862. Friðlýst.	Selárdalur
S13	Fossfjörður	Flugvallarbygging	Bíldudalur
S14	Reykjafjörður	Sundlaug. Sundlaugarhús reist 1987 samtals 15 m ²	Reykjafjörður

VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI

Á verslunar- og þjónustusvæðum skal einkum gera ráð fyrir verslunum og þjónustustarfsemi, m.a. ferðapjónustu. (Sjá einnig gr. 4.5 í skipulagsreglugerð).

2.3.4 Verslunar- og þjónustusvæði

Markmið:

- Stuðlað verði að auknum atvinnutækifærum á sviði verslunar og þjónustu. Gert er ráð fyrir að svæðin geti eflst og þannig rennt styrkari stoðum undir byggð á svæðinu.
- Að auka þjónustu og afþreyingu fyrir ferðamenn á svæðinu.

Leiðir:

- o Uppbygging ferðamannastaða og skilgreining verndarsvæða kalla á aukna þjónustu á svæðinu..
- o Að vinna að því að efla vitund sveitarstjórnarmanna og heimamanna um mikilvægi ferðapjónustunnar.
- o Að leitað verði eftir nýjum tækifærum á sviði viðskiptatengdrar ferðapjónustu.
- o Að fjölga gistimöguleikum innan svæðisins.



Mynd 4. Hvallátur.

Hér á eftir er yfirlit yfir staði í flokki verslunar- og þjónustusvæða í sveitarfélaginu og tilgreint hverskonar starfsemi fer fram á þeim í dag sem ekki er bindandi umfram ákvæði skipulags- og byggingarlaga og skipulagsreglugerðar. Á uppdrætti fá verslunar- og þjónustusvæði gult tákn og númer.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
V1	Flókalundur	Á svæðinu er orlofshúsabyggð og hótél, veitingar, lítil ferðamannaverslun og bensínafgreiðsla. Verslunar og þjónustulóð eru samtals 7,8 ha.
V2	Rauðsdalur	Bændagisting og verkstæði.
V3	Krossholt	Ferðaðþjónusta, gisting
V4	Ytri-Múli	Bensínafgreiðsla.
V5	Breiðavík	Ferðaðþjónusta, tjaldstæði, veitingar og veiði.
V6	Hænuvík	Ferðþjónusta, gisting
V7	Örlygshöfn	Ferðaðþjónusta, gisting
V8	Otradalur	Ferðaðþjónusta, gisting

2.3.5 Iðnaðarsvæði

Markmið:

- Stuðlað verði að uppbyggingu iðnaðarsvæða til að renna styrkari stoðum undir byggð á svæðinu.
- Stuðlað verði að frekari rannsóknum á nýtingarmöguleikum jarðhita.

Leiðir:

- o Sveitarstjórnir hafi frumkvæði um jarðhitaleit..
- o Hafin verði athugun á því hvort mögulegt sé að fjölga smávirkjunum.

IÐNAÐARSVÆÐI

Á iðnaðarsvæðum er fyrst og fremst gert ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem getur haft í för með sér mengun, s.s. fiskeldisstöðvar, veitustöðvar, skólpælu- og hreinsistöðvar, verksmiðjur og virkjanir. Íbúðir eru ekki heimilar á iðnaðarsvæðum. (Sjá einnig gr. 4.7 í skipulagsreglugerð).



Mynd 5. Spennivirki í Mikladal.

HAFNARSVÆÐI

Á hafnarsvæðum tengist landnotkun fyrst og fremst hafnsækinni starfsemi, s.s. útgerð, fiskvinnslu og starfsemi tengdri sjóflutningum og viðgerðum. (Sjá einnig gr. 4.8 í skipulagsreglugerð).

Íðnaðarsvæði á svæðinu utan þéttbýlis eru Hvestuvirkjun og mannvirki tengd henni sem og Íðnaðarlóð á Krossholti. Kanna þarf möguleika á því að fjölga smávirkjunum á skipulagssvæðinu í samvinnu við orkufyrirtæki.

Auk þess er gert ráð fyrir rúmum iðnaðarsvæðum á Patreksfirði og á Bíldudal eins og fjallað verður um í kafla 3.6. Íðnaðarsvæði eru táknud með dökkgráum lit og númeri á skipulagsupprætti.

Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
I1	Hvestuvirkjun	1.4 Mw virkjun í Hvestudal í Arnarfirði og spennustöð tengd henni. Aðveitustöð í Bíldudal.	Fremri Hvesta
I2	Krossholt	2 iðnaðarlóðir. 2 ha iðnaðarlóð, byggingar samtals 282,7 m ² . 1 ha iðnaðarlóð byggingar samtals 118,9 m ²	Kross-holt
I3	Hvammsholt	1 iðnaðarlóð, stærð lóðar 0,5 ha, byggingar samtals 150 m ²	Tunga
I4	Miklidalur	Spennivirki	Miklidalur
I5	Miklidalur	Svæði fyrir skreiðarhjalla	Miklidalur

2.3.6 Hafnarsvæði**Markmið:**

- Stuðlað verði að betri nýtingu núverandi hafnaraðstöðu og aðstöðu til úrvinnslu sjávarfangs.
- Aðstaða til ferjusiglinga um Breiðarfjörð verði styrkt.

Leiðir:

- o Hafnarmannvirki nýtist bæði fyrir sjávarútveg og ferjusiglingar.
- o Að lækka flutningskostnað með því að lækka álögur hins opinbera á flutningastarfsemi.

Eitt hafnarsvæði eru í dreifbýli Vesturbyggðar og er það táknad með dökkbláum lit og númeri á skipulagsupprætti:



Mynd 6. Höfnin á Brjánslæk

Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
H1	Brjánslækur	Smábáta- og ferjuhöfn fyrir Baldur. Bryggjukantar 78 m, lengd bryggju 43 m. Mesta dýpi við bryggju 4m.	Brjánslækur
H2	Örlygshöfn	Bátahöfn. Lengd bryggju 60 m.	Tunga

2.3.7 Efnistökusvæði

Markmið:

- Séð verði fyrir nægu framboði efnistökusvæða fyrir ýmiss konar framkvæmdir og byggingastarfsemi.
- Almennt er gert ráð fyrir sem fæstum en tiltölulega stórum efnistörustöðum.
- Öll efnistaka er framkvæmdaleyfisskyld og er stefnt að því að allar námur hafi framkvæmdaleyfi.

Leiðir:

- o Við veitingu framkvæmdaleyfis verði sett skilyrði um skipulega nýtingu, góða umgengni og frágang að vinnslu lokinni..
- o Þær námur sem eru skilgreindar í aðalskipulaginu eru til mismunandi nota og uppfylla fyrirhugaðar þarfir á skipulagstímanum.
- o Framkvæmdaleyfi. Sækja þarf um framkvæmdaleyfi fyrir efnisnánum til sveitarstjórnar, í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Leyfið er ennfremur háð ákvæðum náttúruverndarlaga nr. 44/1999 og laga nr. 57/1998 og skal leita umsagnar Náttúruverndar ríkisins og náttúruverndarnefndar áður en framkvæmdaleyfi er gefið út. Leyfi embættis veiðimálastjóra þarf fyrir efnistöku sem getur haft áhrif á lífríki í ám og vötnum. Þá veita heilbrigðisnefndir starfsleyfi fyrir vinnslu jarðefna, sbr. Reglugerð nr 785/1999, m.s.br. um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Eiganda

EFNISTÖKUSVÆÐI

Efnistörustaðir eru svæði þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka utan þéttbýlis, s.s. malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám. (Sjá einnig gr. 4.9 í skipulagsreglugerð).

eða umráðamanni eignarlands er þó heimil án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota, nema um sé að ræða jarðmyndanir og vistgerðir sem njóta verndar skv. 37. náttúruverndarlaga, sbr. 47. gr. sömu laga.

- o Áætlun um vinnslu. Landeigendur og sveitarstjórn geri áætlun um efnistöku í samræmi við gildandi lög. Skv. 48. gr. náttúruverndarlaga skal áður en framkvæmdaleyfi er veitt liggja fyrir áætlun námuréttarhafa um væntanlega efnistöku þar sem m.a. skal gerð grein fyrir magni og gerð efnis, vinnslutíma og frágangi efnistökusvæða.
- o Mat á umhverfisáhrifum. Þar sem áætluð efnistaka raskar 50.000 m² (5 ha) svæði eða stærra eða er 150.000 m³ eða meiri eru háðar mati á umhverfisáhrifum framkvæmda sbr. lög nr.106/2000, viðauka 1. Ennfremur efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökustaður ná til samans yfir 50.000 m² svæði eða stærra. Þá ber framkvæmdaraðila að tilkynna Skipulagsstofnun um fyrirhugaða efnistöku skv. 6. gr. sömu laga og viðauka 2, þegar um er að ræða efnistöku sem raskar 25.000 m² (2.5 ha) svæði eða stærra eða ef magn jarðefna er 50.000 m³ eða meira. Ennfremur ef um er að ræða efnistöku á verndarsvæðum.

Á töflu hér á eftir er yfirlit yfir námur á skipulagssvæðinu og eru þær teiknaðar með númeri og brúnum lit á skipulagsupprætti. Námurnar eru allar í vinnslu, nema annað sé tekið fram. Eftirfarandi yfirlit yfir efnistökusvæði er sett fram með fyrirvara um framkvæmdaleyfi, sem í fæstum tilvikum liggur fyrir. Ekki liggur fyrir efnistökumagn eða stærð vinnslusvæðis frá framkvæmdaraðila. Í aðalskipulagsvinnunni var markvisst reynt að fækka námum í samráði við Vegagerðina á Patreksfirði. Námum hefur verið fækkað úr 46 (sjá töflu 1 í forsenduhefti) í 25 eins og sjá má í töflu hér neðar.

Almennar leiðbeiningar um efnistöku og val á efnistökustað:

Eftirfarandi kom fram í skýrslunni "Námur. Efnistaka og frágangur" sem gefin var út af nokkrum opinberum aðilum sem koma að efnistökumálum árið 2002.

Við val á efnistökusvæði er mikilvægt að velja efni úr þeirri gerð jarðmyndunar sem best hentar fyrirhuguðum notum á efninu...Efnistaka getur breytt jarðmyndunum og gróðri varanlega. Hún getur einnig verið lýti á landi á meðan á henni stendur. Ef efni hefur verið numið úr jarðmyndunum sem eru sérstæðar eða ef illa er gengið frá efnistökusvæði þegar efnistöku lýkur, verður náman áfram til lýta. Þess vegna er mikilvægt að vanda val á efnistökusvæði og skipuleggja það vel áður en hafist er handa. Þannig má stýra þeirri óhjákvæmilegu röskun sem fylgir efnistöku þannig að sýnileg áhrif efnistökunnar verði sem minnst að frágangi loknum..

Þegar efnistökusvæði er valið þarf að hafa í huga:

- Hver efnistökupörfin er.
- Að líta þarf á jarðefni sem auðlind og nýta efni til þess sem það er best til fallið.

- Að efnistakan sé á landi sem ekki hefur hátt verndargildi.
- Að landslagsheildin þoli efnistöku án þess að svipmót hennar raskist.
- Að kleift sé að ganga ásættanlega frá efnistökusvæði þegar efnistöku lýkur.
- Að efnistökusvæði sé lítt sýnilegt frá fjölförnum stöðum, sérstaklega ef efnistökusvæðið verður opið í einhvern tíma.
- Að efnistaka sé í samræmi við gildandi skipulagsáætlun.
- Að efni sé valið úr þeirri gerð jarðmyndunar sem hentar notum á efninu og að vegalengd frá efnistökusvæði að framkvæmdastað sé innan hóflegra marka.
- Að þess sé gætt að efnistaka úr ám og sjó valdi ekki hættu á landbroti, hvorki úr árbökkum né strandlengju.

Ef vinnslutími er stuttur er æskilegt að velja efnistökusvæði fyrst og fremst með tilliti til þess hversu auðvelt er að ganga frá að efnistöku lokinni á kostnað annarra þátta eins og sýnileika frá fjölförnum stöðum. Ef fyrirhugað er að efnistaka taki lengri tíma, eða ef efni er tekið úr jarðmyndunum sem erfitt getur verið að lagfæra, þá ætti að velja efnistökuastað þar sem efnistaka er sem minnst áberandi frá alfaraleið og úr jarðmyndunum sem ekki þykja sérstæðar. Einnig þarf að huga vel að staðsetningu efnistökusvæða, þar sem hávaði, ryk og önnur mengun eða óþægindi geta fylgt efnistökunni.

Þegar efnistökusvæði hefur verið valið þarf að skipuleggja eftirfarandi áður en efnistaka hefst:

- Námusvæðið í heild sinni, tilhögun efnistöku, vinnslutímabil og áfangaskiptingu efnistökkunnar.
- Tilhögun landmótunar og frágangs efnistökusvæðis að efnistöku lokinni.
- Uppgræðslu efnistökusvæðis þar sem það á við.

Ofangreind atriði þurfa að liggja fyrir áður en efnistaka hefst og koma fram í áætlun um efnistöku ...

Námur í Vesturbyggð

Í aðalskipulagsvinnunni hefur verið leitast við að fækka námum. Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir efnistöku á eftirfarandi svæðum. Ekki er um að ræða efnistöku sem heyrir undir lög um mat á umhverfsáhrifum (106/2000) vegna tilkynningaskyldu eða matsskyldu. Stærðarmörk þessara svæða miðaðst því við allt að 25.000 m² svæði eða 50.000 m³ magni. Flestar námur í sveitarfélaginu eru nýttar til vegagerðar.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing/Staða skipulags	Jörð
E1	Kjálkafjarðará	Setnáma/ framtíðarnáma	Auðshaugur
E2	Barkará/Þverá	Setnáma/ framtíðarnáma	Auðshaugur
E3	Auðshaugur	Setnáma/ framtíðarnáma	Auðshaugur
E4	Uppsálir	Bergnáma/ framtíðarnáma	Uppsálir
E5	Fjarðarhorn	Setnáma/ framtíðarnáma	Brjánslækur
E6	Brjánslækur	Setnáma	Brjánslækur 1
E7	Hamar	Setnáma/ framtíðarnáma	Rauðsdalur-Efri
E8	Haukaberg	Setnáma/ framtíðarnáma	Haukaberg
E9	Keflavíkurvegur	Setnáma	Hvallátur
E10	Hafnarfjall (Aurholt)	Setnáma	Óþekkt
E11	Hænuvíkurháls	Setnáma	Hænuvík?
E12	Gjögraholt	Setnáma	Tunga
E13	Mosdalur	Setnáma	Vatnsdalur
E14	Skápadalur	Setnáma	Skápadalur
E15	Seljagil	Setnáma	Vesturbotn
E16	Miklidalur	Setnáma	Óþekkt
E17	Hálfðánarvatn	Bergnáma/ framtíðarnáma	Litla-Eyri
E18	Seljadalsá	Setnáma	Litla-Eyri
E19	Móanes	Setnáma	Selárdalur
E20	Auðihrísdalur	Setnáma	Auði-Hrísdalur
E21	Hrísdalur	Setnáma	Auði-Hrísdalur
E22	Reykjafjörður	Reykjafjörður	Reykjafjörður-neðri
E23	Seljadalsvatn	Setnáma/ framtíðarnáma	Sperðlahlíð
E24	Sandoddi	Sandnáma	Hvalsker
E25	Mikladalsá	Slitslagsnáma	Hvalsker

SORPFÖRGUNARSVÆÐI

Á sorpförgunarsvæðum fer fram förgun sorps og annars úrgangs. Sorpförgunarsvæði eru starfsleyfis skyld og umhverfismatsskyld. Móttöku- og flokkunarstöðum fyrir sorp verður komið fyrir á landbúnaðarsvæðum og svæðum fyrir frístundabyggð og teljast eðlilegur hluti þeirrar landnotkunar. (Sjá einnig gr. 4.10 í skipulagsreglugerð).

SVÆÐI FYRIR FRÍSTUNDABYGGÐ

Til frístundabyggðar teljast sumar- og orlofshúsasvæði, auk veiðihúsa og samsvarandi byggð sem ekki er ætluð til heilsársbúsetu. Til frístundahúsa teljast einnig fjallaskálar, gangnamannaskálar og neyðarskýli. (Sjá einnig gr. 4.11 í skipulagsreglugerð).

2.3.8 Sorpförgunarsvæði

Markmið:

- Leita skal hagkvæmra leiða til að draga úr umfangi sorps.
- Unnið verði að endurnýtingu og endurvinnslu þar sem það er mögulegt. Áhersla verður lögð á jarðgerð lífræns úrgangs.

Leiðir:

- o Sveitarfélagið finni hagkvæmustu lausn á sorpeyðingarmálum.*
- o Íbúum verði gert auðveldara fyrir með flokkun sorps. Sorpgámum verði komið fyrir á völdum stöðum í dreifbýli.*

Ekkert sorpförgunarsvæði er innan Vesturbyggðar og er því hér einungis um skilgreiningu á fyrirkomulagi hennar.

Sorpförgun í Vesturbyggð

Sorpförgun í Vesturbyggð er með nýju fyrirkomulagi sem hófst haustið 2004, sem eftir er að fá reynslu af. Sorp er allt flutt í burtu og er því safnað saman á Patreksfirði það pressað í pressugámum og flutt til Ísafjarðar til endurvinnslu í sorpendurvinnslustöðinni Funa. Brotajárni er safnað saman á Patreksfirði og flutt suður í endurvinnslu. Spilliefnum er safnað saman og þau flutt suður. Það sem eftir er þ.e. óbrennanlegir hlutir sem ekki er nýtanlegir í brotajárn eru fluttir burtu úr sveitarfélaginu til urðunar.⁷

2.3.9 Svæði fyrir frístundabyggð

Markmið:

- Gæta skal umhverfissjónarmiða við skipulagningu nýrra svæða fyrir frístundabyggð.
- Ný sumarhúsasvæði eru deiliskipulagsskyld og stærð og þéttleiki nýrra svæða skal kveðið á um í deiliskipulagi. Frekari uppbygging á eldri frístundabyggðarsvæðum verður háð því skilyrði að hún verði í samræmi við skipulag.
- Á nýjum svæðum eru lóðir jafnan stærri en 0,25 ha en að öðru leyti skal kveðið á um þéttleika byggðar í deiliskipulagi.

⁷ Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, Anton Helgason, munnleg heimild.

Leiðir:

- o Áður en deiliskipulagsvinna hefst skal gera úttekt á forminjum á viðkomandi svæði og leita umsagnar Fornleifaverndar ríkisins.*
- o Vesturbyggð mun hafa frumkvæði að bjóða upp á lóðir undir frístundabyggð..*

Skipulagsáætlunin sýnir frístundabyggð með ljósfjólubláum lit og eru aðeins sýnd þau svæði þar sem gert er ráð fyrir 4 eða fleirum húsum á samfelldu svæði innan sömu jarðar. Öll veiðihús og orlofshúsabyggð eru felld undir frístundabyggð og auðkennd á sveitarfélagsuppdrætti. Á landbúnaðarsvæðum er heimilt að reisa allt að 3 frístundahús án þess að breyta þurfi aðalskipulagi.

Í töflu hér á eftir er yfirlit yfir frístundabyggðarsvæði. Svæði sem eru auðkennd með hringtákn á skipulagsuppdrætti geta verið allt að 5 ha að stærð. Tilgreindar eru stærðir lóða og svæða, auk þess er getið hvaða lóðir og svæði hafa fengið deiliskipulagslega meðferð.

Svæði undir frístundabyggð eru þessi:



Mynd 7. Sumarhúsabyggð við Flókalund..

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
F1	Brjánslækur 2	Á lóð 1 er sumarhúsa- og orlofsbyggð sem tekur til 16 lóða. Þar af 13 orlofshús, þjónustumiðstöð, sundlaug og búningasklefar. Stærð svæðis 10 ha. Á lóð 2 er skráð skv. Fasteignamati ríkisins 5 ha frístundabyggðalóð.
F2	Hvallátur	Sumarhúsabyrping sem samanstendur af 11 húsum. Nokkrum uppgerðum eldri húsum og nýrri bjálkahúsum
F3	Vesturbotn	Tillaga að deiliskipulagi þar sem gert er ráð fyrir 24 lóðum og er svæðið um 40 ha. Samkvæmt deiliskipulagi er utan við náttúrulegt kjarlendi.
F4	Selárdalur	Samkvæmt drögum að deiliskipulagi þá er lýsing svæðanna eftirfarandi: Svæði A við ströndina 7 hús, 3 eru þegar fyrir. Lóðir á svæði A verða ekki stærri en 400-500 m ² og hús ekki stærri en 100 m ² . Svæði B sem er norðan við Selárdalsbæinn og vestan við flugvöllinn er gert ráð fyrir 10 nýjum húsum og þar er eitt fyrir. Á svæði B eru lóðir á bilinu 0,25-0,5 ha að stærð.
F5	Tagl	13 ha frístundabyggð ráðgerð fyrir 10-20 bústaði milli skógræktarsvæðis og golfvallar.

OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA

Í flokki opinna svæða til sérstakra nota eru svæði með útivistargildi þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjagerð í tengslum við starfsemi sem þar er stunduð. Hér er t.d. um að ræða tjaldsvæði fyrir almenning, golfvelli, íþróttasvæði og skipulögð trjáræktarsvæði. (Sjá einnig gr. 4.12 í skipulagsreglugerð).

2.3.10 Opin svæði til sérstakra nota

Markmið:

- a. Stefnt er að því að efla starfsemi á sviði útivistar og ferðapjónustu.

Leiðir:

- o Gert er ráð fyrir að starfsemi á núverandi svæðum til sérstakra nota geti eflst, eins og nánar verður skilgreint í deiliskipulagi.*

Í flokki opinna svæða í sveitarfélaginu eru m.a. golfvelli og tjaldsvæði. Á skipulagsupprætti eru opin svæði táknúð með dökkgrænum lit og númeri :

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing	Jörð
Ú1	Látravík	Tjaldsvæði	Látravík
Ú2	Vesturbotn	Núverandi 9 holu golfvöllur og möguleg stækkun. Samtals um 40 ha.	Vesturbotn
Ú3	Skógrækt ofan Bíldudals	Skógræktarsvæði skógræktarfélags Bíldudals.	Hóll

2.3.11 Óbyggð svæði

Markmið:

- a. Taka skal fyllsta tillit til umhverfis- og náttúruverndarsjónarmiða við skipulag og framkvæmdir á óbyggðum svæðum.

Leiðir:

- o Lögð skal áhersla á uppbyggingu þeirra þjónustukerfa sem koma ferðapjónustu að gagni, s.s. vegi, merkingu á gönguleiðum og uppbyggingu á áfangastöðum.*
- o Í aðalskipulaginu eru gönguleiðir og hverfisverndarsvæði skilgreind.*

Meiri hluti sveitarfélagsins er í flokknum óbyggð svæði en allt land ofan 200 m er skilgreint í þessum flokki. Á þessum svæðum eru helstu vatnsverndarsvæðin í sveitarfélaginu. Mörk landbúnaðarsvæða og opinna svæða er miðuð við 200 m hæð yfir sjávarmáli. Viðmiðunin er til einföldunar og er hún byggð á þeirri staðreynd að ræktun og búseta takmarkast í

ÓBYGGÐ SVÆÐI

Óbyggð svæði eru opin svæði til almennrar útiveru eða takmarkaðrar umferðar fólks þar sem ekki er gert ráð fyrir mannvirkjagerð, þ.m.t. skógræktarsvæði önnur en nytja-skógrækt á bújörðum og landgræðslusvæði. (Sjá einnig gr. 4.13 í skipulagsreglugerð).

grófum dráttum við um 200 m y.s. Óbyggð svæði eru sýnd í ljósgrænum lit á skipulagsupprætti.

Óbyggð svæði eru landsvæði sem eru í landbúnaðarnotkun þar sem beitar- og afréttarnot er megin landnotkun en svæði ofan afgirtra heimalanda eru auk þess einnig ætluð til almennrar útivistar. Mannvirkjagerð skal vera í lágmarki á óbyggðum svæðum en er þar aðallega um að ræða fjallvegi, reiðvegi og merktar gönguleiðir.

2.3.12 Landbúnaðarsvæði

Markmið:


- b. Gert er ráð fyrir að landbúnaður verði áfram stundaður á bújörðum, með eðlilegum þróunarmöguleikum ýmissa atvinnugreina sem henta slíkum svæðum til rekstrar.
- c. Stöðu landbúnaðar sem atvinnugreinar þarf að styrkja og leita leiða til uppbyggingar ýmissa stöðgreina hans. Með því er stefnt að þróun hefðbundinna búgreina í sátt við umhverfi sitt.
- d. Stuðlað verði að aukinni lífrænni ræktun í hinum ýmsu greinum landbúnaðarins, bæði í hefðbundnum greinum svo og í nýjum búgreinum.
- e. Stuðlað verði að eflingu mjólkurframleiðslu á svæðinu.
- f. Stefnt að eflingu skógræktar á svæðinu til viðurframleiðslu, útivistar, skjóls og landbóta.
- g. Að skógrækt öðlist viðurkenningu sem þýðingarmikil atvinnugrein.
- h. Að umhverfi greinarinnar geri bændum kleift að hafa að lágmarki 500 ærgildi í sauðfjárrækt og/eða 150 þús. lítra mjólkurframleiðslu á hvert bú.
- i. Auka menntunarmöguleika íbúa með öflugri uppbyggingu fjarmenntaaðstöðu í héraðinu

Leiðir:

- o Að landbúnaður á svæðinu sé stundaður í sátt við náttúruna og misbjóði henni ekki með ofbeit, mengun eða á annan hátt.
- o Að stórbætt verði merking á lögbýlum, eyðibýlum og söguslóðum innan svæðisins
- o Að stutt verði við hlunnindabúskap í héraðinu með markvissri meindýraeyðingu.
- o Leitast verði eftir auknum ríkisframlögum til skógræktar.
- o Að sauðfjárbændur og mjólkurframleiðendur eigi kost á hagstæðum lánum til kaupa á framleiðslurétti.
- o Að markaðsmál verði tekin til endurskoðunar með því að markmiði að tryggja bændum viðunandi verð fyrir afurðir sínar.

LANDBÚNAÐARSVÆÐI

Landbúnaðarsvæði ná yfir allt land lögbýla sem nýtt er til landbúnaðar. Á landbúnaðarsvæðum er einkum gert ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengjast búrekstri á jörðunum. Nýjar búgreinar svo sem nytjaskógrækt teljast til landbúnaðar í skilningi þessa skipulags. Skógræktarsvæði eru því ekki skilgreind sérstaklega á skipulagsupprætti. Á landbúnaðarsvæðum er einnig heimilt að starfrækja þjónustu við ferðamenn. (Sjá einnig gr. 4.14 í skipulagsreglugerð).



Mynd 8. Landbúnaður við Rauðasand.

Megin landnotkun á undirlendi Vesturbyggðar er landbúnaður, þar sem m.a. fer fram hefðbundinn landbúnaður s.s. sauðsfjárrækt, kúabú og skógrækt. Í sveitarfélaginu eru landgæði ágæt. Því ber að viðhalda sauðsfjárrækt á svæðinu eins og kostur er. Með því er stefnt að þróun hefðbundinna búgreina í sátt við umhverfi sitt. Stöðu hefðbundins landbúnaðar sem atvinnugreinar þarf að styrkja með öllum tiltækum ráðum. Hér er fjallað sérstaklega um (i) skógrækt og landgræðslu á landbúnaðarsvæðum og (ii) byggingar.

Landgræðsla og skógrækt

Skipulagsáætlunin gerir ráð fyrir að skógrækt í tengslum við Skjólaskógaverkefnið verði að veruleika sem ný atvinnugrein á hefðbundnum landbúnaðarsvæðum. Skógræktar- og landgræðslusvæði eru ekki afmörkuð sérstaklega á skipulagsupprætti.

Skógrækt á vegum Skjólaskóga er ný grein í landbúnaði á svæðinu. Markmiðið með Skjólaskógum er að gefa sem flestum tækifæri á að taka þátt í fjölnytjaskógrækt og stuðla þannig að þróun og viðhaldi byggðar á svæðinu jafnframt því að græða og bæta landið og byggja nýja náttúruauðlind fyrir komandi kynslóðir. Með fjölnytjaskógrækt er við hvers konar skógrækt sem gefur af sér fjölbreyttar nytjar eins og við, ber og sveppi, skjól og útivist, landslagsfegurð og margt fleira.

Verkefnið skiptist í þrjá meginþætti; timburskógrækt, skjólbeltarækt og landbótaskógrækt.⁸ Skógræktaráætlanir fyrir einstakar jarðir verða unnar samkvæmt þeim kröfum sem Skjólaskógaverkefnið gerir á hverjum tíma. Áður en skógræktaráætlun er kynnt sveitarstjórn, skal leggja fram fyrirbyggjandi gögn um fornleifar og náttúruvinjar þannig að kennileitum í landslagi, jarðmyndunum og búsetumunum verði ekki spillt á því svæði sem áætlunin tekur til. Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr.106/2000 skal tilkynna um skógræktar- og landgræðsluáætlanir sem taka yfir 200 ha eða meira til Skipulagsstofnunar sem ákvarðar matsskyldu framkvæmdanna, sbr. einnig 3. viðauka laganna. Landgræðslu- og skógræktaráætlanir eru framkvæmdaleyfisskyldar ef þær eru háðar ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum um tilkynningarskyldar framkvæmdir. Sveitarstjórn veitir framkvæmdaleyfi skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Um skógrækt og landgræðslu á landbúnaðarsvæðum gildir að öðru leyti eftirfarandi sérgreind markmið:

⁸ Vefsíða Skjólaskóga, <http://www.skjolskogar.is>, 15.11.2003

- a. Stefnt er að því að vinna að endurheimt landgæða á landbúnaðarsvæðum. Beita skal beitarstýringu samhliða uppgræðslu ógróinna og vangróinna svæða sem og gróður-bótum með skógrækt og skjólbeltarækt eftir því sem við á.
- b. Landgræðslu- og skógræktaráætlanir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og taka mið af þeim verndarákvæðum sem þar eru sett fram, s.s. vegna hverfisverndar, svæða á náttúruminjaskrá, friðlýstra svæða skv. náttúruverndarlögum og friðlýstra forn-minja skv. þjóðminjalögum sbr. kafla 2.4.1.
- c. Taka skal tillit til þekktra fornminja, sbr. kafla 2.4.2. Skógrækt skal ekki fara nær frið-lýstum fornminjum og öðrum merkum minjum en 20 m.
- d. Taka skal tillit til jarðmyndana og vistkerfa sem njóta verndar skv. 37. náttúruverndarlaga, sbr. kafla 2.4.1. Hafa skal í huga að kennileitum í landslagi og jarðmyndunum verði ekki spillt.
- e. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en farið er í skógrækt eða landgræðslu á þeim svæðum sem kveðið er á um í náttúruverndarlögum sbr. 37. og 38 grein laga um náttúruvernd.
- f. Á friðlýstum svæðum er öll ræktun útlendra plantna óheimil, á jarðmyndunum og vistkerfum er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 metrar yfir sjó, sbr. 10 gr. reglugerðar nr. 583/2000.

Byggingar á landbúnaðarsvæðum

Á landbúnaðarsvæðum er fyrst og fremst gert ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist búrekstri. Heimilt er að afmarka lóðir og reisa allt að þrjú íbúðarhús þar sem aðstæður leyfa á lögbýlum auk þeirra íbúðarhúsa sem tilheyra búrekstrinum. Ný íbúðarhús skulu nýta sömu heimreið og lögbýlið og vera í ákveðnum tengslum og samhengi við aðra byggð. Markmiðið er að ekki verði fjölgað tengingum við þjóðveg, að þjónusta við ný hús tengist þeirri þjónustu sem þegar er veitt og að nýjum húsum verði komið fyrir í samræmi við byggingarhefðir og yfirbragð sveitarinnar. Forðast skal stök hús á víðavangi. Allar nýbyggingar skulu vera í samræmi við samþykkt deiliskipulag. Þá er heimilt að byggja allt að 3 stök frístundahús á lögbýlum, þ.m.t. veiðihús, auk aðstöðu fyrir ferðaþjónustu og léttan iðnað, án þess að breyta þurfi aðalskipulagi.

Um land jarða og lögbýla á landbúnaðarsvæðum gilda að öðru leyti ákvæði jarðalaga nr. 81/2004 og ábúðarlaga nr. 64/1996.

2.3.13 Vötn, ár og sjór

Vatnsfletir vatna, fallvatna og sjávar eru sýndir á skipulagsuppráttunum. Einu breyt-ingarnar á vatnsflötum stafa af hafnarframkvæmdum.

NÁTTÚRUVERNÐARSVÆÐI

Til náttúruverndarsvæða teljast annars vegar friðlýst svæði skv. náttúruverndarlögum og hins vegar svæði á náttúru-minjaskrá. (Sjá einnig gr. 4.19 í skipulagsreglugerð).

2.4 VERNDARSVÆÐI OG NÁTTÚRUVÁ

2.4.1 Náttúruverndarsvæði

Markmið:

- a. Stuðlað verði að varðveislu friðlýstra svæða, annarra náttúruminja og umhverfis-legra gæða almennt.

Leiðir:

- o Með tillögu að hverfisvernd svæða er stuðlað að samtengingu svæða sem eru á náttúruminjaskrá..*

Jarðmyndanir og vistkerfi

Samkvæmt 37.gr. náttúruverndarlaga njóta ákveðnar landslagsgerðir sérstakrar verndar og skal forðast að raska þeim eins og kostur er. Þessar jarðmyndanir og vistkerfi eru:

- i) Eldvörp, gervigígar og eldhraun.
- ii) Stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að stærð eða stærri.
- iii) Mýrar og flóar, 3 ha að stærð eða stærri.
- iv) Fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðabreiður, 100 m² að stærð eða stærri.
- v) Sjávarfitjar og leirur.

Ekki hefur verið gerð úttekt á jarðmyndunum og vistkerfum á svæðinu sem ákvæði 37. gr. náttúruverndarlaga taka til, eða þær verði kortlagðar. Skipulagsáætlunin er því sett fram með þeim annmörkum.

Breiðafjörður

Breiðafjarðarsvæðið nýtur verndar skv. lögum um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995. Breiðafjarðarsvæðið á sér enga hliðstæðu hér á landi og sker sig úr vegna óteljandi eyja, hólma og skerja. Svæðið er einkum mikilvægt fyrir fjölbreytileika og grósku í fuglalífi, auk þess sem það er sérstætt fyrir gróðurfar (fitjar), landslag, jarðmyndanir og jarðhita. Í mörgum eyjanna eru auk þess menningarminjar um búsetu sem hafa sögulegt gildi.

Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð hefur verið unnin á vegum Breiðafjarðarnefndar í samræmi við 6. gr. laga nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar og hlaut staðfestingu umhverfisráðherra 10. október 2001. Áætlunin nær til fimm ára og er framkvæmd hennar í höndum Breiðafjarðarnefndar. Varðandi stefnu um verndaráætlun Breiðafjarðar er vísað í Verndaráætlun Breiðafjarðar 2000 – 2004 og í kafla 3.1 um framkvæmdaáætlun eru eftirfarandi atriði talin upp sem langtíamarkmið er stuðla eigi að vernd Breiðafjarðar:

- Stuðla að og tryggja varðveislu Breiðafjarðar í samræmi við lög og kynna mikilvægi svæðisins.
- Tryggja varðveislu náttúruminja, svo sem landslags, jarðmyndana og lífríkis.
- Tryggja varðveislu menningarminja, svo sem mannvistarleifa, örnefna og minja er tengjast atvinnulífi.
- Stuðla að því að land- og sjávarnytjar á Breiðafirði séu í anda sjálfbærrar þróunar.
- Stuðla að rannsóknum á náttúru Breiðafjarðar og koma á skipulagðri vöktun.
- Stuðla að rannsóknum á menningarminjum og lýðfræði Breiðafjarðar fyrr og nú.
- Stuðla að því að útivist og ferðamennska á Breiðafirði sé í anda sjálfbærrar þróunar.
- Stuðla að umhverfisfræðslu um Breiðafjörð og túlkun á umhverfinu.⁹

Tilgangur með verndun svæðisins er einkum þessi:

- o *Stuðla að rannsóknum á lífríki og jarðfræði Breiðafjarðar, þ.m.t. nytjastofnum fugla, gróðurs og hvers konar sjávarfangs.*
- o *Tryggja verndun mikilvægustu náttúruminja Breiðafjarðar, með takmörkun á umferð um varptímann, reglum um mannvirkjagerð o.fl. Mikilvægustu hlutar Breiðafjarðar njóti friðlandsverndar.*
- o *Renna styrkari stoðum undir eyjabúskap og aðra hefðbundna nýtingu hlunninda, sem styrkir ársbúsetu og þá sumarbyggð sem byggir á hlunnindanýtingu.*
- o *Búa í haginn fyrir vaxandi fjölda ferðamanna og tryggja almenningi aðgang að náttúru fjarðarins og sögu, án þess að spjöll hljóttist af.*
- o *Tryggja verndun menningarverðmæta og samþætta hana ferðamennsku á þeim sviðum þar sem hagsmunir fara saman. Gerð verði úttekt á hvers konar menningarminjum sem eru mjög miklar á svæðinu.*

Strandsvæði eru sérstaklega áhugaverð til útivistar. Almenn ákvæði í náttúruverndarlögum og byggingareglugerð eiga að standa vörð um almannarétt og setja ákveðnar skorður

⁹ (Guðríður Þorvarðardóttir, 1999), Verndaráætlun Breiðafjarðar

gagnvart mannvirkjagerð á strandsvæðum. Móttaka ferðamanna verði í ákveðnum farvegi. Helstu móttökusvæðin verði, auk Flateyjar, við strendur Breiðafjarðar fremur en í eyjunum sjálfum. Greiðar siglingar verði um fjörðinn með lendingaraðstöðu fyrir smábáta.

Samkvæmt skipulagi þessu eru eyjarnar skilgreindar sem landbúnaðarsvæði, og heimilt skv. skipulagslögum og reglugerð, og lögum um vernd Breiðafjarðar að stofna til framkvæmda sem nauðsynlegar og eðlilegar teljast til búskapar á lögbylum þar eða tengjast búrekstri, nema spjöllum valdi á menningarsögulegum minjum, náttúruminjum eða lífríki að mati Umhverfisstofnunar eða þjóðminjaráðs þegar um fornleifar eru að ræða, enda sé farið að fyrirmælum Verndaráætlunar Breiðafjarðar og lögum um náttúruvernd. Stefnt er að því að eftirfarandi atriði verði höfð að leiðarljósi við leyfisveitingar til framkvæmda í Breiðafjarðareyjum.

- Þegar fjallað er um í hvaða eyjum er leyfilegt að byggja og hvar, þá er eðlilegt að skoða hvort þar hafi verið byggt áður og hvort um sé að ræða mannvirki tengd hefðbundnum hlunnindanyttjum. Skoðun á byggingarsögu eyjanna ætti að vera forsenda framkvæmda og leiðbeinandi varðandi úrlausnir. Leggja ber áherslu á að byggja í anda þeirrar hefðar sem verið hefur í eyjunum.
- Mikilvægt er að hönnuðir nýrra bygginga í Breiðafjarðareyjum leitist við að hanna hús sem hafa vísun í íslenska byggingararfleifð bæði hvað varðar efnisval og lausnir. Form, hlutföll og stærð bygginga eiga að taka mið af landinu sem byggt er í og sýna því tilhlýðilega nærgætni og virðingu. Mælt er með notkun efna sem hafa öðlast hefð í íslenskri byggingarsögu s.s. timbri, bárujárni og steypu.

Vatnsfjörður

Vatnsfjörður var friðlýstur sem friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 96/1975. Náttúrulegir reyniviður og birkiskógur sem breiða úr sér frá flæðarmáli og langt uppá heiðar er einkenni Vatnsfjarðar. Skógurinn ásamt víðáttumiklum leirum eru búsvæði fjölskrúðugs lífríkis. Svæðið er vinsælt til útivistar. Friðlandið er í landi höfuðbólsins Brjánslækjar og eyðijarða sem liggja undir því. Samkvæmt reglum um friðlandið mega hefðbundnar nytjar haldast og er sauðfjárrækt nokkur á svæðinu. Mörk friðlandsins eru við Þverá að vestan, síðan er í grófum dráttum fylgt vatnaskilum um Hornatær og Dynjandisheiði norður í Glámu. Þaðan suður á Þingmannaheiði og suðvestur í Hörgsnes sem markar fjarðarmynnið að austan.

Friðlandið er um 20.000 ha og um fjórir fimmtu hlutar þess eru grýtt og gróðurlítið hálendi en láglandið er að mestu vaxið kjarri.

Surtarbrandsgil

Fríðlýst sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr.103/1975. Stærð 150 ha. Í gílinu er að finna í millilögum, einkum surtarbrandi og leirlögum, steingerðar leifar gróðurs sem klæddi landið á tertíertímabili. Surtarbrandsgil er einn þekktasti fundarstaður steingervinga á landinu. Þar má sjá tólf milljón ára gróðurleifar frá tertíer. Meðal tegunda sem þar hafa verið algengar eru risafura, hlynur, magnolía og beyki. Þar er óheimilt að raska eða fjarlægja nokkurn hlut en hægt er að fá leyfi til umferðar.

Svæði á náttúruminjaskrá

Á náttúruminjaskrá eru svæði sem að mati Umhverfisstofnunar er æskilegt að fríðlýsa skv. náttúruverndarlögum. Afmörkun svæðanna er samkvæmt landupplýsingum um náttúruvernd frá Umhverfisstofnun.

Nr. í s	Heiti svæðis	Lýsing
304	Kjálkafjörður	Ríkulegt gróðurfar með skóglendi í fjörðum, fuglabjarg í Múlanesi.
305	Seljargil í Vaðalsdal	Jarðlög með blaðföllum við Seljá í Vaðalsdal. (2) Vatnasetlög m surtarbrandi og leifum blaða og aldina frá tertíer.
306	Bæjarvaðall	(1) Fjörur í Bæjarvaðli ásamt Rífi og Melanesrífi. (2) Víðáttumiklar, rauðleitar skeljasandsfjörur og árlón með fjölbreyttu dýralífi.
307	Breiðavík, Hvallátrar og Keflavík	Stórkostleg fuglabjörg, hin mestu við Norður-Atlantshaf. Vel grónar bjargbrúnir og heiðar. Fjöldi þjóðminja.
308	Hafnarvaðall í Örlygshöfn	(1) Hafnarvaðall og Tungurif. (2) Leirur og skeljasandsfjörur, fjölskrúðugt lífríki.
309	Þórislíðarfjall	(1) Setlög með blaðföllum í Þórislíðarfjalli við Selárdal. (2) Meðal elstu minja um gróðurfar hérlandis á tertíer.
310	Geirþjófsfjörður	Fjölbreytt og fagurt landslag, ríkulegur gróður, skóglendi.
339	Sauðeyjar	Fagrar og sérstæðar eyjar hvað varðar landslag og lífríki.
340	Ketildalir í Arnarfirði	Sérkennilegt og óvenjulegt landslag. Grunnir dalir milli hárra, þverhnípra hamrafjalla, sem ganga fram undir sjó. Fallegar skeljasandsfjörur með auðugu fuglalífi.

ÞJÓÐMINJAVERNÐARSVÆÐI

Þjóðminjaverndarsvæði taka til svæða þar sem eru friðlýstar fornminjar, þekktar fornleifar eða friðuð hús samkvæmt þjóðminjalögum nr.107/2001. (Sjá einnig gr. 4.20 í skipulagsreglugerð).



Mynd 9. Saurbæjarkirkja á Rauðasandi.

2.4.2 Þjóðminjaverndarsvæði

Markmið

- Skráning fornleifa skal fara fram á deiliskipulagsstigi og áður en ráðist er í bygginga- eða framkvæmdaleyfissskyldar framkvæmdir.
- Í skógræktaráætlunum verði tekið tillit til fornminja og ekki plantað nær þekktum fornminjum en 20 m sbr. kafla 2.4.2.

Leiðir:

- o Haldið verði áfram skráningu fornminja á svæðinu.
- o Leitast skal við að merkja fornleifar fyrir umhverfisfræðslu og til að fyrirbyggja þær verði skemmdar.

Fjöldi merkra sögu- og þjóðminjastaða eru í Vesturbyggð. Allar friðlýstar fornminjar flokkast sem þjóðminjaverndarsvæði. Auk þeirra er fjöldi annarra fornminja á svæðinu sem ekki eru staðsettar eða metnar á þessu skipulagsstigi, en vakin er athygli þeim helstu og þau vernduð í flokki hverfisverndar sbr. kafla 2.4.5. Almennt má benda á að samkvæmt þjóðminjalögum eru tvö stig friðunar á fornleifum á Íslandi, annars vegar friðlýsing þar sem gefið er út sérstakt friðlýsingarskjal og friðlýsingunni þinglýst sem kvöð á viðkomandi jörð eða lóð og hins vegar friðun á grundvelli aldursákvæðis þar sem ekki má hrófla við fornleifum á nokkurn hátt án leyfis Fornleifaverndar ríkisins.

Þjóðminjalög kveða á um að allar minjar 100 ára og eldri séu fornminjar sbr. 9. gr. laganna. Á deiliskipulagsstigi verða fornminjar staðsettar í nákvæmum mælikvarða en allar helstu framkvæmdir eru deiliskipulagsskyldar, s.s. svæði fyrir heilsársbyggð, frístundabyggð, iðnaðarstarfsemi o.fl. Á einstökum svæðum þar sem sérstakar aðstæður krefjast mun fara fram nákvæm skráning og kortlagning fornminja. Þá ber að leggja fram yfirlit yfir fornleifar í tengslum við skógræktaráætlanir sbr. kafla 2.3.12. Einnig eru stórfamkvæmdir umhverfismatsskyldar sbr. kafla 1.9, s.s. vegagerð, háspennulínur, virkjanir og efnisnámur og skal fornleifaskráning fara fram í tengslum við þá vinnu..

Í Vesturbyggð liggur fyrir svæðisskráning fornleifa fyrir allt sveitarfélagið. Svæðisskráningin er heimildasöfnun en þar eru minjar ekki staðsettar. Búið er að skrá fornleifar í Selárdal í tengslum við deiliskipulagsvinnu og eru þær flestar tengdar búskap á einhvern hátt og einnig er skráning í gangi í Vatnsdal. Ekki liggur fyrir húsakönnun í sveitarfélaginu en vinna er hafin að gerð hennar fyrir Patreksfjörð og Bildudal.

Hér er fjallað um tvo flokka þjóðminjaverndarsvæða sem njóta verndar skv. þjóðminjalögum nr. 88/1989; (i) friðaðar og friðlýstar fornleifar og (ii) friðuð hús.

Friðlýstar fornleifar

Í sveitarfélaginu er fjöldi friðlýstra fornleifa. Fornleifarnar sem eru þinglýstar eru listaðar upp hér á eftir og auðkenndar á skipulagsupprætti og þemakorti, eins og nákvæmni uppráttar leyfir. Í þjóðminjalögnum segir að til fornleifa teljist „*hvers kyns leifar forna mannvirkja og annarra staðbundinna minja, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á*“. Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, t.d. eru kirkjur reistar fyrir 1918 friðlýstar skv. þjóðminjalögum.

Á deiliskipulagsstigi verða fornminjar staðsettar í nákvæmum mælikvarða en allar helstu framkvæmdir eru deiliskipulagsskyldar, s.s. svæði fyrir heilsársbyggð, frístundabyggð, iðnaðarstarfsemi o.fl. Á einstökum svæðum þar sem sérstakar aðstæður krefjast fari fram nákvæm skráning og kortlagning fornminja. Þá eru stórfamkvæmdir umhverfismatsskyldar sbr. kafla 1.9, s.s. vegagerð, háspennulínur, virkjanir og snjóflóðavarnir.

Friðlýstar fornminjar eru sýndar á landnotkunarupprætti, svo langt sem þær hafa verið staðsettar og mælikvarði korts leyfir.

Í töflu hér á eftir er samantekt úr friðlýsingartexta. Númer minja eru skráningarnúmer í fornleifaskrá Fornleifaverndar ríkisins. Minjarnar eru taldar upp hér að neðan eftir býlum eða afréttum og er orðrétt tilvísun í skrána sýnd með skáletri. Tilgreint er ef minjarnar eru þinglýstar. Með vissu eru minjar fleiri en taflan segir til um þar sem allar minjar sem eru eldri en 100 ára eru friðaðar samkvæmt lögum. Taflan og landnotkunaruppráttur sýna þær sem eru skráðar og þar með þinglýstar í friðlýsingarskrá Fornleifaverndar ríkisins.



Mynd 10. Sögu- og minjastaðir í Vesturbyggð.

Nr.	Heiti jarðar	Lýsing
Þ1	Brjánslækur	<i>Smiðja Gests Oddleifssonar, er svo heitir, skammt upp frá Vatnsfjarðarbotni, norðanmegin við Þingmannaá, þar sem í henni er kallað Smiðjufljót. Þinglýst 14.02.1931.</i>
Þ2	Brjánslækur	<i>Flókatóftir svo nefndar; þær eru 6 sunnan á sljetttri grund við vík eina fyrir innan Brjánslækjará. Þinglýst 14.02.1931.</i>
Þ3	Hvammur	<i>Forn, kringlótt tóft, nefnd "Hoftóft"; er hún 2-300 faðma inn frá gamla bænum. Þinglýst 14.02.1931.</i>
Þ4	Vaðall	<i>Forn garðlag er liggur þráðbeint frá bænum út eftir vellinum að hól þeim, er Þinghóll heitir. Þinglýst 14.02.1931.</i>
Þ5	Hagi	<i>Refstóft og Refssmiðja, tvær tóftir er svo heita, á Refshólma í Hagavaðli.</i>
Þ6	Hagi	<i>Gestsfjós, 2 tóftir í mýrinni niður undan bænum.</i>
Þ7	Hagi	<i>Gellishóll skamt fyrir sunnan túnið, og hjá honum 3 smærri hólur. Þinglýst 14.02.1931.</i>
Þ8	Haukaberg	<i>Dysjar að austanverðu við Haukabergsá, (Austmanna er fjellu í Orustulágum, að sögn). Þinglýst 14.02.1931.</i>
Þ9	Haukaberg	<i>Dys við veginn vestur að Haukabergsá.</i>
Þ10	Hreggstaðir	<i>Rústir eyðibýlisins Skyrleysu utan við Hreggstaðaá, bæjarrústir og rústir útihúsa auk tvöfalds túngarðs, sem liggur í sveig um svæðið, tveggja gerða nærri sjónum og rústa sjávarhúsa á sjávarbakknum. Þinglýst 31.12.1980.</i>
Þ11	Látur (Hvallátur)	<i>Hóllinn Kárni.</i>
Þ12	Látur (Hvallátur)	<i>Dysjar í Kúlureit við ystu búðina á Brunnum. Þinglýst 14.02.1931.</i>
Þ13	Látur (Hvallátur)	<i>Leifar verbúða og fiskgarða, svo og önnur forn mannvirki í hinni gömlu Brunnaverstöð.</i>
Þ14	Látur (Hvallátur)	<i>Verbúðir og fiskgarðar á Látranesi norðan bæjanna. Þinglýst 19.11.1971.</i>

p15	Breiðavík	Naust og verbúðir í Breiðuvíkurvei syðst í Breiðuvík.. Þinglýst 19.11.1971.
p16	Sauðlauksdalur	<i>Akurgerði sr. Björns Halldórssonar</i>
p17	Sauðlauksdalur	<i>Vörslugarður frá tíð sr. Björns fyrir framan túnið.</i> Þinglýst 11.01.1974.
p18	Sauðlauksdalur	<i>Sandvarnargarðurinn "Ranglátur" fyrir neðan túnið.</i>
p19	Selárdalur	Steinn með 3 bollum heima við bæinn, við gangstíg milli bæjar og sáluhlíðs. Þinglýst 14.02.1931.
p20	Kirkjuból	Höftóft á svo-nefndu Hofholti eða Hofhússholti, fyrir neðan túnið. Þinglýst 18.07.1936.
p21	Hóll	Höftóft á svo-nefndu Hofsholti eða Hofhússholti nokkuð fyrir framan túnið. Þinglýst 18.07.1936.
p22	Hringsdalur	<i>Austmannahaugur, er svo heitir; hann er svo sem 3 föðmum neðar á sjávarbakkanum..</i> Þinglýst 14.02.1931.
p23	Hringsdalur	<i>Hringshaugur, svo nefndur; hann er næstum niður við sjó, fyrir neðan Barðagrunn hina neðri.</i>
p24	Botn	<i>Fylgsni Gísla Súrssonar hið syðra er í litlum grashvammi við ána, fyrir neðan Kleifarnar.</i> Þinglýst 14.02.1931.
p25	Botn	<i>Auðarbær eða Gíslabær svo nefndur, sem er rúst undir lágrí brekku er liggur frá Botnsá til norðurs, skammt fyrir ofan túnið á Botni.</i>
p26	Botn	<i>Fylgsni Gísla Súrssonar hið nyrðra er í lægð framan í þúfnabardði nokkru í nokkrum halla, uppi undir hlíðinni fyrir norðan Botnsá, nokkru ofar en beint upp undan Auðarbæ.</i>

Friðuð hús

Í sveitarfélaginu eru nokkur friðuð hús skv. aldursákvæðum þjóðminjalaga sem flokkast sem þjóðminjaverndarsvæði.

Nr.	Friðlýst hús	Lýsing
1	Bíldudalskirkja.	Steinsteypuhús reist 1905-1906. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.
2	Brjánslækjarkirkja	Timburhús reist 1908. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.
3	Eyrarkirkja á Patreksfirði	Steinsteypuhús reist 1904-1907. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.
4	Hagakirkja	Timburhús reist 1892 en tilsníðin 1881-1892 erlendis af sænskum viðum. Fauk 1897 og endurreist 1897-1899. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.
5	Sauðlauksdalskirkja	Timburhús reist 1863. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.
6	Saurbæjarkirkja á Rauðasandi	Timburhús reist 1855-1859 á Reykhólum. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.
7	Selárdalskirkja	Timburhús reist 1862. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.

VATNSVERNDARSVÆÐI

Vatnsverndarsvæðin flokkast í þrjá flokka skv. 13. gr. reglugerðar nr. 796/1999 m.s.b. um varnir gegn mengun vatns. Flokkarnir eru brunnsvæði, grannsvæði og fjar-svæði.

2.4.3 Verndarsvæði vegna neysluvatns

Markmið:

- a. Staðið verði vörð um vernd grunnvatns sem nytjavatns fyrir íbúa og fyrir atvinnustarfsemi.

Vatnsverndarsvæðum er skipt í 3 flokka; i) brunnsvæði, ii) grannsvæði og iii) fjar-svæði og er afmörkun þeirra sýnd á landnotkunarupprætti.

Leiðir:

- o Sveitarfélagið sjái til þess að vatnsból verði afgirt og engar framkvæmdir sem gætur ógnað vatnsverndarsvæðum verði leyfðar á grann- eða fjar-svæðum þeirra.*

Flokkur I. Brunnsvæði

Brunnsvæði ná til vatnsbóla og næsta nágreinnis þeirra. Verndarákvæði brunnsvæða eru þessi:

- a. Svæðin skulu vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar.
- b. Heilbrigðisnefnd getur krafist þess að svæðið skuli girt mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 m frá vatnsbóli.

Brunnsvæðin Patreksfirði eru tvö. Annars vegar steypit þró við við lindina í gílinu í Mikladal og hins vegar það svæði sem girt hefur verið umhverfis lindarsvæðið í dalbotninum.

Brunnsvæðin á Bíldudal eru annars vegar á Hnjúksdal sem nær yfir hjallann sem safn- og tengibrunnar standa á og upp í urðina í fjallsrótum og hins vegar er brunnsvæði við Búðagil sem þarf að ná utan um alla brunnana og upp undir fjallsrætur.¹⁰

Flokkur II. Grannsvæði

Utan við brunnsvæði taka við grannsvæði vatnsbóla sem eru aðrennslissvæði grunnvatns. Verndarákvæði grannsvæða eru þessi:

- a. Á grannsvæðum er óheimilt að nota eða hafa birgðir af efnum, sem geta mengað grunnvatn. Hér er m.a. átt við olíu, bensín, og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar

¹⁰ Náttúrufræðistofnun Íslands, Verndarsvæði vatnsbóla í Vesturbyggð, 1998

skordýrum eða gróðri og önnur efni sem geta mengað grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn.

- b. Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða þess háttar á svæðinu.
- c. Vegalagning, áburðarnotkun og önnur starfsemi skal vera undir ströngu eftirliti.

Grannsvæði vatnsbóla á Patreksfirði er dalbotninn norðan við Mikladalsá og fjallshlíðin ofan við. Grannsvæðið er með rúma afmörkun til að lindarsvæðið í fjallsrótum og efri lindirnar í gílinu falli innan þess.

Grannsvæði vatnsbóla á Bíldudal í Hnjúksdal nær yfir fjallshlíðina ofan við brunnsvæðið. Grannsvæði í Búðargili er hliðin ofan við brunnsvæðið.¹¹

Flokkur III. Fjarsvæði

Á Patreksfirði nær fjarsvæðið í Mikladal yfir fjallstoppinn ofan við og dalbotninn innan við.

Á Bíldudal nær fjarsvæðið í Hnjúksdal yfir fjallstoppinn og fjallshlíðina umhverfis en sömuleiðis í Búðargili nær fjarsvæðið yfir fjallstoppinn og hlíðarnar umhverfis.¹²

2.4.4 Verndarsvæði vegna mengunar við strendur, ár og vötn

Markmið:

- a. Stefnt er að því að öll byggð í sveitarfélaginu verði með viðurkenndar rotþrær.

Leiðir:

- o Hagkvæm lausn verði fundin á frárennslismálum sveitarfélagsins í dreifbýli.
- o Að Heilbrigðisnefnd Vestfjarða flokki, í samráði við sveitarstjórn, flokki vatnasvæði í sveitarfélaginu og setji viðmiðunarmörk vegna gerlamengunar og notkunar áburð-arefna.

Til þess að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns og til þess að vernda það gegn mengun frá mannlegri starfsemi skulu heilbrigðisnefndir flokka vatn í samræmi við 9. og 10. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um mengun vatns. Vatnasvæðum á að skipta í fimm flokka, A-E, í samræmi við reglugerð um mengun vatns. Framangreind flokkun á vatnasvæðum í sveitarfélaginu hefur ekki farið fram með tilliti til strandmengunar og mengunar í ám og vötnum. Tímasett markmið um framangreinda flokkun liggja ekki fyrir.

VERNDARSVÆÐI VEGNA MENGUNAR Í ÁM OG VÖTNUM

Verndarsvæði vegna mengunar í ám og vötnum eru svæði sem njóta verndar í samræmi við ákvæði reglugerðar um mengun vatns nr. 796/1999.

¹¹ Náttúrufræðistofnun Íslands, Verndarsvæði vatnsbóla í Vesturbyggð, 1998

¹² sama

HVERFISVERNDARSVÆÐI

Um hverfisverndarsvæði gilda sérstök ákvæði sem sveitarstjórn setur, s.s. um verndun menningarsögulegra minja, náttúruminja eða trjágróðurs, án þess að um lögformlega friðun sé að ræða. (Sjá einnig gr. 4.22 í skipulagsreglugerð).



Mynd 11 Látrabjarg.

2.4.5 Hverfisverndarsvæði**Markmið:**

- a. Stuðlað verði að varðveislu náttúruminja, fornleifa og annarra söguminja, sem m.a. rennir styrkari stoðum undir ferðapjónustu á svæðinu.

Leiðir:

- o Markvisst verði reynt að vernda náttúru- og þjóðminjar á svæðinu.
- o Í aðalskipulaginu hafa svæði og staðir verið skilgreindir sem hverfisverndarsvæði.

Hverfisverndarsvæði er af tvennum toga, (i) hverfisverndarsvæði vegna náttúruverndar og (ii) hverfisverndarsvæði vegna fornleifa.

Yfirlit yfir þau hverfisverndarsvæði sem auðkennd eru á skipulagsuppdraetti er tekið saman í töflum hér að neðan. Þar kemur einnig fram hvaða þættir standa á bak við verndargildi þeirra:

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing	Jörð
H1	Allt land vestan þjóðveggar um Kleifaheiði að Látrabjargi	Allt land vestan þjóðveggar um Kleifaheiði. Framan við Látrabjarg liggja mörkin 2 km á sjó út en almennt við strönd liggja mörkin 100 m í sjó.	Allar jarðir vestan Kleifaheiðar
H2	Vesturbotn	Afmörkun svæðis fylgir landamerkjum jarðarinnar að Vesturbotni.	Vesturbotn

Hverfisvernd í Vesturbyggð

Gerð er tillaga um tvö svæði sem falla undir hverfisvernd í dreifbýli Vesturbyggðar, annars vegar allt land vestan Kleifaheiði að Látrabjargi og hins vegar í landi Vesturbotns.

1. Allt land vestan þjóðveggar um Kleifaheiði að Látrabjargi

Í Náttúruverndaráætlun 2004-2008 er lagt til að allt svæðið vestan þjóðveggar um Kleifaheiði, Látrabjarg-Rauðisandur, verði skilgreint sem þjóðgarður eða friðland. Innan svæðisins eru þrjú svæði á náttúruminjasrá: Bæjarvaðall (306), Breiðavík, Hvalláttur og Keflavík (307) og Hafnarvaðall (308). Framan við Látrabjarg liggja mörkin 2 km á sjó út en almennt við strönd liggja mörkin 100 m í sjó. Í svæðislýsingu segir m.a.; "Stórkostleg fuglabjörg, hin mestu við Norður-Atlantshaf. Vel grónar bjargbrúnir og heiðar. Vestast á Látrabjargi eru Bjargtangar sem jafnframt er vestasti tangi landsins og álfunnar. Bæjarvaðall og Rauðasandur með

víðáttumiklar, rauðleitar skeljasandsfjörur og árlón með fjölbreyttu dýralífi. Hafnarvaðall í Örlygshöfn með miklar skeljasandsfjörur og fjölskrúðugt fuglalíf.” Mikið er um þjóðminjar en fyrrum var mikið útræði stundað frá Látravík og Breiðuvík. Í Sauðlauksdal eru sérkennilegir sandhólar og garðurinn Ranglátur sem hlaðinn var til þess að hefta sandfok. Brúnkolanámur eru í Stálfjalli. Minjar eru á svæðinu um búskap við sjó og sjósókn fyrri tíma.

Talið er mikilvægt að svæðið verði síðar verndað skv. náttúruverndarlögum sem friðland eða þjóðgarður með sérstakri áherslu á sjófuglabýggðir, fjörusvæði, minjar, útivist og bættu móttöku á ferðamönnum.

Afmörkun hverfisverndaða svæðisins er rúmt og hluti af svæðinu er enn í byggð og ekki gert ráð fyrir að hverfisverndin breyti þeirri landnýtingu. Leitað verði samstarfs við hagsmunaaðila um þetta verkefni.

Hverfisverndarákvæði eru þessi:

1. Ekki er gert ráð fyrir að hefðbundin hlunninda- og landbúnaðarnýting breytist við verndunina. Með hverfisvernd er engin afstaða tekin til þess hverjir séu eigendur lands þess sem hún tekur til eða hverjir eigi þar takmörkuð eignarréttindi.
2. Um svæðin liggja gönguleiðir sem eru skilgreindar í aðalskipulagi.
3. Nauðsynlegar framkvæmdir, s.s. til að bæta aðstöðu til móttöku ferðamanna eru heimilar í samráði við landeigendur, slóðar, gönguleiðir og snyrtiaðstaða. Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask á hverfisverndarsvæðinu er háð samþykki umsjónaraðila og sveitarstjórnar sbr. skipulag- og byggingarlög nr. 73/1997 og náttúruverndarlög nr. 44/1999.
4. Óheimilt er að vinna náttúruspjöll, svo sem skemma gróður, trufla dýralíf að óþörfu og hrófla við jarðmyndunum. sbr. III kafla náttúruverndarlaga nr. 44./1999
5. Óheimilt er að vinna spjöll á fornleifum, svo sem skemma hleðslu eða hrófla við öðrum sýnilegum mannvistarleifum. Sbr. 10. gr. þjóðminjalaga nr.107/2001
6. Skyld er öllum að ganga snyrtilega um hið hverfisverndaða svæði. Hvergi má þar fleygja rusli á víðavangi né grafa það niður, heldur skal flytja það í sorpgæmslur.
7. Sveitarstjórn í samráði við landeigendur getur sett frekari reglur um hverfisvernduð svæði síðar.

2. Vesturbotn.

Vesturbotn er í eigu Vesturbyggðar og hefur Sveitarstjórn hug á að skilgreina þann hluta jarðarinnar sem ekki er ætlaður fyrir golfvöll og frístundabyggð sem fólkvang með það í huga að friðlýsa svæðið síðar skv. náttúruverndarlögum vegna fjölbreytts landslags og áhugverðs útivistarsvæðis. Landið er að hluta til kjarri vaxið og þar mikilfengleg gljúfur s.s. Bárðargil og

meðfram Ósá. Um jörðina lá þjóðleið meðfram Botnsá um Botnaheiði og yfir í Tálknafjörð og auk hennar bíður landið upp á fjölbreyttar gönguleiðir meðfram ám og lækjum og að útsýnisstöðum t.d. á Búrfelli og Kleifum.

Hverfisverndarákvæði eru þessi:

- 1 Almennt er reiknað með að gönguleiðir séu einungis merktar með staurum eða vörðum, sem tryggt verður að séu greiðfærir flestum. Yfir læki og votlendi er reiknað með einföldum trébrúm og yfir girðingar verða settar prílur.
- 2 Nauðsynlegar framkvæmdir, s.s. til að bæta aðstöðu til móttöku ferðamanna eru heimilar í samráði við landeigendur, slóðar, gönguleiðir snyrtiaðstaða. Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask á hverfisverndarsvæðinu er háð samþykki sveitarstjórnar sbr. skipulag- og byggingarlög nr. 73/1997 og náttúruverndarlög nr. 44/1999.
- 3 Núverandi vegslóðar verða nýttir fyrir gönguleiðir s.s. samsíða Arnarstapaá og upp fyrir Búrfell og meðfram Botnsá ofan golfvallarins.
- 4 Umferð véknúinna ökutækja er aðeins leyfð á akvegum og akstur utan vega eða slóða verður bannaður.
- 5 Öll meðferð skotvopna er bönnuð innan svæðisins.
- 6 Stefnt er að því að settar verði verndar- og umgengnisreglur um hverfisverndaða svæðið sem tryggi varðveislu þess sem náttúruverndar- og útivistarsvæði.

Hverfisvernd vegna fornleifa

Auk friðlýstra fornleifa er fjöldi annarra fornminja á svæðinu sem ekki eru metnar á þessu skipulagsstigi, en vakin er athygli á þeim með það í huga að á grundvelli nákvæmari fornleifaskráningar verði hluti þeirra hverfisverndað við endurskoðum aðalskipulags. Á þemauppdrætti eru auðkenndar sérstaklega þær jarðir (með tákni og númeri) þar sem eru fornminjar sem taka þarf tillit til áður en til framkvæmda kemur. Númer vísa til svæðisskrár Fornleifastofnunar;

Ákvæði hverfisverndar eru þessi:

- a. Nákvæm skráning fornleifa skal fara fram áður en ráðist er í bygginga- eða framkvæmdaleyfissskyldar framkvæmdir.
- b. Skógrækt skal ekki fara nær þekktum fornminjum en 20 m.
- c. Að öðru leyti gilda ákvæði þjóðminjalaga varðandi þekktar þjóðminjar.

Fornleifasvæði samkvæmt svæðisskránni eru samtals 122 og eru þau talin upp í forsenduhefti aðalskipulagsins. Þar sem fornleifasvæðin eru stjórnumerkt eru staðir sem eru friðlýstir samkvæmt þjóðminjalögum.

NÁTTÚRUVÁ

Svæði undir náttúruvá eru svæði þar sem hætta er talin stafa af náttúruhamförum, s.s. snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni eða veðurfari. (Sjá einnig gr. 4.18 í skipulagsreglugerð.)

2.4.6 Svæði undir náttúruvá

Markmið:

- a. Þess verði gætt að íbúðarbyggð og frístundabyggð verði ekki skipulögð á hættusvæðum.
- b. Metin verði þörf á endurbótum vegakerfis vegna ofanflóðahættu, þ.m.t. hugsanlegan flutning á vegarstæðum

Leiðir:

- o Spornað verði við landbroti af völdum sjávargangs með styrkingu og viðhaldi sjóvarnargarða.
- o Hættusvæði vegna ofanflóða verði kortlögð enn frekar.

Í skipulagsreglugerð (nr. 400/1998) kafla 4.18, sem fjallar um *svæði undir náttúruvá* segir m.a. að í svæðis- og aðalskipulagi skuli auðkenna og gera grein fyrir svæðum undir náttúruvá, staðsetningu þeirra, hvaða landnotkun er fyrirhuguð á svæðunum og hvaða reglur gilda á hverju þeirra um umgengni og mannvirkjagerð. Jafnframt skal gera grein fyrir byggðum eða fyrirhuguðum varnarkjörum. Í deiliskipulagi skal síðan útfæra þetta nánar m.a. skilyrði um styrkingu og útfærslu mannvirkja.

Flóðasvæði

Ágangur af völdum sjávar er einkum á svæðum sem standa lágt við sjó. Þau svæði sem eru í hættu vegna ágangs sjávar í dreifbýli Vesturbyggðar eru eftirfarandi:

- o Brunnar á Hvallátrum. Sjór er farinn að sverfa að útgerðarminjum. Á fyrri hluta skipulagstímans er áætluð sjóvörn til að hindra frekara landbrot.

Ofanflóð

Ekki hefur verið gerð úttekt á hættusvæðum í dreifbýli Vesturbyggðar en til er hættumat frá Veðurstofunni fyrir Patreksfjörð og Bíldudal (sjá kafla 3.15). Ljóst er að mörg snjóflóð hafa fallið í dreifbýli Vesturbyggðar og settur er því fyrirvari um gerð bráðabirgðahættumats, samkvæmt lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum (49/1997) og reglugerð um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats við gerð deiliskipulags og afgreiðslu einstakra byggingar –og framkvæmdarleyfa (505/2000, 15.gr.).

Hættusvæði eru skilgreind í þrjá flokka:

- Hættusvæði A er þar sem staðaráhætta* er 0,3 til 1 af 10.000 á ári.
- Hættusvæði B er þar sem staðaráhætta er 1 til 3 af 10.000 á ári.
- Hættusvæði C er þar sem staðaráhætta er meiri en 3 af 10.000 á ári.

* Staðaráhætta er skilgreind sem árlegar dánarlíkur einstaklings af völdum ofanflóða ef dvalið er öllum stundum í óstyrku einbýlishúsi.

Jarðskjálftar og eldvirkni

Skipulagssvæðið liggur utan helstu jarðskjálftasvæða landsins og engin hætta er talin á eldvirkni.

Aðrar náttúruhamfarir

Ekki er talin sérstök hætta á öðrum náttúruhamförum.

2.5 SAMGÖNGUR OG VEITUR

2.5.1 Vegir

Gerð er grein fyrir stofnvegum og tengivegum á skipulagsupprætti. Forgangsverkefni í vegamálum verður að lagfæra þá vegi sem fyrir eru og leggja bundnu slitlagi. Ákvæði um slíkar framkvæmdir eru ekki hluti aðalskipulags.

Markmið:

- Leitað verði hagkvæmustu lausna í vegagerð og stuðlað að umferðar- og rekstraröryggi og samtengingu byggðar, m.a. vegna skólaaksturs og atvinnu utan býla.
- Tengivegir innan byggðarinnar verða endurbættir vegna skólaaksturs og vinnu-sóknar utan heimilis.
- Að stuðla að bættum samgöngum m.a. með gerð heilsársvega.

Leiðir:

- o Stuðlað verði að bættum samgöngum við nágrannabyggðalög til að stækka atvinnusvæðið og til að bæta möguleika svæðisins á svið ferðaþjónustu.
- o Aukið verði öryggi vegfaranda á þjóðvegum. Sérstök áhersla er lögð á öruggari veg-tengingar tengibrauta við Vestfjarðaveg.

VEGIR

Skipulagsáætlunin staðfestir núverandi vegakerfi Vega-gerðarinnar. Lýsing vegakerfisins er samkvæmt flokkunar-kerfi Vegagerðarinnar í stofnbrautir, tengibrautir og aðrir vegir. Safnvegir eru einungis sýndir til skýringar á skipulagsupprætti. (Sjá einnig gr. 4.16 í skipulagsreglugerð.)



Mynd 12. Samgöngur í Vesturbyggð.

Vegsamgöngur og tenging við nágrannabyggðalög er góð í sveitarfélaginu. Þjóðvegir á láglendi flokkast í stofnbrautir og tengibrautir. Safnvegum og einkavegum er ekki gerð sérstök skil í aðalskipulagi, en þeir helstu er sýndir til skýringar á skipulagsupprætti. Gönguleiðir á láglendi eru ekki auðkenndar sérstaklega, en fjallað er um helstu gönguleiðir í dreifbýli ofan byggðar í kafla 2.5.3.

Skipulagsáætlunin staðfestir núverandi vegakerfi Vegagerðarinnar.

Stofnvegir

Á skipulagsuppráttum er auðkennt núverandi stofnvegakerfi og fyrirhugaðar breytingar á stofnvegum til loka skipulagstímabilsins skv. langtímaáætlun í vegamálum 2003-2014 og tillögum sveitarstjórnar. Í Vesturbyggð eru eftirfarandi stofnvegir:

Vegnr.	Heiti vegar	Lýsing
60	Vestfjarðarvegur	Liggur frá sýslumörkum í Kjálkafirði, fyrir Vatnsfjarðarbotn um Helluskarð að sýslumörkum upp á Dynjandisheiði.
62	Barðastrandarvegur	Af Vestfjarðavegi hjá Flókalundi í Vatnsfirði, um Barðaströnd yfir Kleifaheiði, um Raknadalshlíð, um Þórsögötu að höfn á Patreksfirði.
63	Bíldudalsvegur	Af Barðastrandarvegi við Patreksfjörð, um Mikladal, fyrir Tálknafjarðarbotn, um Hálfán til Bíldudals, um Suðurfirði til Trostansfjarðar, þaðan á Vestfjarðarveg rétt norðan við Helluskarð.
610	Brjánslækjarvegur	Af Barðastrandarvegi að ferjubryggju.



Mynd 13. Ekið eftir Örlygshafnarvegi.

Tengivegir

Haldið verði áfram endurbótum tengibrauta almennt til þess að stytta vegalengdir og til að bæta samgöngur í Vesturbyggð. Eftirfarandi tengibrautir eru í sveitarfélaginu:

Veg-nr.	Heiti vegar	Lýsing
611	Siglunesvegur	Af Barðastrandarvegi að Siglunesá.
612	Örlygshafnarvegur	Af Barðastrandarvegi hjá Ósum við Patreksfjörð um Hvalsker, Sauðlauksdalsvaðal, Örlygshöfn og Hafnarfjall að Hvallátrum.
614	Rauðasandsvegur	Af Örlygshafnarvegi hjá Hvalskeri yfir Skersfjall, að vegamótum neðan Bjarngötudals.
615	Kollsvíkurvegur	Af Örlygshafnarvegi hjá Geitagili um Gjögur, að Hænuvík að Láganúpi í Kollsvík.
616	Flugvallarvegur Patreksfjörður	Af Örlygshafnarvegi í Sauðlauksdal að flugvelli á Sandodda.
619	Ketildalavegur	Af Bíldudalsvegi við Bíldudal, út með Arnarfirði, að Feitsdal.
620	Flugvallarvegur Bíldudal	Af Bíldudalsvegi á Hvassnesi að flugvelli.



Mynd 14. Flugstöðvarbygging við flugvöll við Bíldudal.

FLUGVELLIR

Flugvellir flokkast í flugvelli og flugbrautir. (Sjá einnig gr. 4.16 í skipulagsreglugerð.)

Skipulagsáætlunin gerir ekki ráð fyrir miklum breytingum á vegakerfinu nema að hugmyndir sem settar eru fram í Byggðaáætlun Vestfjarða, í Vaxtarsamningi fyrir Vestfirði og jarðgangaáætlun Vegagerðarinnar, verði að veruleika. Sú tillaga sem snertir Vesturbyggð beint, þar sem framkvæmdir væru að miklu leyti innan sveitarfélagamarkanna, eru göng frá Vatnsfirði yfir í Borgarfjörð en það er endurskoðuð útgáfa af hugmyndum Vegagerðarinnar en í þeirri hugmynd komu göngin niður í Dynjandisvog. Göngin yrðu 13 km löng (í stað 10,8 km) og vegstytting yrði 12-14 km. Annar kostur eru tvenn jarðgöng milli þessara staða þar sem komið yrði út í Geirþjófsfirði og lengir sá kostur gangaleiðina um 1,4 km. Þar sem vegaáætlun gerir ekki ráð fyrir að göngin verði byggð fyrir 2018 eru þau ekki sýnd í þessari skipulagstillögu.

Uppbygging tengivega í sveitarfélaginu:

Hér ber helst að nefna uppbyggingu vega sem eru mikilvægar ferðamannaleiðir sbr.:

- Uppbygging Örlygshafnarvegur úr botni Patreksfjarðar að Bjargtöngum.
- Uppbygging Rauðasandsvegur að Lambavatni.
- Uppbygging Kollsvíkurvegur frá vegamótum í Örlygshöfn að Láganúpi í Kollsvík.

Aðrir vegir

Helstu vegir í þessum flokki eru heimreiðar að einstökum bæjum og eru flestar þeirra sýndar á skipulagsupprætti. Vegir í þessum flokki eru ekki sýndir til staðfestingar heldur settir fram til skýringar á upprætti.

2.5.2 Flugvellir

Markmið:

- Stefnt er að því að Bíldudalsflugvöllur verði áfram meginflugvöllur svæðisins.
- Stefnt er að því að flugvöllur á Patreksfirði geti áfram nýst til sjúkraflugs og leiguflugs og kannaðir verði möguleikar á fragtflugi þaðan.

Leiðir:

- o Kannaður verði möguleiki á að vörur framleiddar á svæðinu verði fluttar út með beinu flugi frá svæðinu.

Í Vesturbyggð er flugvöllur fyrir farþegaflug við Bíldudal og í Sauðlauksdal við Patreksfjörð er völlur sem hefur m.a. verið notaður fyrir sjúkraflug og leiguflug.

GÖNGUSTÍGAR

Á skipulagsupprætti eru einungis sýndar helstu gönguleiðir. Lega gönguleiða í dreifbýli er einungis til leiðbeiningar á skipulagsupprætti. (Sjá einnig gr. 4.7 í skipulagsreglugerð).



Mynd 15. Á Kleifaheiði.

Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
1	Bíldudalur	Brautin er 940 m löng og 30 m breið. Norðurendi liggur í 26 fetum en suðurendi í 11 fetum yfir sjávarmáli. Einkennisstafir eru BIBD.	Otradalur
2	Patreksfjörður	Brautin er 1400 m löng og 45 m breið. Hæð brautar er í 11 fetum yfir sjávarmáli. Einkennisstafir eru BIPA.	Sauðlauksdalur/Hvalsker

2.5.3 Gönguleiðir


Markmið:

- Stuðlað verði að almennri útivist í Vesturbyggð og stutt við uppbyggingu ferðapjónustu á svæðinu.
- Stefnt er að því að halda áfram merkingu gönguleiða í samstarfi við áhugamannafélög og aðila í ferðapjónustu.

Leiðir::

- o Halda skal áfram merkingu gönguleiða í samstarfi við áhugamannafélög og aðila í ferðapjónustu.*

Margar fornar þjóðleiðir eru í sveitarfélaginu. Helstu gönguleiðir eru færðar inn á skipulaguppdrátt til skýringar. (* Stjörnumerktar gönguleiðir eru þegar merktar)



Gönguleið	Lýsing
A	Frá Brjánslæk í Trostansfjörð.
B	Frá Brjánslæk að Krossholti
C	Frá Krossholti að Fossfirði
D	Frá Haga að Fossfirði.
E	Frá Haga að Tálknafirði.
F	Forn þjóðleið frá Barðaströnd og yfir í botn Ósafjarðar.
G	Frá Barðaströnd um Kleifarheiði í Skápadal eða að Rauðasandi.
H	Frá Saurbæ að Keflavík.
I*	Frá Lambavatni meðfram Sandsfjöllum til Keflavíkur.
J*	Gönguleið frá Hnjóti yfir Hnjótsheiði til Keflavíkur eða að Rauðasandi.
K*	Gönguleið frá Sauðlauksdal yfir Vatnsdalsfjall til Keflavíkur.
L*	Gönguleið frá Breiðavík til Keflavíkur.
M	Frá Keflavík að Hvallátrum.
N	Breiðavík að Hnjóti.
O	Breiðavík að Hænuvík.
P	Breiðuvík að Kollsvík.
Q	Frá Hnjóti um Örylgshöfn að Vatnsdal.
R	Frá Vesturbotni að Norðurbotni.
S	Frá Patreksfirði um Mikladal að Norðurbotni
T*	Lambeyrarháls þar sem gengið er frá Patreksfirði yfir Lambeyrarháls niður í Tálknafjörð.
U	Frá Patreksfirði að Tálknatá.
V	Frá Selárdal í Krossdal.
Y*	Frá Selárdal og ýmist farið í Sellátradal, Krossadal eða Fagradal.
Z	Hringleið frá Reykjafirði um Hádegisfjall.
Æ	Frá Bíldudal um Háldán að Tálknafirði.
Ö	Frá Bíldudal um Tunguheiði að Tálknafirði.

VATNSVEITA

Til vatnsveitu teljast stofnkerfi veitunnar, þ.e. flutningskerfi frá upptökum að dreifikerfi. (Sjá einnig gr. 4.17 í skipulagsreglugerð).

HITAVEITA

Til hitaveitna telst stofnkerfi veitnanna, þ.e. flutningskerfi frá upptökum að dreifikerfi. (Sjá einnig gr. 4.17 í skipulagsreglugerð).

FRÁVEITA

Til fráveitu teljast rotprær og stofnkerfi fráveitu, þ.e. flutningskerfi frá upptökum að dreifikerfi. (Sjá einnig gr. 4.17 í skipulagsreglugerð).

2.5.4 Vatnsveita

Markmið:

- a. Stefnt er að því að öll byggð í Vesturbyggð njóti nægjanlegs og góðs neysluvatns.

Leiðir::

- o Sveitarstjórn vinni markvisst að auka við þjónustu vatnsveitunnar*
- o Sveitarfélagið sjái til þess að vatnsból verði afgirt og engar framkvæmdir sem gætur ógnað vatnsverndarsvæðum verði leyfðar á grann- eða fjarsvæðum þeirra.*

Áætlunin skilgreinir ekki verndarsvæði vatnsbóla einstakra jarða í dreifbýli.

2.5.5 Hitaveita

Markmið:

- a. Stefnt er að því að sem stærstu hluti byggðar í Vesturbyggð njóti hitaveitu.
- b. Haldið verði áfram rannsóknum og möguleikum á að nýta jarðhita til að hita upp húsnæði sem víðast í Vesturbyggð.

Leiðir::

- a. *Haldið verði áfram rannsóknum og möguleikum á að nýta jarðhita til hita upp húsnæði sem víðast í Vesturbyggð.*

Hitaveita er í Krossholti sem nýtt er til húshitunar á staðnum.

2.5.6 Fráveita

Markmið:

- a. Stefnt er að því að öll byggð í Vesturbyggð verði tengd viðurkenndum rotþróum á næstu árum.

Leiðir:

- o Hagkvæm lausn verði fundin á frárennismálum sveitarfélagsins í dreifbýli..*

RAFVEITA

Til rafveitna telst stofnkerfi veitnanna, þ.e. flutningskerfi frá upptökum að dreifikerfi ásamt helgunarsvæðum. (Sjá einnig gr. 4.17 í skipulagsreglugerð).

FJARSKIPTI

Svæði fyrir fjarskiptamannvirki nær til stofnkerfa ljósleiðara og endurvarpsstöðva útvarps og sjónvarps. (Sjá einnig gr. 4.17 í skipulagsreglugerð).

2.5.7 Rafveita

Markmið:

- a. Stefnt er að því að öll byggð njóti raftengingar á sem hagstæðasta verði.

Leiðir:

- o Að þrífösun rafmagns verði komið á í dreifbýli.

Gert er ráð fyrir að allar nýlagnir 33 kV og með lægri spennu verði settar í jörð. Orkubú Vestfjarða er dreifiaðili raforku í sveitarfélaginu. Spennistöð eru við Mjólkárirkjun. Á skipulagsupprætti eru 66-132 kV línur sýndar.

Heiti línu	Lýsing
Mjólkárliða, 132 kV	Línan liggur frá Geiradal að Mjólkárirkjun í Arnarfirði.

2.5.8 Fjarskipti

Markmið:

- a. Gert er ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu fjarskipta í sveitarfélaginu sem stuðlar að aukinni þjónustu við íbúa og styrkir atvinnustarfsemi.
- b. Unnið verði að því að koma á öruggu farsímasambandi í allri Vesturbyggð.

Leiðir:

- o Áframhaldandi uppbygging háhraðanets í sveitarfélaginu.
- o Fjölgun senda fyrir farsíma í sveitarfélaginu.

Endurvarpsstöðvar útvarps og sjónvarps eru á Patreksfirði, Örylgshöfn, Selárdal og á Haganesi við Bíldudal. Ljósleiðari Síman's þverar mynni Kjálkafjarðar, meðfram þjóðvegi á Hjarðarnesi, þverar Vatnsfjörð og kemur í land við Brjánslæk, meðfram þjóðvegi á Barðströnd, yfir Kleifaheiði, upp á Botnheiði, greinist þar niður í Patreksfjörð og Tálknafjörð, yfir Hálfán niður í Bíldudal og að Haganesi. í gegnum Dalabyggð um Laxárdalsheiði,

Búðardal og Svínadal. Ljósleiðaratenging er á Patreksfirði og á Bíldudal sem m.a. hafa gefið möguleika á fjarkennslu.

2.6 ÞEMAUPPDRÆTTIR

Til þess að auðvelda lestur skipulagsgagna eru helstu efnisþættir aðalskipulags dregnir saman til skýringar á sérstökum þemauppdráttum í mkv. 1:250.000. Skipulagsuppdrættir gilda ef ósamræmi er milli þemauppdrátta og skipulagsuppdrátta. Þemauppdrættirnir eru eftirfarandi og eru aftast í greinargerðinni. Athuga skal að þemauppdrættir eru eingöngu til skýringar en ekki samþykktar.

- I. Námur.
- II. Skógrækt.
- III. Verndarsvæði.
- IV. Söguminjar.
- V. Samgöngur.
- VI. Gönguleiðir.



Mynd 16. Patreksfjörður



Mynd 17. Bíldudalur

3 ÞÉTTBÝLIÐ Í VESTURBYGGÐ

3.1 INNGANGUR

Aðalskipulag þetta er að hluta til endurskoðun á gildandi aðalskipulagi Bíldudals sem staðfest var 1991 og Patreksfjarðar sem staðfest var árið 1981. Í aðalskipulagi er mörkuð stefna um þéttleika byggðar á landnotkunarsvæðum.

Í skipulagstillögunni felast nokkrar breytingar sem taldar voru upp í kafla 1.7. Einnig er framsetningu skipulagsins breytt þar sem skilgreiningu landnotkunarflokka og litum á skipulagsuppráttum var breytt með ákvæðum skipulagsreglugerðarinnar frá 1998 í kjölfar nýrra skipulags- og byggingarlaga.

Meginmarkmið aðalskipulagsins eru talin upp í kafla 1.2.2.. Markmiðin eiga einnig við fyrir dreifbýli Vesturbyggðar en áherslur eru mismunandi.

Hér á eftir fara sérstakar áherslur í hverjum málaflokki sem eiga við þéttbýlið á Patreksfirði og á Bíldudal.

3.2 ÍBÚÐARSVÆÐI

ÍBÚÐARSVÆÐI

Á íbúðarsvæðum skal fyrst og fremst vera íbúðarhúsnæði. Þar má þó einnig gera ráð fyrir starfsemi sem eðlilegt er að þar sé þjónusti íbúa viðkomandi hverfis, s.s. verslun, hreinlegum iðnaði, handiðnaðarfyrirtækjum, þjónustustarfsemi og leiksvæðum, eða annarri starfsemi sem hvorki er ætlað að muni valda óþægindum vegna lyktar, hávaða eða óþrifnaðar né draga að sér óeðlilega mikla umferð.

Markmið:

- Stuðlað verði að þéttingu núverandi íbúðarbyggðar, einkum í Hólum, Stekkum, Brunnum, Hjöllum, Sigtúni og Aðalstræti.
- Íbúðarbyggð þróist til austurs vestan Mikladalsveggar og verði í góðum tengslum við miðlæg þjónustu- og útivistarsvæði.

Leiðir:

- o *Komið verði til móts við mismunandi þarfir íbúa með fjölbreyttu framboði íbúðagerða og lóða.*


Í stefnumörkun þessa aðalskipulag er gert er ráð fyrir að auka þéttleika þannig að 10-12 íbúðir og fleiri verða á ha. Á þeim svæðum sem teljast til framtíðar íbúðarsvæða er æskilegt að hafa eftirfarandi töflu um nýtingarhlutfall eftir húsagerðum til viðmiðunar þegar unnið er deiliskipulag eða það endurskoðað:

Húsagerðir	íbúðir / ha	nýtingarhlutfall
Einbýlishús	10 - 12	0,20 - 0,4
Raðhús	15 - 25	0,35 - 0,6
Sambylishús (2-5 íbúðir)	25 - 35	0,50 - 0,8

Landþörf og þéttleiki byggðar á Patreksfirði

Samkvæmt nýjum skipulagslögum er ekki gert ráð fyrir að sýna landnotkun eftir að skipulagstímabilinu lýkur og eru slík svæði skv. gildandi aðalskipulagi því ekki sýnd. Hér eru aftur á móti tekin frá svæði undir íbúðarbyggð til að skapa valmöguleika á íbúðarsvæðum þar sem enn eru á óbyggðum lóðum innan eldri byggðar ekki búið að tryggja varnir gegn ofanflóðum. Æskilegt er því að sýna svæði fyrir nýja íbúðarbyggð til þess að viðhalda góðu framboði á lóðum.

Á skipulagsupprætti eru um 23 ha lands afmarkaðir fyrir núverandi íbúðarbyggð og um 10 ha fyrir nýja byggð. Á núverandi byggingarsvæðum eru 27-37 óbyggðar lóðir. Miðað við 1% árlega fjölgun íbúa er þörf fyrir 2-3 íbúðir á ári sem gera 24-36 íbúðir í lok skipulagstímabilsins



Mynd 18. Ný íbúðarsvæði á Patreksfirði.

Götur	Þegar byggt	Óbyggðar lóðir
Hólar	3	4-6
Urðargata	14	5-7
Brunnar	23	1-2
Stekkar	10	5-7
Hjallar	17	5-6
Sigtún	36	4-5
Aðalstræti	51	3-4
Samtals	154	27-37


Gert er ráð fyrir að byggðin verði við þjónustuæðar, s.s. aðalaðkomu inn í bæinn. Gert er ráð fyrir hóflega þéttri byggð á nýjum íbúðarsvæðum sem náð verður fram með blöndun mismunandi húsagerða. Næst núverandi byggð og á auðum lóðum innan eldri byggðar skal virða einkenni og yfirbragð þeirrar byggðar sem fyrir er.

Í íbúaspám er miðað við 0,5-1 % árlegri fjölgun á skipulagstímanum. Gera má ráð fyrir að fjölgun í Vesturbyggð verði helst í þéttbýlinu á Patreksfirði og á Bíldudal. Samkvæmt þessum spám verður framreiknaður íbúafjöldi árið 2018 á Patreksfirði miðað við 0,5-1% árlega fjölgun á bilinu 707-763 íbúar(var 663 1. desember 2004).

Ný íbúðarsvæði

Gert er ráð fyrir að íbúðarbyggð þróist til austurs. Skilgreind eru 5 ný íbúðarsvæði vestan Mikladalsvegar sem munu hafa tengingu við Aðalstræti. Mikladalsvegur verður skilgreindur sem tengivegur, sem mun tengjast Aðalstræti. Auk tveggja annarra svæða vestan Mikladalsvegar. Svæðin eru samtals um 10 ha að stærð og þar er rými fyrir um a.m.k. 103-117 íbúðir eins og kemur fram í töflu hér á eftir með þéttleika 10-11 íbúðir/ha:

Ný svæði	Stærð í ha	Fjöldi lóða
Svæði A	1,2	12-14
Svæði B	1,7	17-19
Svæði C	3,0	30-32
Svæði D	0,7	7-9
Svæði E	0,8	8-10
Svæði F	0,8	8-10
Svæði G	2,1	21-23
Samtals	10,3 ha	103 - 117



Mynd 19. Ný íbúðarsvæði á Bíldudal.

Landþörf og þéttleiki byggðar á Bíldudal

Samkvæmt nýjum skipulagslögum er ekki gert ráð fyrir að sýna landnotkun eftir að skipulagstímabilinu lýkur og eru slík svæði skv. gildandi aðalskipulagi því ekki sýnd. Á skipulagsupprætti eru um 13 ha lands afmarkaðir fyrir núverandi íbúðarbyggð og um 5 ha fyrir nýja byggð. Núverandi byggingarsvæði eru fullbyggð.

Í íbúaspám er miðað við 0,5-1 % árlegri fjölgun á skipulagstímanum. Samkvæmt þessum spám verður framreiknaður íbúafjöldi á Bíldudal árið 2018 á bilinu 241-270 íbúar. (var 233 1. desember 2004). Miðað við 1% árlega fjölgun íbúa er þörf fyrir 1-2 íbúðir á ári sem gera 12-24 íbúðir í lok skipulagstímabilsins


Ný íbúðarsvæði

Gert er ráð fyrir að íbúðarbyggð þróist til suðvesturs meðfram Dalbrautinni og þjóðvegi 63 til Patreksfjarðar. Skilgreind eru 1 nýtt íbúðarsvæði vestan vegar sem munu hafa tengingu við fyrrnefndan þjóðveg og Dalbraut. Svæðið eru samtals um 5 ha að stærð og þar er rými fyrir um a.m.k. 48-52 íbúðir eins og kemur fram í töflu hér á eftir með þéttleika 10-11 íbúðir/ha:

Ný svæði	Stærð í ha	Fjöldi lóða
Svæði A	4,8	48-52
Samtals	4,8 ha	48 - 52

ÞJÓNUSTUSVÆÐI

Á skipulagsupprætti fá svæði fyrir þjónustustofnanir appelsínugulan lit. Þjónustustofnun getur m.a. verið skóli, leikskóli, heilsugæslustöð og kirkjustaður.



Mynd 20. Skóla- og heilbrigðisstofnunar svæði á Patreksfirði.

3.3 SVÆÐI FYRIR ÞJÓNUSTUSTOFNANIR

Markmið:

- a. Grunnskóla- og leikskólalóðir verði í góðum tengslum við íbúðahverfi og nýttist þannig sem útivistarsvæði. Stuðlað verði að aukinni þjónustu við þjónustuíbúðir aldraðra á Patreksfirði og við dagvistun á Bíldudal og styrkingu á stöðu Heilbrigðisstofnunar Patreksfjarðar. Félagsleg þjónusta verði sem mest miðsvæðis og aðgengileg öllum íbúum.

Leiðir::

- o Öruggar gönguleiðir og bætt aðgengi verð að þjónustustofnunum..

Á skipulagsupprætti fá svæði fyrir þjónustustofnanir appelsínugulan lit. Eftirtalin svæði fyrir þjónustustofnanir eru á Patreksfirði:

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
S1	Gamla sundlaugin	Gamla sundlaug Patreksfjarðar stendur á um 0,2 ha lóð. Hugmyndir eru um nýta búningssklefa fyrir íþróttavöll og laugina sem skautasvell.
S2	Rafstöð	Rafstöðin er á um 0,2 ha lóð við hlið gömlu sundlaugarinnar.
S3	Safnasvæði	Fyrirhugað svæði fyrir togarasafn. Stærð svæðis um 2,1 ha.
S4	Slökkvistöð	Slökkvistöðin er staðsett á 0,1 ha lóð á horni Oddagötu og Þórgötu.
S5	Byggðasafn	Á lóðinni er byggðasafn með aðstöðu. Stærð lóðar er 0,3 ha.
S6	Póstur	Á lóðinni er Íslandspóstur með starfsstöð. Stærð lóðar um 0,2 ha.
S7	Dvalarheimili	Dvalarheimili og spennistöð. Stærð svæðis 0,4 ha.
S8	Leikskóli	Leikskólinn Araklettur, stærð lóðar um 0,3 ha.
S9	Skólareitur	Starfsemi Grunnskóla Patreksfjarðar er á um 1,9 ha lóð við Aðalstræti sem og íþróttahús og sundlaug.
S10	Kirkja	Kirkjan er staðsett á um 0,12 ha lóð. Friðlýst.
S11	Kyndistöð	Orkubú Vestfjarða. Stærð lóðar 0,08 ha.
S12	Heilbrigðis- stofnunin Patreksfirði	Á lóðinni er Heilbrigðisstofnunin á Patreksfirði. Stærð lóðar er um 1,9 ha.
S13	Stjórnsýsla	Bæjarskrifstofur á um 0,1 ha lóð.
S14	Sýslumaður	Sýslumannshús. Stærð lóðar um 0,2 ha.
S15	Spennuvirki	Spennistöð, stærð lóðar um 0,4 ha.
S16/V7	Verslun og þjónusta	Vélsmiðjuhús, fyrirhugað svæði fyrir hótél, stærð svæðis 0,4 ha.
S17/V7	Félagsheimili	Á lóðinni er félagsheimili, stærð lóðar um 1,3 ha. Einnig lóð fyrir hótél.
S18	Þjónustu- stofnun	Stærð lóðar um 0,3 ha. Óbyggð lóð.
S19	Spennivirki	Spennivirki og mannvirki tengd henni. Stærð lóðar um 0,4 ha.
S20	Þjónustu- stofnun	Stærð lóðar 0,6 ha. Óbyggð lóð.



Mynd 21. Svæði fyrir þjónustustofnanir á Bıldudal.

Eftirtalin svæði fyrir þjónustustofnanir eru á Bıldudal:

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
S1	Dvalarheimili	Stærð 0,08 ha.
S2	Póstur	0,09 ha
S3	Grunnskólinn á Bıldudal	Starfsemi Grunnskóla Bıldudals er á um 0,6 ha lóð við Dalbraut.
S4	Spennivirki	0,16 ha
S5	Smiðja	Gömul smiðja og safn (Melódiur minninganna) 0,16 ha
S6	Leikskóli	Lóð 0,26 ha að stærð.
S7	Kirkja	0,15 ha Friðlýst.
S8	Íþróttahús	Íþróttahús og útisvæði, stærð lóðar 0,4 ha.

VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI

Á verslunar- og þjónustusvæðum skal einkum gera ráð fyrir verslunum og þjónustustarfsemi, m.a. ferðaþjónustu. Þar sem aðstæður leyfa má gera ráð fyrir íbúðum á verslunar- og þjónustusvæðum, sérstaklega á efri hæðum bygginga. (Sjá einnig gr. 4.5 í skipulagsreglugerð)



Mynd 22. Framtíðar verslunar- og þjónustusvæði á Patreksfirði.

3.4 VERSLUNAR OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI

Markmið:

- Löggð er áhersla á að gott framboð á verslunar- og þjónustulóðum.

Leiðir:

- o Gefið er eðlilegt svigrúm fyrir þróun á núverandi verslunar- og þjónustustarfsemi og nýjar eru dreifðar um þéttbýlið..
- o Með uppbyggingu á frístundabyggð og verslun og þjónustu er ætlunin að laða að ferðamenn t.d. í tengslum við sjóstangaveiði og annað sem svæðið býður upp á.

Patreksfjörður


Á skipulagsupprætti fær verslunar- og þjónustusvæði gulan lit. Þar er fyrst og fremst gert ráð fyrir verslunum og þjónustustarfsemi. Verslunar- og þjónustusvæði á Patreksfirði eru í dreifð um allt þéttbýlið. Gert er ráð fyrir rúmri þjónustulóð fyrir hótél norðan Aðalstrætis. Eftirfarandi svæði á Patreksfirði eru skilgreind sem verslunar- og þjónustusvæði:

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
V1/F1	Óbyggð lóð	Stærð svæðis 0,9 ha
V2	Skjaldborgarbíó	Stærð svæðis 0,13 ha.
V3	Verslunarlóð	Stærð svæðis 0,1 ha.
V4	Verslunarlóð	Stærð svæðis 0,13 ha.
V5	Veitingastaður	Stærð svæðis 0,11 ha.
V6	Veitingastaður	Stærð svæðis 0,3 ha.
V7/S17	Verslun og þjónusta	Vélsmiðjuhús, fyrirhugað svæði fyrir hótél stærð svæðis 0,4 ha.
V8	Bensínstöð	Stærð svæðis 0,3 ha.
V9/S18	Félagsheimili	Félagsheimili og lóð umhverfis það er 1,2 ha að stærð.
V10	Verslunar- og þjónustusvæði	Framtíðar verslunar- og þjónustusvæði. Stærð svæðis 0,5 ha.

Að undanskildu svæðum V7 og V8 teljast þessi svæði fullbyggð að mestu. Nýtingarhlutfall á verslunar- og þjónustusvæðum skal almennt vera að meðaltali um 0,2-0,6.

Bíldudalur

Verslunar- og þjónustusvæði á Bíldudal eru í dreifð um allt þéttbýlið. Gert er ráð fyrir rúmri þjónustulóð í syðri hluta þorpsins þegar ekið er í áttina til Patreksfjarðar. Eftirfarandi svæði á Patreksfirði eru skilgreind sem verslunar- og þjónustusvæði:




Mynd 23. Verslunar- og þjónustusvæði á Bíldudal.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
V1	Verslunar og þjónustusvæði	Framtíðar verslunar- og þjónustusvæði og svæði fyrir frístundabyggð. Stærð svæðis 0,8 ha.
V2/A3	Verslun- og þjónusta	Veitinga-, gistihús og bensínafgreiðsla. Stærð svæðis 0,3 ha.
V3	Pósthús	Pósthús og sparisjóður. Stærð lóðar 0,04 ha.
V4	Verslunar og þjónustureitur	Óbyggð lóð. Stærð svæðis 0,1 ha.
V5	Verslun- og þjónusta	Veitingahús og gisting, stærð svæðis 0,1 ha

Að undanskildu svæði V1 teljast þessi svæði fullbyggð að mestu. Nýtingarhlutfall á verslunar- og þjónustusvæðum skal almennt vera að meðaltali um 0,2-0,6.

ATHAFNASVÆÐI

Á athafnasvæðum er gert ráð fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hættu er á mengun, s.s. léttum iðnaði, vörugæmslum, hreinlegum verkstæðum og umboðs- og heildverslunum. Almennt skal ekki gera ráð fyrir íbúðum á athafnasvæðum. Þó er unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdri starfsemi fyrirtækja, s.s. fyrir húsverði. (Sjá einnig gr. 4.6 í skipulagsreglugerð)



Mynd 24. Athafnasvæði á Patreksfirði, sýnt með ljósgráum lit.

3.5 ATHAFNASVÆÐI

Markmið:

- Lögð verður áhersla á að skapa fyrirtækjum í sjávarútvegi góðar umhverfis- aðstæður.
- Bæta skilyrði fyrir úrvinnslu og framleiðslu á landbúnaðarafurðum og annarri matvælaframleiðslu eða tengdri starfsemi.

Leiðir:


- o Fjölbreytt framboð athafnalóða er fyrir mismunandi fyrirtæki.
- o Að lækka raforkukostnað atvinnufyrirtækja.

Patreksfjörður

Athafnasvæði eru sýnd með ljósgráum lit .

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
A1	Athafnasvæði	Stærð svæðis 0,53 ha.
A2	Vélsmiðjan Logi	Vélsmiðjan Logi og tilheyrandi lóð. Stærð svæðis 0,25 ha.
A3	Vegagerðin	Stærð svæðis 0,72 ha.

Nýtingarhlutfall á athafnasvæðum skal almennt vera að meðaltali um 0,3-0,6.



Mynd 25. Hluti athafnasvæðis á Bíldudal, sýnt með ljósgráum lit..

IÐNAÐARSVÆÐI

Á iðnaðarsvæðum er gert ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun, í förmeð sér s.s. verksmiðjum, virkjunum, tengivirkjum veitustöðvum, skólpælu- og hreinsistöðvum, birgðastöðvum fyrir olíur og móttökustöðvum fyrir úrgang. Íbúðir eru ekki heimilar á iðnaðarsvæðum. Svæðin eru sýnd sem dökkgráum lit. (Sjá einnig gr. 4.7 í skipulagsreglugerð)

Bíldudalur

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
A1	Athafnasvæði	Trésmiðja. Stærð lóðar 0,6 ha.
A2	Athafnasvæði	Trésmiðja og vélsmiðja. Stærð svæðis 0,17 ha.
A3/V2	Athafnasvæði og verslun og þjónusta	Blönduð starfsemi. Stærð lóðar 0,3 ha.

Nýtingarhlutfall á athafnavæðum skal almennt vera að meðaltali um 0,3 - 0,6.


3.6 IÐNAÐARSVÆÐI**Markmið:**

- Rennt verði styrkari stoðum undir úrvinnsluiðnað landbúnaðarafurða.
- Tryggt verði eðlilegt svigrúm fyrir þróun núverandi iðnaðarstarfsemi.
- Iðnaður verði eflur í sveitarfélaginu.

Leiðir:

- o Lögd er áhersla á að gott framboð á rúmum iðnaðarlóðum, m.a. til að nýta tækifæri sem tengjast sérstöðu svæðisins
- o Hafin verði markviss leit að iðnfyrirtækjum sem hægt væri að koma á fót á svæðinu eða kaupa og flytja á svæðið.
- o Að lækka flutningskostnað með því að lækka álögur hins opinbera á flutningastarfsemi.
- o Að lækka raforkukostnað atvinnufyrirtækja

Á skipulagsuppdætti eru iðnaðarsvæðin sýnd með dökkgráum lit.



Mynd 26. Hluti iðnaðarsvæðis á Patreksfirði.



Mynd 27. Iðnaðarsvæði á Bíldudal.

Patreksfjörður

Á Patreksfirði eru flest iðnaðarsvæði við í austurhluta byggðarinnar sitthvorum megin við Mikladalsveg. Svæðin eru að stórum hluta ónýtt.

Lýsing á starfsemi á einstökum svæðum er samkvæmt núverandi notkun og er ekki bindandi umframákvæði skipulags- og byggingarlaga og skipulagsreglugerðar. Eftirfarandi svæði á Patreksfirði eru skilgreind sem iðnaðarsvæði:

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
I1	Iðnaðarsvæði	Stærð lóðar 0,15 ha.
I2	Iðnaðarsvæði	Bifreiðaverkstæði. Stærð lóðar 0,08 ha.
I3	Iðnaðarsvæði	Framtíðariðnaðarsvæði. Stærð svæðis 1,25 ha.
I4	Iðnaðarsvæði	1,75 ha.

Nýtingarhlutfall á iðnaðarsvæðum skal almennt vera að meðaltali um 0,2 - 0,5.

Bíldudalur

Á Bíldudal er gert ráð fyrir iðnaðarsvæði við í suðurhluta byggðarinnar Svæðið er óbyggt.

Lýsing á starfsemi á einstökum svæðum er samkvæmt núverandi notkun og er ekki bindandi umframákvæði skipulags- og byggingarlaga og skipulagsreglugerðar. Eftirfarandi svæði á Bíldudal eru skilgreind sem iðnaðarsvæði:

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
I1	Iðnaðarsvæði	Framtíðar iðnaðarsvæði. Stærð svæðis 3,3 ha.
I2	Gámasvæði	Stærð svæðis 0,2 ha.

Nýtingarhlutfall á iðnaðarsvæðum skal almennt vera að meðaltali um 0,2 - 0,5.

HAFNARSVÆÐI

Á hafnarsvæðum tengist landnotkun fyrst og fremst hafnsækinni starfsemi, s.s. útgerð, fiskvinnslu og starfsemi tengdri sjóflutningum og viðgerðum. (Sjá einnig gr. 4.8 í skipulagsreglugerð).



Mynd 28. Höfnin á Patreksfirði

Ljós. www.bb.is

3.7 HAFNARSVÆÐI

Markmið:

- a. Stuðlað verði að betri nýtingu núverandi hafnaraðstöðu og aðstöðu til úrvinnslu sjávarfangs og annarri starfsemi tengt sjávarútvegi.

Leiðir:

- o Tryggt verði nægjanlegt framboð rúmra lóða fyrir hafnsækna starfsemi.
- o Fullvinnsla sjávarafurða verði stórlega eflid.
- o Að lækka flutningskostnað með því að lækka álögur hins opinbera á flutningastarfsemi.
- o Að lækka raforkukostnað atvinnufyrirtækja

Patreksfjörður

Eitt samfellt hafnarsvæði er á Patreksfirði og er það táknað með dökkbláum lit og númeri á skipulagsupprætti.

Nr.	Heiti	Lýsing
H1	Patreksfjarðarhöfn	Meðalstór fiskihöfn. Bryggjukantar 629 m, lengd bryggju 170 m. Mesta dýpi við Hafskipabryggju 6m. ¹³ Stærð svæðis 10,9 ha.

Nýtingarhlutfall á hafnarsvæðum skal almennt vera að meðaltali um 0,1-0,5.

¹³ Heimasíða Siglingastofnunar, <http://www.sigling.is>, 08.11.2005



Mynd 29. Höfnin á Bíldudal

Ljósmynd www.bb.is

Bíldudalur

Eitt samfelld hafnarsvæði er á Bíldudal og er það táknað með dökkbláum lit og númeri á skipulagsupprætti.

Nr.	Heiti	Lýsing
H1	Bíldudals-höfn	Bátahöfn. Bryggjukantar 238 m, lengd bryggju 45 m. Mesta dýpi við bryggju á Króknum 6.5 m á 45 m kafla. ¹⁴ Stærð svæðis 4,1 ha.

Nýtingarhlutfall á hafnarsvæðum skal almennt vera að meðaltali um 0,1-0,5.

3.8 SVÆÐI UNDIR FRÍSTUNDABYGGÐ

Markmið

- Gæta skal umhverfissjónarmiða við skipulagningu nýrra svæða fyrir frístundabyggð.
- Ný sumarhúsasvæði eru deiliskipulagsskyld og stærð og þéttleiki nýrra svæða skal kveðið á um í deiliskipulagi. Frekari uppbygging á eldri frístundabyggðarsvæðum verður háð því skilyrði að hún verði í samræmi við skipulag.

Leiðir:

- o Áður en deiliskipulagsvinna hefst skal gera úttekt á forminjum á viðkomandi svæði og leita umsagnar Fornleifaverndar ríkisins.
- o Á nýjum svæðum eru lóðir jafnan stærri en 0,25 ha en að öðru leyti skal kveðið á um þéttleika byggðar í deiliskipulagi.
- o Tekið verði frá svæði fyrir frístundabyggð norðan byggðar sem nýtur góðs af þjónustu á Bíldudal.

SVÆÐI FYRIR FRÍSTUNDABYGGÐ

Til frístundabyggðar teljast sumar- og orlofshúsasvæði, auk veiðihúsa og samsvarandi byggð sem ekki er ætluð til heilsársbúsetu. Til frístundahúsa teljast einnig fjallaskálar, gangnamannaskálar og neyðarskýli. (Sjá einnig gr. 4.11 í skipulagsreglugerð).

¹⁴ Heimasíða Siglingastofnunar, <http://www.sigling.is>, 08.11.2005

- o Tekið verði frá svæði fyrir frístundabyggð norðan byggðar sem nýtur góðs af þjónustu á Patreksfirði.

Patreksfjörður

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
F1/V1	Frístundabyggð á Patreksfirði	Svæði fyrir frístundabyggð. Stærð svæðis 0,9 ha.

Bíldudalur

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
F1	Frístundabyggð á Bíldudal	Svæði fyrir frístundabyggð. Stærð svæðis 0,8 ha.

3.9 OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA

Markmið:

- a. Bæjarbúum verði tryggð fjölbreytt aðstaða til leikja og tómstundastarfs.
- b. Stefnt verði að frekari uppbyggingu fyrir smábáta.

Leiðir:

- o Haldið verði áfram uppbyggingu íþróttasvæða sem og annarra opinna svæða í þéttbýli í Vesturbyggð.
- o Aukin áhersla verði lögð á vistlegt umhverfi og trjárækt innan þéttbýlisins til skjólmyndunar og fegrunar.

OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA

Í flokki opinna svæða til sérstakra nota eru svæði með útivistargildi þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjagerð í tengslum við starfsemi sem þar er stunduð. Hér er t.d. um að ræða tjaldsvæði fyrir almenning, golfvelli, íþróttasvæði og skipulögð trjáræktarsvæði. (Sjá einnig gr. 4.12 í skipulagsreglugerð).



Mynd 30. Knattspyrnuvöllur á Patreksfirði.

Patreksfjörður

Stærstu opnu svæðin til sérstakra nota mynda samfelldan útivistarvef ofan, vestan og austan byggðar á Patreksfirði. Um er að ræða fjölnota grasflatir, tjaldsvæði, leikvelli, auðar lóðir og íþróttasvæði Patreksfirðinga. Kirkjugarður er í austurhluta byggðarinnar við Mikladalsveg Lýsing á starfsemi á einstökum svæðum er samkvæmt núverandi notkun. Eftirfarandi svæði á Patreksfirði eru skilgreind sem opin svæði til sérstakra nota: Opin svæði til sérstakra nota eru eftirfarandi:

Opin svæði til sérstakra nota eru eftirfarandi:

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
Ú1	Leiksvæði	Leiksvæði við Mýrar. Stærð 0,05 ha.
Ú2	Minnisvarði	Minnisvarði, stærð svæðis 0,04 ha.
Ú3	Útivistarsvæði	Útivistarsvæði, stærð svæðis 0,7 ha.
Ú4	Knattspyrnuvöllur	Knattspyrnuvöllur. Stærð 1 ha.
Ú5	Leiksvæði	Stærð 0,1 ha.
Ú6	Minnisvarði	Minnisvarði, stærð svæðis 0,04 ha.
Ú7	Leiksvæði	Stærð 0,07 ha.
Ú8	Leiksvæði	Stærð 0,25 ha.
Ú9	Leiksvæði	Stærð 0,2 ha
Ú10	Tjaldsvæðisreitur	Hér er tjaldsvæði og gert er ráð fyrir allt að 8 smáhýsum á norðurhluta svæðisins. Stærð 2,8 ha.
Ú11	Sparkvöllur	Stærð svæðis 3,3 ha.
Ú12	Skógrækt	Stærð svæðis 2,5 ha.
Ú13	Kirkjugarðsreitur	Stærð svæðis 0,8 ha.
Ú14	Leiksvæði	Stærð 2,5 ha.



Mynd 31. Almenningsgarður á Bíldudal

ÓBYGGÐ SVÆÐI

Óbyggð svæði eru opin svæði til almennrar útiveru eða takmarkaðrar umferðar fólks og þar sem ekki er gert ráð fyrir mannvirkjagerð, þ.m.t. skógræktarsvæði önnur en nytjaskógrækt á bújörðum og landgræðslusvæði (Sjá einnig gr. 4.13 í skipulagsreglugerð).

Bíldudalur

Opin svæði til sérstakra nota eru eftirfarandi:

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
U1	Hestamannasvæði	Stærð 3,8 ha.
Ú2	Golfvöllur	Golfvöllur og svæði innan hans 36 ha.
Ú3	Kirkjugarðsreitur	Stærð 0,15 ha.
Ú4	Leikvöllur	Stærð 0,14 ha.
Ú5	Almenningsgarður	Stærð 0,4 ha.
Ú6	Leiksvæði	Stærð 0,08 ha
Ú7	Sparkvöllur	Sparkvöllur og útivistarsvæði. Stærð svæðis 1,4 ha.
Ú8	Leiksvæði	Stærð 0,3 ha
Ú9	Leiðagarður	Stígar og skógrækt í tengslum við snjóflóðavarnargarð. Ekki er gert fyrir byggingum á þessu svæði.

3.10 ÓBYGGÐ SVÆÐI

Markmið:

- Unnið verði að því að nýta sem best útivistarmöguleika sem nágrenni Patreksfjarðar og Bíldudals bjóða upp á.

Leiðir:

- o Áfram verði unnið að áætlunum um skógrækt og uppgræðslu í nágrenni Patreksfjarðar og Bíldudals.
- o Gönguleiðarkerfi skv. tillögu í aðalskipulagi verði byggt upp.

Byggðirnar á Patreksfirði og Bíldudal eru umloknar opnum svæðum sem eru áhugaverð til ræktunar og útivistariðkunar. Almennigur á greiðan aðgang að strönd og innsveit beggja byggðalaga. Samkvæmt skipulagslögum þá er ekki neinn landnotkunarflokkur sem nær til almennra útivistarsvæða og því eru slík svæði skilgreind hér sem óbyggð svæði. Hér er um

að ræða öll opin svæði innan byggðarinnar og í næsta nágranni hennar sem ekki eru skilgreind sem opin svæði til sérstakra nota eða landbúnaðarsvæði.

3.11 ÞJÓÐMINJAVERNÐARSVÆÐI

Um þjóðminjavernd er fjallað í kafla 2.4.2.

3.12 SORPFÖRGUNARSVÆÐI

Um sorpförgun er fjallað um í kafla 2.3.8.

3.13 SAMGÖNGUR

Markmið:

- a. Lögð skal áhersla á heilsteyppt umferðarkerfi sem tengir íbúða- og atvinnuhverfi saman á skilvirknan og öruggan hátt.

Leiðir:

- o Skipulag nýrra hverfa taki mið af því að stytta ökuleiðir, ásamt því að staðsetja þjónustu og atvinnutækifæri eins nálægt íbúum og hægt er.
- o Hugað verði sérstaklega að göngu- og hjóltreidastígum með það að leiðarljósi að þeir tengist atvinnu- og útivistarsvæðum.
- o Umferðaröryggi gangandi vegfarenda verði bætt með hraðatakmarkandi aðgerðum við útjaðra byggðarinnar.

Flokkun gatnakerfis bæjarins miðast við hefðbundna flokkun gatna í stofnbrautir, tengibrautir, safngötur og húsagötur. Samkvæmt skipulagsreglugerð er einungis gerð grein fyrir stofnbrautum og tengibrautum á skipulagsupprætti. Safngötur og húsagötur eru teknar saman undir samheitinu „aðrar götur“ og eru einungis sýndar til skýringar á upprætti.



Mynd 32. Urðargata á Patreksfirði.



Mynd 33. Gatnamót Tjarnarbautar og Lönguhlíðar á Bíldadal.

Patreksfjörður

Stofnbrautir

Þjóðvegur 62 (Barðastrandavegur) og 63 (Bíldudalsvegur) liggja inn í þéttbýli Patreksfjarðar og flokkast þeir sem stofnbrautir. Ekki er gert ráð fyrir flutningi þeirra, en huga þarf að öryggi gangandi vegfarenda. Þá sérstaklega við innkomu í þéttbýlið.

Tengibrautir

Tengivegir eru aðalumferðargötur bæjarins. Þær tengja aðliggjandi bæjarhluta innbyrðis og við stofnvegakerfið. Uppbygging tengibrauta mun fylgja uppbyggingu aðliggjandi hverfa. Tengibrautir á Patreksfirði eru Mikladalsvegur, Strandgata, Aðalstræti og hluti af Sigtúni.

Safnbrautir

Safngötur eru helstu umferðargötur innan hvers hverfis fyrir sig og eru þær sýndar til skýringar á skipulagsupprætti. Þær tengja húsagötur við tengi- og stofnbrautir. Uppbygging safngatna mun fylgja uppbyggingu íbúðarhverfa og lega þeirra ákvarðast nánar í deiliskipulagi.

Göngu- og hjóleiðir

Skilgreint er stofnkerfi göngustíga innan byggðar og hvernig stígakerfi tengist jaðarsvæðum byggðarinnar. Útivistarstígar liggja um óbyggð svæði, útivistarsvæði bæjarins og utan byggðar. Útfærsla þeirra og vetrarviðhald fer eftir aðstæðum á hverjum stað.

Bíldudalur

Stofnvegirnir Bíldudalsvegur og Ketildalavegur/Dalbraut og Tjarnarbraut liggja innan þéttbýlis á Bíldadal. Ekki er gert ráð fyrir flutningi vegarins, en huga þarf að öryggi gangandi vegfarenda. Ekki er gert ráð fyrir flutningi þeirra, en huga þarf að öryggi gangandi vegfarenda. Þá sérstaklega við innkomu í þéttbýlið.

Tengibrautir

Tengivegir eru aðalumferðargötur bæjarins. Þær tengja aðliggjandi bæjarhluta innbyrðis og við stofnvegakerfið. Uppbygging tengivega mun fylgja uppbyggingu aðliggjandi hverfa. Engir tengivegir eru á Bíldadal.

HITAVEITA

Til hitaveitna telst stofnkerfi veitnanna, þ.e. flutningskerfi frá upptökum að dreifikerfi. (Sjá einnig gr. 4.17 í skipulagsreglugerð).

FRÁVEITA

Til fráveitu teljast rotprær og stofnkerfi fráveitu, þ.e. flutningskerfi frá upptökum að dreifikerfi. (Sjá einnig gr. 4.17 í skipulagsreglugerð).

VATNSVEITA

Til vatnsveitu teljast stofnkerfi veitunnar, þ.e. flutningskerfi frá upptökum að dreifikerfi. (Sjá einnig gr. 4.17 í skipulagsreglugerð).

Safnbrautir

Safngötur eru helstu umferðargötur innan hvers hverfis fyrir sig og eru þær sýndar til skýringar á skipulagsupprætti. Þær tengja húsagötur við tengi- og stofnbrautir. Uppbygging safngatna mun fylgja uppbyggingu íbúðarhverfa og lega þeirra ákvarðast nánar í deiliskipulagi.

3.14 VEITUR**3.14.1 Hitaveita****Markmið:**

- a. Stefnt er að því að sem stærstu hluti byggðar í Vesturbyggð njóti hitaveitu.

Leiðir:

- o *Haldið verði áfram rannsóknum og möguleikum á að nýta jarðhita til hita upp húsnæði sem víðast í Vesturbyggð.*

3.14.2 Fráveita**Markmið:**

- a. Stefnt er að því að frárennslisrásir verði leiddar út fyrir stórstraumsfjöru.

Leiðir:

- o *Hagkvæm lausn verði fundin á frárennslismálum sveitarfélagsins í dreifbýli.*

3.14.3 Vatnsveita**Markmið:**

- a. Stefnt er að því að öll byggð í þéttbýli í Vesturbyggð njóti nægjanlegs og góðs neysluvatns.

Leiðir:

- o *Sveitarstjórn vinni markvisst að auka við þjónustu vatnsveitunnar*
- o *Sveitarfélagið sjái til þess að vatnsból verði afgirt og engar framkvæmdir sem gætur ógnað vatnsverndarsvæðum verði leyfðar á grann- eða fjarsvæðum þeirra.*

Patreksfjörður og Bíldudalur eru tengd vatnsveitu og er borholur staðsettar ofan og utan byggðar sjá kafla 2.4.3. Vísað er í þéttbýlisupprátt til að sjá legu stofnæða í þéttbýlinu.

3.14.4 Rafveita

Markmið:

- a. Stefnt er að því að öll byggð njóti raftengingar á sem hagstæðasta verði.

Leiðir:

- o Gert er ráð fyrir að allar nýlagnir 33 kV og með lægri spennu verði settar í jörð.*

Þéttbýli í Vesturbyggð er tengt stofnæðakerfi og er rafmagn notað til húshitunar. Vísað er í þéttbýlisupprátt til að sjá legu stofnæða í þéttbýlinu.

3.15 SVÆÐI UNDIR NÁTTÚRUVÁ

Markmið:

- a. Spornað verði við landbroti af völdum sjávargangs með styrkingu og viðhaldi sjóvarnargarða.
- b. Hættusvæði vegna ofanflóða verði kortlögð enn frekar.
- c. Þess verði gætt að íbúðarbyggð og sumarbústaðasvæði verði ekki skipulögð á hættusvæðum
- d. Metin verði þörf á endurbótum vegakerfis vegna ofanflóðahættu, þ.m.t. hugsanlegan flutning á vegarstæðum

Í skipulagsreglugerð (nr. 400/1998) kafla 4.18, sem fjallar um *svæði undir náttúruvá* segir m.a. að í svæðis- og aðalskipulagi skuli auðkenna og gera grein fyrir svæðum undir náttúruvá, staðsetningu þeirra, hvaða landnotkun er fyrirhuguð á svæðunum og hvaða reglur gilda á hverju þeirra um umgengni og mannvirkjagerð. Jafnframt skal gera grein fyrir byggðum eða fyrirhuguðum varnavirkjum. Í deiliskipulagi skal síðan útfæra þetta nánar m.a. skilyrði um styrkingu og útfærslu mannvirkja.

Flóðasvæði

Ágangur af völdum sjávar er einkum á svæðum sem standa lágt við sjó.

RAFVEITA

Til rafveitna telst stofnkerfi veitnanna, þ.e. flutningskerfi frá upptökum að dreifikerfi ásamt helgunarsvæðum. (Sjá einnig gr. 4.17 í skipulagsreglugerð).

Ofanflóð

Gerð hefur verið úttekt á hættusvæðum á þéttbýlisstöðunum Patreksfirði og Bíldudal á skipulagssvæðinu í matsskýrslunum "Mat á hættu vegna ofanflóða á Patreksfirði Vesturbyggð og Mat á hættu vegna ofanflóða á Bíldudal Vesturbyggð. Hættusvæði eru skilgreind í þrjá flokka:

- Hættusvæði A er þar sem staðaráhætta* er 0,3 til 1 af 10.000 á ári.
- Hættusvæði B er þar sem staðaráhætta er 1 til 3 af 10.000 á ári.
- Hættusvæði C er þar sem staðaráhætta er meiri en 3 af 10.000 á ári.

** Staðaráhætta er skilgreind sem árlegar dánarlíkur einstaklings af völdum ofanflóða ef dvalið er öllum stundum í óstyrku einbýlishúsi.*

Á Patreksfirði stafar nokkur hættu af aurskriðum og grjóthruni úr hlíðinni ofan byggðarinnar og samkvæmt niðurstöðum hættumats stafar nokkur hættu af grjóthruni við Hóla, Aðalstræti og Stekka. Víðast hvar næst fjallinu er líka hættu af aurskriðum. Náttúrvá af þessu tagi getur valdið efnislegu tjóni og er rétt að taka tillit til þeirra við skipulag.

Hættusvæði vegna snjóflóða á Patreksfirði ná til mikils hluta byggðarinnar. Hættumetna svæðinu var skipt í fimm hluta en þeir eru Vatneyrarsvæði, Klif, Geirseyrargil, Sigtúnssvæði og svæði austan Litladalsár. Svigrúm til varna er lítið en varnavirki hafa verið hönnuð fyrir hluta hættusvæðanna.¹⁵

Í aðgerðaráætlun vegna ofanflóðahættu fyrir Patreksfjörð er gert ráð fyrir eftirtöldum vörnum: (tekið orðrétt úr aðgerðaráætluninni)

1. Vatneyri: Mjög þröngar aðstæður til byggingar varna. Brattir þvergarðar til hliðanna og leiðigarðar næst aðalfarveginum. Stoðvirki á hluta upptakasvæðis. Snjósöfnunargrindur á fjallinu ofan upptakasvæðisins.
2. Klif: Mjög þröngar aðstæður til byggingar varna. Brattur þvergarður ofan húsanna (10 m hár). Hugsanlega snjósöfnunargrindur á fjallinu ofan upptakasvæðisins.
3. Stekkagil: Leiðigarðar og renna í aurkeiluna neðan gilsins og niður í gegnum byggðina. 7 hús þurfa að víkja fyrir rennunni og gördunum. Hæð leiðigarða frá botni rennu 8-10 m.
4. Sigtúnssvæði: Brattur þvergarður ofan byggðarinnar. Snjósöfnunargrindur á fjallinu ofan upptakasvæðisins.

¹⁵ Hættumatsnefnd Vesturbyggðar, Mat á hættu vegna ofanflóða á Patreksfirði, Vesturbyggð, 2003

5. *Svæði austan Litladalsár: Styrking og víkkun farvegarins í ofanverðri byggðinni. Hugsanlega vörn einstakra húsa í neðanverðri byggðinni.*

Á Bíldudal stafar umtalsverð hættu af aurskriðum og grjóthruni úr hlíðinni ofan byggðarinnar og nokkur skaði hefur hlotist af þeim. Helst er hættu á grjóthruni víða við efstu hús og á það einkum við á Búðargilshrygg utanverðum og utan hans. Sömuleiðis er hættu vegna aurskriða víða í byggðinni.

Hættusvæði vegna snjóflóða ná til meirihluta byggðarinnar. Svæðinu var skipt í fimm hluta en þeir eru hlíðin innan Gilsbakkagils, Gilsbakkagil, Milligil, Búðargil og hlíðin utan Búðargils. Svigrúm til varna á svæðinu er nokkuð og hugmyndir um varnir hafa verið settar fram en ekki verið hannaðar.¹⁶

Í aðgerðaráætlun vegna ofanflóðahættu fyrir Bíldudal er gert ráð fyrir eftirtöldum vörnum: (tekið orðrétt úr aðgerðaráætluninni)

1. *Búðargil: Tiltölulega góðar aðstæður til byggingar snjóflóðavarna. Leiðigarður til að beina flóðum til norðurs niður keiluna frá aðalbyggðinni, aðhald hinum megin frá til varnar húsum þar. Uppkaup 5-10 húsa.*
2. *Gilsbakkagil: Tiltölulega góðar aðstæður til byggingar snjóflóðavarna. Til greina kemur að byggja leiðigarð til að beina flóðum til norðurs niður keiluna líkt og undir Búðargili. Einnig kemur til greina að reisa þvergarða/leiðigarða til að beina snjóflóðum niður eftir miðri keilunni. Líklegt er að kaupa þurfi upp einhver hús.*
3. *Milligil: Þvergarðar til að verjast aurflóðum og grjóthruni, hugsanlega aðeins lagfæring eða hækkun garða sem þegar eru ofan byggðarinnar. Lagfæring á farvegum í gegnum bæinn ásamt ræsum undir götur. Hugsanlega uppkaup húsa á C-svæði.*

Jarðskjálftar og eldvirkni

Skipulagssvæðið liggur utan helstu jarðskjálftasvæða landsins og engin hættu er talin á eldvirkni. Ljóst er að skipulagssvæðið er utan jarðskjálfta- og eldgosasvæða, en vitað er um að á ýmsum svæðum er töluverð hættu vegna snjóflóða og skriðufalla.

Aðrar náttúruhamfarir Ekki er talin sérstök hættu á öðrum náttúruhamförum.

¹⁶ Hættumatsnefnd Vesturbyggðar, Mat á hættu vegna ofanflóða á Bíldudal, Vesturbyggð, 2003

4 HEIMILDIR

Ritaðar heimildir:

Alþingi 1997: Skipulags- og byggingarlög m.s.b. Stjórnartíðindi A, nr. 73/1997, 23 bls.

Atvinnuþróunarfélag Vestjarða, Ferðamálasamtök Vestfjarða 2004:
...náttúrufegurð, kyrrð, gott mannlíf og blómstrandi, 36 bls.

Byggðastofnun 1999: Byggðir á Íslandi, aðgerðir í byggðamálum, 42 bls.

Byggðastofnun 1999: Byggðir á Íslandi, aðgerðir í byggðamálum, 42 bls.

Byggðastofnun 2001: Byggðarlög í sókn og vörn, Svæðisbundin greining á styrk, veikleika, ógnunum og tækifærum byggðarlaga á Íslandi, 188 bls.

Ferðamálaráð Íslands 2002: Auðlindin Ísland, 56 bls.

Félagsmálaráðuneytið 2005: Lokatillögur nefndar um sameiningu sveitarfélaga, 63 bls.

Fjórðungssamband Vestfirðinga 2004: Sameiningarkostir sveitarfélaga á Vestfjörðum, 18 bls.

Fjórðungssamband Vestfirðinga 2004: Samgöngur á Vestfjörðum, 9 bls.

Fornleifastofnun Íslands: Svæðisskráning Fornleifa.

Gallup 2003: Könnun yfir ferðavenjur á Vesturlandi.

Góð ráð ehf. 2002: Úttekt á samfélagslegum áhrifum fyrirhugaðrar kalkpörungavinnslu á sunnanverðum Vestfjörðum, 40 bls.

Guðríður Þorvarðardóttir 1999: Verndaráætlun Breiðafjarðar.

Húsafriðunarnefnd ríkisins 2000: Skrá yfir friðuð hús, lög reglugerðir og samþykktir, 133 bls.

Hættumatsnefnd Vesturbyggðar 2003: Mat á hættu vegna ofanflóða á Bíldudal, Vesturbyggð, greinargerð með hættumatskort.

Hættumatsnefnd Vesturbyggðar 2003: Mat á hættu vegna ofanflóða á Patreksfirði, Vesturbyggð, greinargerð með hættumatskort.

Náttúruverndarráð 1996: Náttúruminjaskrá. Skrá um friðlýst svæði og aðrar náttúruminjar. Reykjavík, 7. útgáfa, 64 bls.

Náttúrufræðistofnun Íslands, Verndarsvæði vatnsbóla í Vesturbyggð, 1998.

Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri 2004: Háskólanámssetur á Vestfjörðum.

Samgönguráðuneytið 2001: Samgönguáætlun 2003-2014. Tillaga stýrihóps.

Samgönguráðuneytið 2002: Þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002-2005.

Samgönguráðuneytið 2003: Þingsályktun um samgönguáætlun 2003-2006. Samgöngur á nýrri öld.

Siglingastofnun Íslands 2004: Yfirlitsskýrsla um sjóvarnir árið 2004, 121 bls.

Skipulagsstofnun 2003: Leiðbeiningar um gerð Aðalskipulags

Skipulagsstofnun 2005: Leiðbeiningar um flokkun umhverfispátta, viðmið og vægi umhverfisáhrifa.

Veiðimálastofnun 2005: Lax- og silungsveiðin 2004, 29 bls.

Vesturbyggð og Tálknafjörður 2004: Atvinnumálastefna fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu 2004-2008, 30 bls.

Vefsíður:

Byggðarannsóknarstofnun Íslands: www.brsi.is

Flugmálastjórn Íslands: www.caa.is

Frjálsa alfræðiritið: <http://is.wikipedia.org>

Hagstofa Íslands: www.hagstofan.is

Húsafriðunarnefnd ríkisins: www.hfrn.is

Landsvirkjun: www.lv.is
Nordic Adventure Travel: www.nat.is
Orkustofnun: www.os.is
Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi: www.ssv.is
Siglingastofnun Íslands: www.sigling.is
Suðurlandsskógar: www.sudskogar.is
Umhverfisstofnun: www.ust.is
Veðurstofa Íslands: www.vedur.is
Vegagerð ríkisins: www.vegagerdin.is
Vestfjarðavefurinn: www.vesturland.is
www.travelnet.is